

Hringrás lífsins á Litla-Hrauni



Björg Elisabet Egisdóttir hefur starfað sem fanga-vörður í 20 ár á Litla-Hrauni og hefur lengstan starfsaldur kvenna í fangavardastétt. Hún segir starf fangavarda vanmetið, þeir séu mikilvægur stuðningur við fanga og aðstandendur þeirra. ➔24



Minning um Högnu
Högna Sigurðardóttir var róttæk fyrirmynd

➔30



Fastir í martröð
Gengi Leicester er afleitt á yfirstandandi tímabili

➔34

Steve Bannon
Maðurinn á bak við tjöldin í Hvíta húsinu



➔28

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

2 MARAÞON
NOW
3 MÍN AÐ SKRÁ SIG
DAGAR FRÍTT
2now.is | 365

N1 kortið færir þér bæði afslátt og punkta

N1



Sæktu um N1 kortið á n1.is

SMÁRALIND


BRAGÐAREFUR Í SMÁRALIND

FINNUR ÞÚ LAUSNINA?



OPIÐ TIL 18 Í DAG

Veður



Norðaustankaldi með slyddu við norðausturströndina á morgun, en annars yfirleitt hægviðri viðast hvar í dag og úrkomulítið. **SJÁ SIÐU 48**

Mótmæla tillögu um vegatolla

SAMGÖNGUR „Skattlagning á einstakar leiðir gengur gegn jafnræði íbúa,“ segir bæjarráð Árborgar um áform nýs samgönguráðherra, Jóns Gunnarssonar, um vegatolla á tiltekna leiðir á Þjóðvegum.

„Bæjarráð Árborgar mótmælir harðlega þeim hugmyndum sem hafa komið fram um að leggja vegatolla á Suðurlandsveg. Bæjarráð bendir á að ríkissjóður hefur umtalsverðar tekjur af bílaeign landsmanna,“ segir í bókun. Ráðherrann segir vegatollana ætlaða til að fjármagna vegaframkvæmdir. Horfir Jón til Reykjanesbrautar, Vesturlandsvegar norður í Borgarnes og Suðurlandsvegar austan Selfoss. –gar



Jón Gunnarsson
samgönguráðherra

Fimm milljörðum minni hagnaður

VIÐSKIPTI Hagnaður fasteignafélagsins Reita á síðasta ári var 2.417 milljónir króna. Það er nokkur lækkun frá árinu á undan þegar hagnaðurinn var 7.397 milljónir. Þetta kemur fram í ársreikningi fasteignafélagsins sem var samþykktur á fundi stjórnar í gær. Hagnaður á hlut var 3,3 krónur samanborið við 9,8 krónur árið 2015.

Leigutekjur Reita námu rúmum tíu milljörðum króna á árinu sem er 12,4 prósentum meira en árið 2015.

„Við hjá Reitum erum bjartsýn á rekstrarhorfur ársins 2017. Við gerum ráð fyrir áframhaldandi vexti eignasafnsins á árinu, bæði með kaupum á fasteignum og fasteignapróun, til dæmis á Laugavegi 176 og á Krínglureit,“ segir í tilkynningu frá Guðjóni Auðunssyni forstjóra sem send var fjölmiðlum í gærkvöldi. –þea

Ólöf Nordal jarðsöngin frá Dómkirkjunni



Útför Ólafar Nordal fór fram í Dómkirkjunni í gær. Kistuberar voru þau Marta Nordal, systir Ólafar, Bjarni Benediktsson, Jón Gunnarsson, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Ásthildur Sturludóttir og Ingibjörg Jóhannsdóttir, samherjar Ólafar úr Sjálfstæðisflokknum, Ögmundur Skarphéðinsson, mágur og Gunnar Haraldsson vinur hennar. Á eftir fylgja Tómas Már Sigurðsson eiginmaður Ólafar og börnin þeirra fjögur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Grunaður um þrjú kynferðisbrot

LÖGREGLUMÁL Maður, sem grunaður er um kynferðisbrot gegn þremur konum á hóteli á Hvolsvelli um síðustu helgi, hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 14. mars á grundvelli almannahagsmuna.

Atvikin þrjú sem um ræðir áttu sér stað á árhátíð sem haldin var á hótelinu um helgina en maðurinn er spænskur og starfar sem kokkur hjá fyrirtækinu sem hélt árhátíðina.

Árshátíðin stóð yfir frá sunnudegi en á mánudag var maðurinn handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald til föstudags.

Þá var hann grunaður um brot gegn tveimur konum en þriðja kærar bættist við í vikunni og þá var tekin ákvörðun um langt gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmuna. –snæ

Fylgdarlaus börn auka álag á barnavernd

Þrjú fylgdarlaus börn hafa þegar komið til landsins það sem af er ári. Þeim fjölgaði stórlega í fyrra. Framkvæmdastjóri barnaverndar segir þau auka álagið á barnaverndarkerfið. Ágætlega hefur gengið að finna fösturfjölskyldur.

HÆLISLEITENDUR Álag á starfsmenn barnaverndar Reykjavíkur hefur aukist verulega vegna þeirra fylgdarlausu barna sem hingað hafa komið undanfarna mánuði og sækja um alþjóðlega vernd.

Fylgdarlausum börnum sem koma til Íslands fjölgaði verulega árið 2016 þegar tuttugu einstaklingar komu, þar af tólf til Reykjavíkur. Fram að því höfðu um eitt til tvö börn komið á ári. Aldursgreining leiddi í ljós að af tólf fyrrgreindum einstaklingum reyndust fjórir átján ára eða eldri. Hinir voru börn sem barnavernd liðsinnir nú. Það sem af er árinu 2017 hafa þrjú fylgdarlaus börn bæst við. Tvö börn komu í janúar og eitt barn er nú þegar komið í febrúar.

Til marks um auknið álag má nefna að í Efra-Breiðholti er rekið heimili fyrir unglinga sem geta ekki verið heima hjá foreldrum sínum af ýmsum ástæðum. Úrræðið er hugsað fyrir börn í félagslegum vanda en á síðasta ári var það að stórum hluta undirlagt af erlendum fylgdarlausum börnum. „Sem þýddi að það hlutverk sem heimilinu var ætlað varð eitthvað allt annað,“ segir Halldóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur.

Halldóra segir það hafa verið rætt að búa til sérstakt heimili til þess að draga úr álagi á heimilið í Efra-Breiðholti. „En enn þá vill fólk fara þessa leið sem Barnaverndarstofa talar fyrir, að reyna að koma þeim fyrir á heimilum fólks með fjölskyldu,“ segir hún.

Halldóra segir að það hafi gengið þokkalega að koma börnunum fyrir



Þegar fylgdarlaust barn á Íslandi hefur gefið sig fram við lögreglu fær barnið greiningarviðtal í Barnahúsi og lækni skoðun. Svo er málið unnið áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Því eldri sem börn eru þegar þau fara í föstur þeim mun flóknara getur það verið.

Halldóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur

3

fylgdarlaus börn hafa komið til landsins á þessu ári



hjá fösturforeldrum, en fösturforeldrunum hafi gengið misjafnlega með börnin.

„Bara eins og alltaf þegar börn fara í föstur og því eldri sem börn eru þegar þau fara í föstur þeim mun flóknara getur það verið. Við höfum sögur um mál sem hafa gengið glimrandi vel og svo eru önnur mál sem hafa ekki gengið eins vel,“ segir Halldóra og bendir á að það hafi komið upp vandamál vegna tungumála eða ólíkra menningarheima. Hún segir nokkur dæmi þess efnis að vist hjá fösturforeldrum hafi ekki gengið upp og börnin því þurft að fara þaðan. „Það er ekki algengt en það gerist og þá verðum við bara að taka stöðuna út frá því.“

jonhakon@frettabladid.is

Betri ferð

fyrir betra verð

- vita.is

Kanarí í sumar!

Frábær fjölskyldustaður
28. júní, 7 nætur á hóteli
Caybeach Meloneras.

Verð frá
69.900 kr.

á mann m.v. 6 í smáhýsi, mest 5 f.,
á 2 hæðum með 2 svefnherbergjum.

vita

KONU DAGUR

í Blómavali

Konudagurinn er á sunnudag
Glæsilegir kaupaukar fylgja öllum vöndum
meðan birgðir endast

Kaupaukar:

2 fyrir 1 í bíó
Fifty Shades Darker

BRUGGHÚSIÐ
afsláttarmiði

Apotekið
afsláttarmiði

Crabtree & Evelyn
Handáburður að verðmæti
1.049 kr fylgir



Konudagsvöndur
4.990kr



Túlípanar 10 stk
1.190kr
~~1.490kr~~

-26%
Orkidea
1.990kr
~~2.690kr~~



-20%
Aida túlípanavasi
hvítur, glær
eða reyklitaður
2.790kr
~~3.490kr~~



-33%
Ástareldur
10,5 cm pottur
999kr
~~1.490kr~~



TÖLUR VIKUNNAR 12.02.2017 - 18.02.2017

100 milljónir

króna greiddi Landspítalinn fyrir leigubílaferðir starfsfólks árið 2016.

43% minnkun hefur orðið á útstreymsi gróðurhúsalofttegunda frá sjávarútvegi síðan 1990.**99** brot voru skráð í janúar vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.**19.000 farþegar** fóru um Vestmannaeyjaflugvöll í fyrra – en þeir voru 55.000 árið 2010.**213 milljarðar** var heildarvelta íslenska heilidsölu-markaðarins árið 2015.**15.000**

manns, vegna fjölgunar ferðamanna, geta á góðum sumardegum verið á hættusvæði vegna Kötlugoss.

5,1 milljarð ætla stóru tryggingafélögin þrjú að greiða eigendum sínum í arð fyrir árið 2016.**Þrjú í fréttum**
Verkfall og leigubílar**Brynjar Kristgeirsson,**
framkvæmdastjóri VSV.

Sjómannaverkfallið stóð yfir alla vikuna og voru menn langeygir eftir lausn. Fréttablaðið sagði frá því að stjórnendur Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum hafa nýtt tímann til að ræða viðbúnað og öryggismál vegna Kötlugoss og hugsanlegrar flóðbylgju. „Svona hlaup eru ekki algeng en við viljum undirbúa okkur í framkvæmd og vinnubrögðum ef þetta kemur upp,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri VSV.

**Pór Saari**

Álftmesingur

Talsvert af landi á Hliðsnesi á Álftanesi hefur horfið vegna ágangs sjávar auk þess sem sjór flæðir ítrekað yfir veginn, segja íbúar þar. „Þetta gerist þegar það fer saman mjög há sjávarstaða og stormur úr suðvestri,“ segir Pór Saari, einn íbúa. Biðlað er til bæjaryfirvalda að byggja sjóvarnargarð til að stemma stigu við frekara landbroti.

**María Heimisdóttir**
fjármálastjóri spítalans

Kostnaður Landspítalans vegna leigubíla er um hundrað milljónir á hverju ári. Ástæðan er dreifð starfsemi spítalans. „Við erum með okkar starfsemi á sautján stöðum í meira en 100 bygg-ingum,“ segir María Heimisdóttir, fjármálastjóri spítalans. Hluti kostnaðar fellur til vegna þess að starfsfólk þarf að komast til eða frá vinnu á tímum þegar strætisvagnar eru ekki á ferð.

**Vita ekki hversu mikið slapp**

Ekki er enn hægt að meta hversu mikið af 200 tonnum af regnbogasilungi slapp úr sjóeldiskví Arctic Sea Farm í Dýrafirði. Mikið magn regnbogasilungs úr sjóeldi veiddist í ám í fyrra á Vestfjörðum.

NÁTTÚRA Ekki er ljóst hversu mikið af regnbogasilungi hefur sloppið úr sjóeldiskví eldisfyrirtækisins Arctic Sea Farm, en fyrirtækið tilkynnti á fimmtudag að við slátrun á regnbogasilungi úr kví fyrirtækisins í Dýrafirði, kom í ljós gat við botn kvíar. Að öllu eðlilegu hefðu í kringum 200 tonn af sláturfiski átt að vera í kvinni.

Í tilkynningu fyrirtækisins á fimmtudag segir að hér kunni „að vera falin meginskýringin á mögulegri slyasleppingu regnbogasilungs sem fjallað var um síðastliðið haust, þegar engin skýring fannst á því hvaðan regnbogasilungur væri upprunninn sem veiddist í ám á Vestfjörðum.“

Sigurður Pétursson, framkvæmdastjóri Arctic Sea Farm, segir í viðtali við Fréttablaðið að ekki verði ljóst hve mikið slapp fyrir en búið er að slátra öllum fiski úr kvinni. Málið sé bagalegt fyrir fyrirtækið en valdi starfsmönnum þess jafnframt töluverðum heilabrotum. Margsinis hafi kaðarar skoðað kvíar fyrirtækisins en aldrei fundið neitt sem skýrt gæti það magn regnbogasilungs sem sannarlega var á ferðinni í ám og inni á fjörðum á Vestfjörðum. Reyndar veiddist regnbogasilungur í ám í öllum landshlutum í fyrrasumar og haust – en ósannað er hvaðan hann kemur. Þó liggur fyrir að hann kemur allur frá sjóeldi því regnbogasilungur lifir ekki villtur í íslensku náttúru.

Gatið á kvinni er við botn hennar. Fiskurinn heldur sig hins vegar ofarlega í kvinni sem getur skýrt af hverju hann er ekki allur þegar sloppinn. Um 50.000 seiði voru sett í kvína sem skila áttu 200 tonnum af sláturfiski.

Sigurður vill koma því á framfæri að með tilkomu fjárfesta og uppbyggingu í greininni sé endurnýjun í búnaði í anda nýrra reglna, en kvíin sem hér um ræðir er úrelt samkvæmt þeim. Sigurður segir að þessar eldri kvíar verði ekki notaðar framvegis eftir að slátrun lýkur úr þeim og segir aðspurður að menn hafi talið óhætt að biða með endurnýjun þangað til



Stangveiði er byggð á mynd hreinleika íslenskrar náttúru – regnbogasilungur ógnar þeirri mynd. MYND/ÞRÓSTUR

Uppruni regnbogans órekjanlegur

Fréttablaðið fjallaði um slyasleppingu regnbogasilungs úr sjókvíum frá miðju sumri og langt fram á haust. Ljóst var þá að um tvær slyasleppingar var að ræða. Annars vegar hjá fyrirtækinu Fiskeldi Austfjarða sem tilkynnti til Fiskistofu að regnbogasilungur hefði sloppið úr sjókví fyrirtækisins í Berufirði. Hins vegar var ljóst að regnbogasilungur veiddist

í ám um alla Vestfirði en uppruni hans var ókunnur.

Fékk Fréttablaðið staðfest að miðað við stöðu þekkingar er afar erfitt að rekja hvaðan regnbogasilungur, sem sleppur úr sjókvíum hér við land, kemur. Allur regnbogi sem hér er alinn kemur frá sama seiðaeldisfyrirtækinu í Danmörku – og því allur að upplagi skyldur.

200

tonn af regnbogasilungi var í kvinni í Dýrafirði.

**Sigurður Pétursson**
framkvæmdastjóri Arctic Sea Farm

slátrað hefði verið úr þeim – en tvö ár eru liðin síðan seiði voru sett út.

Landssamband veiðifélaga (LV) hefur gagnrýnt sjókvíaeldi harðlega misserum saman og ekki síst varað við slyasleppingum á laxi vegna þeirrar hættu sem stafar að íslenska laxastofninum vegna erfðamengunar. Slik hætta er ekki fyrir hendi vegna regnbogasilungs, en slyasleppingar hans taldar sýna veikleika alls sjókvíaeldis. Félagið hefur kært slyasleppingar á regnbogasilungi til lögreglu. Landssambandið telur atvikið nú svo alvarlegt að það hljóti að leiða til sviptingar rekstrarleyfis Arctic Sea Farm.

Matvælastofnun, eftirlitsaðili fiskeldis, hefur ekki slegið því föstu að málið tengist þeim regnbogasilungi sem veiddist í fyrra.
svavar@frettabladid.is

KOMDU OG PRUFADU**OPIÐ Í DAG LAUGARDAG 12 - 16****Margar góðar reynsluakstursleiðir í nágrenni Mosfellsbæjar.****Tökum vel á móti þér!
Rjúkandi Lavazza kaffi á könnunni.****Jeep****ÍSABAND**
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBODUmboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

— NÝ — COROLLA

Lengi býr að fyrstu gerð



Verð frá: 3.180.000 kr.

^{keypti}
Mest seldi bíll í heimi!

Ný Corolla er enn eitt skrefið á 50 ára sigurgöngu. Ný hönnun með flæðandi línur að utan og fágúð gæðasmíð með aukið rými að innan. Njóttu þess að horfa fram á veginn yfir endurhannað mælaborð með margmiðlun og tækni fyrir afþreyingu og örugga ferð í þægilegum akstri. Finndu hvað gerir Corolla að mest keypta bíl í heimi.

• Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Miðstöð íslenskra bókmennta
auglýsir eftir umsóknum um

Útgáfu- og þýðingastyrki

Útgáfustyrkjum er ætlað að styðja við útgáfu og miðlun íslenskra ritverka

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2017
Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar á www.islit.is

Þýðingastyrkjum er ætlað að stuðla að þýðingum erlendra fagurbókmennta og fræðiritna á íslensku

Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

Fundur verður haldinn til að kynna ferðir ársins 2017 á Hótel Natura (Loftleiðahótelinu)

Þriðjudaginn 21. febr. 2017 kl. 20:00

Kaffiveitingar, verð kr. 2.900,-

Upplýsingar um ferðir ársins 2017 er hægt að finna á <http://orlofrvk.123.is/> Hægt er að nálgast upplýsingar og bækling á skrifstofunni að Hverfisgötu 69, á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum, milli klukkan 16:30 til 18:00, í mars og apríl 2017 og í síma 551-2617/864-2617 á sama tíma.

„Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof.“

Nefndin



KJARVALSSTOFA Í PARÍS

Reykjavíkurborg

er stúdíóbúð/vinnuaðstaða, sem ætluð er til dvalar fyrir listamenn. Stofan er í eigu Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands. Kjarvalsstofa er staðsett í miðborg Parísar, skammt frá Notre Dame dómkirkjunni.

Þeir sem í stofunni dvelja greiða dvalargjöld sem ákveðin eru af stjórn Cité Internationale des Arts er rekur stofuna og miðast við kostnað af rekstri hennar. Á árinu 2017 verða þau 522 € evrur á mánuði fyrir einstakling. Tekið skal fram að úthlutun er lágmark tveir mánuðir í senn en vegna fjölda umsókna undanfarin ár hefur dvalartími að jafnaði ekki verið lengri en 2 mánuðir. Dvalargestir skuldbinda sig til að hlíta reglum Cité Internationale des Arts varðandi afnot af húsnæði og vinnuaðstöðu, þ.á.m. er ætlast til að þeir nýti stofuna allan úthlutunartíma sinn. Stjórn Cité Internationale des Arts leggur áherslu á að dvalartímin sé vel nýttur í vinnu umsækjanda að list sinni.

Auglýst er eftir umsóknum um afnot af Kjarvalsstofu fyrir tímabilið 1. ágúst 2017 til 31. júlí 2018. Sótt er um á [Rafrænni Reykjavík](http://Rafrænni.Reykjavik.is), rafraen.reykjavik.is. Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2017. Frekari upplýsingar veitir skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs í s. 411-6020 eða á netfanginu menning@reykjavik.is.

Stjórn Kjarvalsstofu í París

MIÐVIKUDAGA KL. 19:25

MEISTARA MÁNUÐUR
ÍSLANDBANKA

365.is | Sími 1817

Dansbylting í Hörpu



Árleg dansbylting UN Women, Milljarður rís, var haldin í Hörpu á vegum UN Women á Íslandi og í samstarfi við Sónar Reykjavík og Nova í gær. Dönsuðu þar fjölmargir til að mótmæla ofbeldi gegn konum og heiðra minningu Birnu Brjánsdóttur. DJ Margeir sá gestum Silfurbergs Hörpu fyrir tónlist til að dansa við. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Héldu á fund ráðherra seint í gærkvöld

KJARAMÁL Samninganefndir SFS og sjómanna voru boðaðar hvor í sínu lagi á fund sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, á tíunda tímanum í gærkvöldi. Hvorki útgerðarmenn né sjómenn vildu tjá sig um efni fundarins á leið sinni út af fundi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lagði ráðherra fram tillögu til að miðla málum í deilunni og var henni ágætlega tekið að sögn eins heimildarmanns blaðsins.

Eftir fundinn lá leið samninganefnda í Karphús ríkissáttasemjara þar sem tillaga ráðherra var rædd. Þeim fundi var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun laust fyrir klukkan ellefu í gærkvöldi.

Í samtali við fréttastofu í gær sagði Þorgerður Katrín línu sína hafa verið skýra hvað varði aðkomu ráðherra að deilunni. Hún vilji almennar reglur en ekki sérreglur. Þá svaraði hún því ekki hvort það kæmi til greina að fæðispeningar sjómanna verði skattfrjálsir. Frá því hefur verið greint að samningur



Samninganefndir sjómanna og SFS mættust í anddyri sjávarútvegsráðuneytisins við Skúlagötu í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

» Sjómenn hafa nú verið í verkfalli í níu vikur.

á milli aðila sé tilbúinn að frátöldum atriðum er varða mögulegan skattaafslátt. Sjómenn hafa nú verið í verkfalli í um níu vikur. – þea



Fimm ára ábyrgð



1975 | Bílabúð Benna | 2015

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verk og þann líknað sem myndir eru af þar uppbyggingar eru bítlar með fyrirvara um villur.




TIVOLI FJÓRHJÓLADRIFINN SPORTJEPPI

RÍKULEGA BÚINN / SJÁLFSKIPTUR / FRÁBÆRT VERÐ

Bílabúð Benna kynnir sportjeppann Tivoli, nýjasta smellinn frá bílaframleiðandanum SsangYong í Suður Kóreu. Sportjeppinn Tivoli er allt í senn, flottur, ríkulega búinn, fjórhjóladrifinn og einstaklega lipur í akstri. Tivoli er fyrir þá kröfuhörðu sem kunna að meta stílhreina hönnun, gegnheil gæði og frábært verð. Hann fæst líka í extra langri XLV útgáfu.

TIVOLI – VERÐ FRÁ: 3.290.000 KR.

TIVOLI XLV – VERÐ FRÁ: 3.890.000 KR.



Verið velkomin í reynsluakstur!

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

benni.is.

Opið:
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardag frá 12:00 til 16:00



Sérfræðingar í bílum

HÚSNÆÐISMÁL

Nýr borgarhluti í móttun

Kynningarfundur um skipulag og uppbyggingu í Elliðaárvogi og Ártúnshöfða um rammaskipulag og uppbyggingu svæðisins.

Miðvikudaginn 22. febrúar í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur, kl. 17.00–18.30.

Ávarp – *Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.*

Tillaga að rammaskipulagi fyrir Elliðaárvog / Ártúnshöfða

– *Björn Guðbrandsson, Arkís f.h. ráðgjafateymis.*

Grensásvegur – Gullinbrú, valkostir í samgöngum og skipulagi

– *Sigríður Magnúsdóttir, Teiknistofan Tröð.*

Uppbygging í Elliðaárvogi / Ártúnshöfða

– *Hrólfur Jónsson, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar.*

Umræður og fyrirspurnir

– *módel til sýnis.*

Allir velkomnir.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

MYTA HÖSBÓ/ÁIA



Fasteignaverð í miðbænum er um 500 þúsund per fm². FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hærra verð í nærliggjandi bæjarfélögum

Fasteignaverð á svæðum nærri höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað mikið á skömmum tíma. Fermetra- verð er þrátt fyrir það nærri tvöfalt hærra í Reykjavík. Íbúum fjölgar mun hraðar en íbúðum.

VIÐSKIPTI Húsnæðisverð utan höfuðborgarsvæðisins hefur hækkað um 20 prósent síðastliðna tólf mánuði. Í nýrri skýrslu Arion banka um íbúðamarkaðinn kemur fram að sú þróun er að mestu leyti drifin áfram af mikilli hækkingu í nágrennasveitarfélögum enda fleiri farnir að horfa til bæja á borð við Selfoss, Akranes og Reykjanesbæ. Í skýrslunni er bent á að ásett meðalfermetra- verð á 3-4 herbergja íbúðum í fjölbýli hækkaði um 26 prósent á Akranesi og 22 prósent í Keflavík frá ágúst 2016 til janúar 2017.

„Fermetra- verðið í nágrennasveitarfélögum er um og yfir 200 þúsund krónur í fjölbýli. Það er liggur við tvöfalt hærra í Reykjavík. Hækkun fasteignaverðs á þessum svæðum má rekja til þess sama og á við um landið í heild sinni, eða góður gangur í efnahagsmálum og að heimilin standa almennt vel fjárhagslega. Það er ágætt aðgengi að fjármagni í sögulegu ljósi en það sem hefur helst áhrif á þessi svæði er að það hefur svo lítið verið byggt á höfuðborgarsvæðinu síðustu ár,“ segir Konráð S. Guðjónsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka.

„Það er augljóst að fjölgun íbúða er ekki í takt við fjölgun íbúa og eftirspurnina. Það virðist því vera að í fyrri hafi það átt sér stað með nokkuð kröftugum hætti að eftirspurnin á höfuðborgarsvæðinu hafi að einhverju leyti smitast út í nágrennasveitarfélögin,“ segir Konráð.

Ef þú ætlar að búa á Selfossi og vinna í Reykjavík gerir þú það ekki nema þú fái hagstæðara verð og það þarf að vega upp á móti tíma, bensínkostnaði og fleiru.

Konráð S. Guðjónsson



Íbúðum í byggingu er almennt að fækka í stærri þéttbýliskjörnum utan höfuðborgarinnar. Í skýrslu Arion segir að sú þróun eigi mögulega skýringar í minni umsvifum í íbúðabyggingu en einnig að hækkingin verð hafi leitt til þess að íbúðir hafi verið kláraðar fyrr. Þær íbúðir sem fari á sölu á þessu ári í Reykjanesbæ muni verða átta prósentum dýrari í lok ársins en ef þær hefðu farið á markað í byrjun þess.

„Ef þú ætlar að búa á Selfossi og vinna í Reykjavík gerir þú það ekki nema þú fái hagstæðara verð og það þarf að vega upp á móti tíma, bensínkostnaði og fleiru. Það hjálpar núna að bensínverð er frekar lágt á heimsmarkaði í hlutfalli við laun. Ef olíuverð hækkar á heimsmarkaði getur það haft áhrif á eftirspurn eftir húsnæði í nágrennasveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Það er kannski ekki það fyrsta sem fólki dettur í hug þegar það hugsar um hækkingu bensínverðs.“

haraldur@frettabladid.is



Framkvæmdastjóri fastaskrifstofu Norðurskautsráðsins

Norðurskautsráðið leitar að umsækjanda í stöðu framkvæmdastjóra fastaskrifstofu Norðurskautsráðsins.

Fastaskrifstofan er staðsett í Tromsø, Noregi.

Norðurskautsráðið er fjölþjóðlegur samstarfsvettvangur ríkja til að efla samvinnu, samhæfingu og samskipti norðurskautsríkja með þátttöku frumbyggjasamtaka á norðurslóðum og annarra íbúa þar.

Framkvæmdastjóri fastaskrifstofunnar

Undir stjórn formanns embættisnefndar Norðurskautsráðsins samræmir framkvæmdastjóri vinnu fastaskrifstofunnar. Framkvæmdastjóri heyrir undir embættisnefndina og bær ábyrgð á heildar stjórn og rekstri starfsemi Norðurskautsráðsins, þ.m.t. fjármálum, stjórnun og samskiptum. Framkvæmdastjóri mun þurfa að ferðast reglulega.

Kröfur um menntun, hæfi og lykil starfsreynslu

Umsækjandi um þessa stöðu verður að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vera ríkisborgari norðurskautsríkis.
- Hafa lokið framhaldsmenntun á háskólastigi eða hafa yfir að ráða bæði færni, sem sýnt hefur verið fram á, og reynslu, sem viðkemur starfi fastaskrifstofu Norðurskautsráðsins.
- Hafa yfir að ráða verulegri sannreyndri starfsreynslu á sviði mannauðsstjórnar sem nýtast myndi í stöðu framkvæmdastjóra fastaskrifstofu Norðurskautsráðsins.
- Reynslu af fjármálastjórn og fjárhagsáætlanagerð, þ.m.t. undirbúningur fjárhagsáætlanagerðar og stjórnun útgjalda.
- Geta ferðast og hafa gilt vegabréf sem gildir út ráðningartímabilið.

Starfskjör

Samkeppnishæf laun og aukagreiðslur eru í boði sem ráðast af starfsreynslu, menntun og hæfi umsækjandans.

Lengd ráðningar

Um er að ræða tímabundna ráðningu til fjögurra ára.

Embættisnefndin getur framlengt ráðninguna um eitt fjögurra ára tímabil til viðbótar.

Umsóknarferli

Umsóknir þurfa að berast fyrir 31. mars 2017. Ef þú telur að þú hafir viðeigandi bakgrunn, vinsamlegast sendið ferilskrá ásamt umsóknarbréfi þar sem fjallað er um hvernig þú uppfyllir þær hæfniskröfur sem koma fram í þessari auglýsingu, til bandarísku formennsku Norðurskautsráðsins (ac_chair@arctic-council.org). Magnús Jóhannesson, núverandi framkvæmdastjóri fastaskrifstofu Norðurskautsráðsins, er tengiliður vegna umsóknarinnar. Farið verður með allar veittar upplýsingar sem trúnaðarmál. Völdum umsækjendum verður boðið til viðtals í Helsinki, Finnlandi, í júní 2017. Reiknað er með að Norðurskautsráðið velji endanlega umsækjanda í júní 2017.

Áætlað er að nýr framkvæmdastjóri hefji störf 1. október 2017. Æskilegt er að sá umsækjandi sem ráðinn verður geti varið 1-2 vikum með núverandi framkvæmdastjóra áður en hann hefur störf.

Allar frekari upplýsingar um starfið má nálgast á heimasíðu Norðurskautsráðsins

http://arctic-council.org/images/available_positions/EDOCS-3981-v2-Job-posting-director-2017.pdf

og á heimasíðu utanríkisráðuneytisins

<https://www.utanrikisraduneyti.is/upplýsingar/laus-storf/alhjudastofnanir/>

Ath. að ef ósamræmi er milli enska frumtextans og íslensku þýðingarinnar þá gildir enski textinn.



Sendibílasýning Mercedes-Benz.

Í dag, laugardag, milli kl. 12–16 sýnum við Sprinter, Vito og Citan sendibíla hjá Mercedes-Benz atvinnubílum, Fosshálsi 1.

Komdu og skoðaðu úrvalið af sendibílum frá Mercedes-Benz. Þeir eru traustbyggðir, sparneytnir og sérstaklega hannaðir til þess að hver rúmmetri nýtist sem allra best. Á staðnum verður kynning á hillukerfum fyrir bílana, kælibúnaði og verkfærum.

Mercedes-Benz

Vans. Born to run.



HÚSNÆÐISMÁL



Kolbrún Soffía Arnfinnsdóttir og Jóhann Heiðar Árnason eru fædd og uppalin á höfuðborgarsvæðinu en flytja innan skamms til Þorlákshafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Keyptu sér bíl fyrir afganginn af kaupverðinu

➔ **KAUPANDINN** Jóhann Heiðar Árnason og Kolbrún Soffía Arnfinnsdóttir bíða nú eftir að fá afhenta íbúð í Þorlákshöfn. Þau eru bæði fædd og uppalin í Reykjavík og starfa í Reykjavík í dag, hann á Þjóðarþórhöfðunni og hún í Borgarholtsskóla. „Þegar við fengum lánshæfismat þá sáum við fram á að hafa ekki efni á íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Þær íbúðir sem við höfðum efni á voru óíbúðarhæfar. Þær eru bæði lekar og mygladar og hreint út sagt ógeðslegar,“ segir Jóhann Heiðar.

Þeim leist vel á fyrstu íbúðina sem þau skoðuðu utan höfuðborgarsvæðisins, þrjú herbergja íbúð í Þorlákshöfn. „Við fengum hana á 12,7 milljónir. Hún var miklu flottari en íbúðir sem voru á svona þrjátíu

milljónir hér þannig að þetta var engin spurning. Við bara skelltum okkur á þetta.“

Jóhann segir að vegna þess hve íbúðin var ódýr hafi þau haft efni á að kaupa sér bíl líka. „Þegar ég tek strætó úr Breiðholti þarf ég að vakna um hálf sjö til að vera mættur klukkan átta. Ég býst ekki við því að vakna neitt fyrr þegar ég keyri frá Þorlákshöfn. En auðvitað vill maður eiga heima hér, ég ólst upp hér og átti alltaf heima hér. Maður verður bara að vera hreinskilinn við sjálfan sig þegar maður skoðar dæmið og sér að það gengur bara ekki upp,“ segir Jóhann og bendir á að erlendis tíðkast víða að fólk búi í nærliggjandi bæjarfélögum en vinni í borginni. – snæ



Markaðurinn í tölum

8% hækkun gæti orðið á fasteignaverði í Reykjanesbæ á þessu ári. Spáð er 7% hækkun í Garði og Hveragerði.

Sérbylí í Keflavík er **60% dýrara** að meðaltali en í nágrennsveitarfélaginu Sandgerði

2015 bjuggu **1,9 íbúar** á hverja íbúð í Grindavík og í Hveragerði um **1,6 íbúar**. Í Reykjanesbæ voru um **1,3 íbúar** á hverja íbúð.

26% hækkun var á ásettu meðalfermetravæði á Akranesi, í þrjú herbergja til fjögurra herbergja íbúðum í fjölbýli, frá ágúst 2016 til janúar 2017.


Missa fjórðu íbúðina á aðeins þremur árum

LEIGJANDINN „Við erum sem sagt að fara að flytja í fjórða skiptið síðan stelpa mín fæddist. Hún er þrjú ára og er að fara að flytja í fimmtu íbúðina sína,“ segir Ariana Katrín Katrínardóttir, en hún og maðurinn hennar eru á leigumarkaði.

Fyrir tæpum tveimur árum ákváðu þau að stefna að því að kaupa sér sína fyrstu eign og var tjáð í bankanum að þau þyrftu að safna sér fyrir útborgun sem væri að minnsta kosti tvær milljónir króna. „Við náðum alveg markmiðum okkar með því að spara og leggja fyrir en það er orðið að engu á svona stuttum tíma. Það er eiginlega bara hlegið að okkur með tvær milljónir því þær þurfa núna að vera að minnsta kosti sex.“

Að öðru leyti lítur greiðslumat fjölskyldunnar vel út, það er að segja að ekkert er því til fyrirstöðu að þau séu borgunarmenn láns. „Það er bara þessi útborgun. Einu svörin í bankanum eru spurningar um hvað pabbi og mamma eiga mikinn pening. Sem er fáránlegt því við erum á fertugsaldri. Svo er líka spurt um mögulegt lífeyrissjóðslán foreldra. Það er bara ekkert í stöðunni. Við erum bæði börn einstæðra mæðra sem eiga fleiri börn þannig að það þarf að gæta jafnræðis í því.“

Á leigumarkaði hefur fjölskyldunni bæði verið boðin langtímaleiga, sem svo hefur ekki gengið eftir. Fjölskyldan býr núna í Lauganeshverfinu en dóttirin er í leikskóla í Vesturbænum. „Við viljum færa



Ariana Katrín Katrínardóttir og dóttir hennar, Hanna Kaðlín Magnúsdóttir, en sú stutta er að fara að flytja í fjórða sinn frá fæðingu, aðeins þrjú ára. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Einu svörin í bankanum eru spurningar um hvað pabbi og mamma eiga mikinn pening.

Ariana Katrín Katrínardóttir

hana um leikskóla en við þyrftum helst að vita hvar við erum að fara að vera. Hún var í leikskóla í einu hverfi og fótbolta í öðru svo hún næði að tengjast krökkunum þar en nú lítur út fyrir að þriðja hverfið bætist við,“ segir Ariana. – snæ

Fjölmörg fyrirtæki í Reykjavík hafa um árabíl flokkað sinn úrgang

Mörg þeirra hafa náð mjög langt á því sviði í samstarfi við Gámabjónustuna hf.

Gámabjónustan hf. býður ýmsar lausnir varðandi flokkun, endurvinnslu og jarðgerð sem auðvelt er að laga að stærð og þörfum fyrirtækja og stofnana. Gerum átak í því að flokka meira og urða minna.



Í nýlegri aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á meiri flokkun á úrgangi sem fellur til hjá fyrirtækjum í Reykjavík.

Við upphaf á slíku ferli geta komið upp ýmis vandamál hjá fyrirtækjum og þess vegna er mikilvægt að leita strax réttra lausna hjá fagaðila. Til þess að einfalda flokkunarferlið og gera það sem þægilegast býður Gámabjónustan hf. upp á alhliða þjónustu og ráðgjöf þar að lútandi ásamt aðstoð við val á réttum flokkunarílátum. Flokkun er ekki flókin ef rétt er staðið að málum.

Hafið samband og fáið aðstoð sérfræðinga okkar í síma 535 2510 eða gamar@gamar.is



GÁMABJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ





2016

ÚR ÁRSREIKNINGI

EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK
í milljónum króna

	2016	2015
Innlend skuldabréf	244.091	247.611
Sjóðfélagalán	61.694	36.532
Innlend hlutabr. og hlutd.skirteini	129.732	139.733
Erlend verðbréf	158.920	152.914
Verðbréf samtals	594.437	576.790
Bankainnstæður	5.321	4.263
Rekstrarfjármunir og aðrar eignir	597	835
Skammtímakröfur	2.826	2.358
Skammtímaskuldir	-796	-570
Eignir sameignardeildar	591.276	573.021
Eignir séreignardeildar	11.109	10.655
Eignir samtals	602.385	583.676

BREYTING Á HREINNI EIGN
í milljónum króna

	2016	2015
Iðgjöld	25.650	22.214
Lífeyrir	-12.281	-11.253
Fjárfestingartekjur	6.164	64.358
Rekstrarkostnaður	-824	-712
Breyting eigna	18.709	74.607
Eignir frá fyrra ári	583.676	509.069
Eign samtals	602.385	583.676

KENNITÖLUR

	2016	2015
Ávöxtun	0,9%	12,4%
Hrein raunávöxtun	-1,2%	10,2%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	6,4%	7,3%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	1,2%	2,5%
Hrein raunávöxtun (20 ára meðaltal)	4,4%	4,9%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,14%	0,13%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	3,2%	3,2%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	47,9%	50,7%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	35.077	33.859
Fjöldi lífeyrisþega	14.672	13.639
Stöðugildi	41,0	35,1
Ávöxtun verðbréfaeildar	0,9%	12,4%
Hrein raunávöxtun verðbréfaeildar	-1,2%	10,2%
Ávöxtun innlánsleiðar	3,8%	3,4%
Hrein raunávöxtun innlánsleiðar	1,6%	1,4%

Starfsemi á árinu 2016


AFKOMA

Ávöxtun á árinu 2016 var 0,9% og hrein raunávöxtun -1,2%. Fjárfestingartekjur sjóðsins námu 6,2 milljörðum. Raunávöxtun var að meðaltali 6,4% sl. 5 ár, 1,2% sl. 10 ár og 4,4% sl. 20 ár.

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Staðan segir til um heildareignir sjóðsins umfram heildarskuldbindingar. Hún var jákvæð um 4,2% í árslok 2016 samanborið við 8,7% árið áður.


Þróun tryggingafræðilegrar stöðu



LÍFEYRISGREIÐSLUR

Á árinu 2016 nutu að meðaltali 14.672 sjóðfélagar lífeyrisgreiðslna úr sameignardeild að fjárhæð 11.570 milljónir. Árið áður námu þær 10.464 milljónum og hækkuðu því um 11%.

Lífeyrisgreiðslur sameignardeildar



SÉREIGNARDEILD

Séreign í árslok 2016 nam 11.109 milljónum. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild voru 498 milljónir á árinu. Ávöxtun verðbréfaeildar var 0,9% og hrein raunávöxtun -1,2%. Ávöxtun innlánsleiðar var 3,8% sem samsvarar 1,6% raunávöxtun.

live.is

Ársfundur

Ársfundur sjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 21. mars nk. kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.


- » Ávöxtun 0,9%
- » Raunávöxtun -1,2%
- » Jákvæð tryggingafræðileg staða 4,2%
- » Tekjur af fjárfestingum 6 milljarðar
- » Eignir 602 milljarðar

- » 12 milljarðar í lífeyrisgreiðslur
- » 15 þúsund lífeyrisþegar
- » 50 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld


EIGNIR

Eignir sjóðsins námu 602,4 milljörðum í árslok samanborið við 583,7 milljarða árið áður og nemur hækkun eigna því tæpum 19 milljörðum. Eignasafnið er vel áhættudreift. Þannig eru um 26% af eignum sjóðsins í dreifðu safni erlendra verðbréfa, 25% í innlendum ríkistrygðum skuldabréfum, 16% í öðrum skuldabréfum, 10% í safni sjóðfélagalána og 1% í bankainnstæðum og öðrum eignum. Innlend hlutabréfaeign nemur 22% af eignum sjóðsins.

Skipting eignasafns



Eignir samtals



FJÁRFESTINGAR

Kaup á innlendum skuldabréfum umfram sölu námu 31.407 milljónum á árinu og sala innlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina umfram kaup 6.467 milljónum. Kaup erlendra verðbréfa umfram sölu námu 24.613 milljónum.

STJÓRN

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður
Ólafur Reimar Gunnarsson, varaformaður
Auður Árnadóttir
Benedikt K. Kristjánsson
Guðný Rósa Þorvarðardóttir
Ína Björk Hannesdóttir
Magnús Ragnar Guðmundsson
Úlfar Steindórsson

Framkvæmdastjóri,
Guðmundur Þ. Þórhallsson

Boða endurkomu loðfilanna

VÍSINDI Vísindamenn í Bandaríkjunum eru langt komnir með að endurvekja loðfíla, dýrategund sem varð útdaud fyrir fjögur þúsund árum. Þeir notast við erfðatækni og reikna með því að innan tveggja ára verði fósturvísir loðfíls, eða mammúts, orðinn að veruleika. Allmörg ár geti þó liðið þangað til fullburða dýr geti orðið til.

Vinnan felst í því að blanda saman erfðaefti úr filum og loðfílum, þannig að útkoman verði blanda af venjulegum Asíufíl og hinum útdauda loðfíl.



Eftirlíking af loðfíl NORDICPHOTOS/AFP

„Satt að segja yrði þetta líkara fil, en með ýmis einkenni loðfíla,“ segir George Church, vísindamaðurinn sem stjórnar þessu verki.

Dýrið yrði með lítil eyru og loðið, eins og loðfílar, fitulag undir húðinni og blóð sem hæfir betur köldu loftslagi en því heita loftslagi sem fílar eru vanir að búa við.

Stefnt er að því að geta á endanum látið fósturvísi vaxa í einhvers konar gervi-móðurkviði frekar en að láta fílsku ganga með fóstrið, sem gæti reynst áhættusamt.

– gb



Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur haft í mörgu að snúast undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP

Íhuga að senda þjóðvarðliðið á innflytjendur

Ráðherra í stjórn Donalds Trump hefur sett saman minnisblað um að kalla þurfi út tugþúsundir þjóðvarðliða til að handtaka ólöglega innflytjendur. Hvíta húsið segir engar áætlanir um þetta í gangi.

BANDARÍKIN Í ríkisstjórn Donalds Trump Bandaríkjaforseta hefur verið skoðað hvort kalla eigi út tugi þúsunda þjóðvarðliða til þess að smala saman skilríkjalausum innflytjendum.

AP-fréttastofan fullyrðir þetta og vísar í ellefu blaðsíðna minnisblað Trump-stjórnarinnar, sem dagsett er 25. janúar og John Kelly heimavarnaráðherra er sagður hafa sett saman.

Sean Spicer, fjölmiðlafulltrúi Hvíta hússins, ber þetta reyndar til baka og segir það ábyrgðarleysi að tala um þetta, en neitaði því ekki að einhvern tímann hafi þetta komið til tals.

Samkvæmt minnisblaðinu er hugmyndin að kalla út þjóðvarðliða í ellefu ríkjum Bandaríkjanna, bæði þeim sem liggja næst mexíkósku landamærunum og einnig í ríkjum lengra frá landamærunum.

Þjóðvarðliðin eru ekki undir stjórn alríkisins heldur lúta ríkisstjórn hvers ríkis, þannig að í minnisblaðinu er gert ráð fyrir því að ríkisstjórn ríkjanna ellefu þyrftu að samþykkja útkallið.

Þetta yrði ekki í fyrsta sinn sem þjóðvarðlið yrðu kölluð til að sinna landamæragæslu og eftirliti með innflytjendum, en aldrei í jafn viðamiklum aðgerðum. Samkvæmt minnisblaðinu gæti þurft að kalla út allt að hundrad þúsund þjóðvarðliða.

Eitt af kosningalofordum Trumps var að reka úr landi ólöglega innflytjendur. Nokkuð var þó á reiki í málflutningi hans hvort það átti að þýða að allir skilríkjalausir innflytjendur yrðu gerðir brottrækir, en alls eru þeir um ellefu milljónir talsins í Bandaríkjunum.

Trump hefur verið iðinn við að efna kosningaloford á fyrstu vikum sínum í embætti, en framkvæmdin

Þjóðvarðliðar

Þjóðvarðliðar Bandaríkjanna gegna því hlutverki að vera varalið Bandaríkja hers sem hægt er að kalla út þegar þörf krefur.

Liðsmennirnir eru ekki atvinnuhermenn, heldur sinna þeir öðrum störfum í samfélaginu en mæta til heræfinga nokkrar vikur á ári auk þess að sinna útköllum.

Þeir eru kallaðir út þegar brýnt er að sinna óvæntum verkefnum, svo sem þegar bregðast þarf við náttúruhamförum á borð við jarðskjálfta, fellibylji og flóð.

hefur stundum þótt flauturskennid og mætt andstöðu, jafnvel úr röðum þingmanna Repúblikanaflokksins.

Þá þurfti Trump að biðja Michael Flynn, sem hann hafði gert að þjóðaröryggisráðgjafa sínum, að segja af sér síðastliðinn mánudag vegna þess að hann hafði sagt Mike Pence ósatt um samskipti sín við rússneska ráðamenn.

Á blaðamannafundi á fimmtudag sagðist Trump ekki telja að Flynn hafi gert neitt rangt annað en að segja Pence ósatt. Samskiptin við rússneska ráðamenn hafi ekki verið aðfinsluverð.

Á sama blaðamannafundi sagðist Trump svo hafa ákveðið að fela embættið öðrum herforingja, Robert Harward, en stuttu síðar sagðist Harward ekki hafa áhuga.

Í gær skýrði Trump svo frá því að hann væri með fjóra aðra menn í huga, þar á meðal herforingjann Keith Kellog sem Trump fékk til að sinna embættinu tímabundið eftir að Flynn hætti þangað til að varanlegur eftirmaður hans myndist. gudsteinn@frettabladid.is



NÝSKÖPUNARMÓT ÁLKLASANS

fimmtudaginn 23. febrúar kl. 14.00–16.30
í Hátíðarsal Háskóla Íslands

Tilgangur mótsins er að kynna árangur af rannsókn- og þróunarverkefnum og ræða hugmyndir að nýjum samstarfsverkefnum sem fela í sér tækifæri til framþróunar og verðmætasköpunar í áliðnaði. Sérstaklega verður horft til verkefna háskólastudenta í þessu sambandi.

Dagskrá

Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls
– Nýsköpun verður ekki til í tómarúmi

Hilmar Janusson, forseti Verkfræði og náttúruvísindasviðs
– Hugvit og ál

Jón Ásgeirsson, Transformation Lead – ISAL
– Munar um hugvit í álveri – Í alvöru?

Guðrún Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar
– Rannsóknir og nýsköpun – góður rekstur í þágu umhverfis

Gestur Pétursson, forstjóri Elkem á Íslandi
– Umhverfismarkmið dagsins í dag eru hvati fyrir verðmætasköpun

Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri
– Hvert er hlutverk AMS? (Aluminiumindustriens Miljøsekretariat)

Ari Arnórsson, verkefnastjóri Ísar
– Áframvinnsla áls – Íslenskar bílasmíðar

Í kaffihléi verður afhjúpað íslenskt álfarartæki. Eftir það verða örerindi um nýsköpunar- og þróunarverkefni tengd álklasanum. Í lokin opnar Guðbjörg Óskarsdóttir, klasastjóri, hugmyndagátt Álklasans og boðið verður upp á léttar veitingar.


Fundarstjóri er **Davíð Lúðvíksson**, forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar hjá Samtökum iðnaðarins.

Skráning á www.si.is

Glaesilegir konudagsvendir



30% AFSLÁTTUR
AF POTTAPLÖNTUM



20% AFSLÁTTUR AF
FERMINGARVÖRUM
GEGN FRAMVÍSUN FERMINGARBRÉFSINS



OPNUM KL 8:00
Á KONUDAGINN



GARDHEIMAR

Stekkiarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

JEP PASÝNIN FRUMSÝNUM NISSAN



KOMDU Í REYNSLUAKSTUR Í DAG
SÉRFRÆÐINGAR FRÁ ARCTIC TRUCKS VERÐA
Á STAÐNUM TIL SKRAFS OG RÁÐAGERÐA

NAVARA — PALLBÍLL ÁRSINS 2017

Nissan Navara var valinn „Pallbíll ársins 2017“ af íslenskum bílblaðamönnum. Hann sigraði einnig sparaksturskeppni FÍB 2016. Nú er þessi sigurvegari kominn í glæsilega jeppaútfærslu með AT38 breytingu frá Arctic Trucks. Undirvagn og drifbúnaður í þessari AT38 útfærslu er með því öflugasta sem völ er á og einungis notast við sterkustu íhluti sem Nissan hefur upp á að bjóða. Við bjóðum ykkur velkomin á glæsilega jeppasýningu Nissan og reynsluakstur á nýjum 190 hestafla Nissan Navara AT38 í dag frá 12–16.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

GÍDAG NAVARA AT38



Innovation
that excites



OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16
LÉTTAR VEITINGAR Í TILFNI DAGSINS

- 100% DRIFLÆSING FRAMAN OG AFTAN
- 8,5" NISSAN FRAMDRIF
- FOX PERFORMANCE DEMPARRAR FRAMAN OG AFTAN
- NISSAN GORMAFJÖÐRUN AÐ AFTAN
- 2,3L DÍSIL 190 HESTÖFL



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Rangur þjóðarvilji?



Kristín
Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, hefur stigið aftur fram á sjónarsviðið sem einn leiðtogi hreyfingar er hefur að markmiði að vinna ofan af ákvörðun Breta um að ganga úr Evrópusambandinu.

Útgönguferli eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna í sumar stendur yfir. Margt er óljóst enda hefur engin þjóð gengið úr Evrópusambandinu áður. Í raun er verið að finna upp hjólið, og það meðan farartækið er á fullri ferð. Theresa May forsætisráðherra hefur fengið samþykkt frumvarp í breska þinginu um að útgönguferlið hefjist með formlegum hætti. Hæstiréttur Bretlands hefur sömuleiðis úrskurðað að síðasta orðið skuli vera hjá þinginu um þann samning sem liggja mun fyrir um útgönguna.

Nánast útilokað er að þingið muni hundska þjóðarviljann sem birtist í þjóðaratkvæðagreiðslunni, þrátt fyrir að mikill meirihluti þingmanna í báðum stóru flokkunum teljist til stuðningsmanna áframhaldandi aðildar. Þeir telja sér einfaldlega ekki stætt á að ganga gegn vilja þjóðarinnar.

Tony Blair hefur ekki útfært nákvæmlega hvernig hann telur að vinna eigi ofan af ákvörðuninni. Þar eru tvær leiðir færar: að þingið stöðvi útgönguferlið eða að haldin verði önnur þjóðaratkvæðagreiðsla. Sennilega er það einungis síðarnefnda leiðin sem er fær, nema alger straumhvörf yrðu í almenningsálitinu áður en lokasamningur um útgöngu kemur til kasta þingsins. Rök Blairs eru áhugaverð. Hann heldur því fram að logið hafi verið að þjóðinni í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar og hún hafi gengið til kosninga á fölskum forsendum. Þar hefur hann nokkuð til síns máls.

Stuðningsmenn útgöngu veigruðu sér ekki við að bera fram rangar upplýsingar um stöðu innflytjendamála, eða að leggja á borð rangar tölur um kostnaðinn sem hlytist af aðild Breta að ESB. Þeir fullyrtu að 350 milljónir punda myndu sparast vikulega, samsvarandi upphæð ætti að leggja til styrktar heilbrigðiskerfinu. Morguninn eftir sigurinn mikla viðurkenndu leiðtogar Brexit að þessi staðhæfing hefði verið úr lausu lofti gripin.

Þeir sem börðust fyrir áframhaldandi aðild stigu hins vegar varlegar til jarðar. Megininntakið var upplýsingar um efnahagslegar afleiðingar útgöngu. Tölur á blaði virka einfaldlega ekki jafnvel og upphrópanir, jafnvel þótt rangar séu. Nýleg kosningasaga hér og þar um heiminn er til vitnis um það.

Útspil Blairs er athyglisvert. Getur verið réttlætlegt að hundska þjóðarviljann? Skiptir máli að rangfærslur hafi orðið ofan á í kosningabaráttunni eða skiptir þátttakan kannski meira máli? Á Íslandi höfum við sambærileg dæmi, eins og þjóðaratkvæðagreiðsluna um nýja stjórnarskrá, sem síðar var virt að vettugi með óljósum skýringum. Kannski er bara ein leið fær, að Theresa May geri samning við Evrópusambandið, og leggi drögin í dóm þjóðarinnar? Hún mun forðast þá leið og tekst það líklega. Bretar halda þá áfram að staulast í myrkrunu, en óvíst er hversu löng göngin eru eða hvort ljós er yfirhöfuð við enda ganganna.



Tölur á blaði virka einfaldlega ekki jafnvel og upphrópanir, jafnvel þótt rangar séu. Nýleg kosningasaga hér og þar um heiminn er til vitnis um það

Gunnar



Mín skoðun Logi Bergmann

Miðaldra músaveiðimaður



Hvað gerir nýordinn fimmtugur maður þegar hann kemst að því að hann er með mús í bílskúrnum? Fer á taugum. Staðfest.

Ég sem sagt komst að því að kassinn með jóla-skrautinu var ekki eins og hann var í fyrra. Í honum voru of margir undarlegir músastigar. Sem sagði mér að sennilega væri ég með gest í bílskúrnum (sem heitir vissulega bíl-skúr en gæti yfirleitt alveg eins heitið bara skúr).

Við tók mjög erfiður tími. Ég þurfti að opna hvern einasta kassa og það er ekki notaleg tilfinning, þegar maður á allt eins von á að fá mús (nú eða rottu) í andlitið. Eftir (að mér fannst) á annað hundrad kassa var ég búinn að finna ummerki í fjórum. Hún var ekki búin að skemma neitt verðmætt (eftir þessa rannsókn hef ég reyndar komist að því að það er andskotann ekkert verðmætt í skúrnum). Sem út af fyrir sig ætti ekki að koma mér á óvart í ljósi þess að ég setti allt þetta drasl þangað sjálfur.

Veiðimaðurinn blíði

Ég byrjaði á að kaupa gildirur. Ekki gildirur sem drepa, heldur veiða. Mig langar ekki að drepa dýr ef ég mögulega kemst hjá því. Þess vegna þurfti ég sérstakar gildirur. Eina af netinu. Það gekk rosa vel, fyrir músina sem át allt úr henni í nokkra daga og stakk af með matinn. Þá komu tvær í viðbót. Músinn leit ekki við þeim. Sennilega vegna þess að hún var orðin alltof feit eftir endalausar veislur í mínu boði. Engu skipti þótt ég setti þetta fina Sírius súðusúkkulaði í þær (sem mun vera hátíðarmatur hjá músum).

Það er ekki eins og ég hafi gefist upp. Tveimur gildirum síðar - fimm alls - kom stóri dagurinn. Í annarri af þeim nýju var þessi líka fina mús. Ég reif lasna dóttur mína með mér í biltúr og glöð og stolt fylgdumst við með litilli og krúttlegri hagamús fá viðattubrjalæði í náttúrunni.

Þetta var náttúrulega allt myndað í bak og fyrir og stoltur deildi ég myndunum. Það runnu hins vegar á mig tvær grímur þegar kunningi minn sagði, með fullvissu manns sem er með allt á hreinu: Þetta er ekki mús. Þetta er rotta!

Ég held að ég hafi gúgglað í meira en klukkutíma og skoðað myndirnar og ég gat bara ekki verið alveg viss. Það var því óumflýjanleg vandræðaleg heimsókn til meindýraeyðis til að sýna honum myndir. Hann hnyklaði brýnnar fyrst en náði svo áttum og sagði einhver fallegustu orð sem ég hef heyrt: "Þetta er greinilega hagamús."

Ég sem sagt ákvað að sleppa músinni og hef fengið að heyrja það frá nokkrum. A einhvern undarlegan hátt virðist það, hjá ákveðnum hópi, vera skortur á karlmennsku að vilja ekki drepa saklaust dýr. Ég verð reyndar að viðurkenna að ég reyndi aðeins að fá kettina til að sinna þessum verkum. A einhvern undarlegan hátt finnst mér það náttúrulegra, svona í fæðukeðjunni. En kettirnir eru greinilega of góðu vanir og harðneituðu að koma nálægt svoleiðis veseni.

Takið eftir því að ég tala bara um sjálfan mig í þessari æsilegu sögu. Aðkoma eiginkonu minnar var eftirfarandi: Lengi vel leit hún á þetta sem upploginn músagang og samsæri gegn sér, til þess gert að fá hana til að henda nokkrum hillumetrum af lögfræðiglósum. Hún skammaði mig fyrir að taka matinn af músinni (þegar ég fann safnið hennar), óttaðist að henni yrði kalt þegar ég sleppti henni og sendi mig á náttfötunum út í skúr til að sækja kassann með Ísfolksbókunum, sem virtist vera það eina sem hún hafði áhyggjur af.

Nú eru liðin nokkrir dagar og ég er sannfærður um að hún var ein á ferð. Ég sef betur á nóttunni og það er bill í skúrnum! Boðskapurinn með þessari sögu er örugglega eitthvað um að það megi alltaf sjá björtu hliðarnar og hlutir hafi tilhneigingu til að reddast.



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ



Kuðungurinn 2016

Úthlutunarnefnd á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins óskar eftir tilnefningum um fyrirtæki eða stofnun, sem vegna verka sinna og athafna á síðasta ári er þess verðugt að hljóta umhverfisviðurkenninguna Kuðunginn fyrir árið 2016. Óskað er eftir því að stutt greinargerð fylgi með tilnefningunni.

Fyrirtæki og stofnanir geta hvort heldur tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum.

Tillögur skulu berast umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eigi síðar en föstudaginn 17. mars nk. merktar „Kuðungurinn“ á netfangið postur@uar.is eða með pósti í umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar er að finna á www.uar.is/kudungurinn

Nú fara Vildarpunktarnir á flug

BORGARÐU FLUGIÐ MEÐ PUNKTUM OG PENINGUM

PUNKTAR



PENINGAR



Ný þjónusta hjá Icelandair

Notaðu eins marga Vildarpunkta og þú vilt upp í fargjaldið, í öll flug og til allra áfangastaða. Og Vildarpunktarnir halda áfram að safnast upp á meðan – þú færð nefnilega líka punkta fyrir flugið. Frá upphafspunkti til áfangastaðar.



Þú getur bæði notað og safnað Vildarpunktum um borð



Afþreyingarkerfi í hverju sæti



Upphaf að einhverju nýju

Snæfell féll á fimmtudag úr Domino's-deild karla. Hólmarar eru ekkert að hengja haus heldur horfa björtum augum til framtíðar. Þjálfarinn vill sjá breytingar hjá KKÍ.

KÖRFUBOLTI Þegar sautján umferðum er lokið er Snæfell fallið úr Domino's-deild karla. Liðið hefur ekki unnið einn leik í vetur og litlar líkur eru á því að það vinni leik í vetur miðað við hvernig gengi þess hefur verið.

Þessi örlög liðsins koma þjálfaranum, Inga Þór Steinþórssyni, ekkert sérstaklega á óvart. Það gekk illa hjá Snæfelli að styrkja liðið fyrir tímabilið og í kjölfarið var ákveðið að horfa til framtíðar.

„Við töludum ekkert um þetta inni í klefa eftir leik í gær. Við erum að horfa til lengri tíma. Við erum ekki veruleikafirrtir og gerðum okkur grein fyrir að þetta yrði niðurstaðan. Ég gerði mér hreinlega ekki einu sinni grein fyrir að við værum fallnir fyrir en ég las það á Vísi,“ segir Ingi Þór enda ekkert að velta sér upp úr hvenær hið óumflýjanlega yrði formlegt.

„Stjórn, þjálfarar og leikmenn eru meðvitaðir um að við erum að horfa til framtíðar. Byggja upp kjarna sem getur borið þetta lið uppi næstu árin.“

Þótt það sé vissulega sárt fyrir leikmenn liðsins að tapa öllum leikjum í efstu deild þá telur þjálfarinn að þetta muni hjálpa liðinu til lengri tíma.

„Við tókum fullt út úr þessu. Ungir menn að fá tækifæri og mikil reynsla. Svo erum við með unglingsflokk sem er að standa sig mjög vel og hefur aðeins tapað einum leik. Sigurtilfinningin hverfur því ekki hjá þeim. Það hafa allir tæklað þetta ástand vel,“ segir Ingi Þór og viðurkennir að fyrir tímabilið hafi menn gert sér grein fyrir því að fall yrði líklega niðurstaðan. Liðið var það óreynt.

„Ég tel okkur samt hafa gert þokkalega úr því sem við erum með og strákarnir staðið sig bara vel. Það er skrytið að hrósa mönnum sem



Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, vissi ekki að liðið væri fallið í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Sjö ár frá Íslandsmeistaratitlinum

Snæfell er sjöunda félagið sem fellur úr efstu deild eftir að hafa orðið Íslandsmeistari en það eru sjö ár síðan Snæfell varð Íslandsmeistari í karlaflokki. Ármann, ÍKF og ÍS eru félögin sem hafa fallið innan færri ára eftir Íslandsmeistaratitil. Ármann á það óvinsæla met en félagið féll úr deildinni vorið 1978 en hafði orðið Íslandsmeistari tveimur árum fyrir.



Fæst ár á milli Íslandsmeistaratitils og falls

2 ár Ármann	1976-1978
4 ár ÍKF	1958-1962
4 ár ÍS	1959-1963
7 ár Snæfell	2010-2017
9 ár ÍR	1977-1986
13 ár Valur	1983-1996
19 ár Haukar	1988-2007

eru alltaf að tapa en það er ekkert auðvelt að halda haus og hætta aldrei. Við göngum ekki um göturnar með hausinn í malbikinu. Þetta er enginn dauðadómur. Þetta er upphaf að einhverju nýju.“

Ingi Þór reyndi svo sannarlega

að styrkja liðið fyrir tímabilið með reyndari mönnum en fékk ansi margar neitanir. Af hverju vildu leikmenn ekki koma í Hólminn?

„Það var áhugi hjá mörgum sem ég talaði við en menn voru að bera fyrir sig nám eða treystu sér ekki í fjarnám. Það eru kærusturnar sem vilja ekki fara og svo er það félagslífið á suðvesturhorninu. Svo er það fjarlægðin sem er samt engin,“ segir þjálfarinn og bætir við að 4+1 reglan hjálpi ekki félagi eins og Snæfelli.

„Hún gerir það að verkum að íslensku strákarnir fara fram á peninga sem eru ekki til. Þá fellur það um sjálft sig. Flott hjá þeim félögum sem geta greitt þessi laun.“

Ingi Þór vill sjá ákveðnar breytingar hjá KKÍ og er augljóslega ekki hrifinn af 4+1 reglunni.

„Það er tvennt sem hreyfingin þarf að gera. Annaðhvort opnum við fyrir erlenda leikmenn og þéttum aðeins gæðin eða fækkuð liðum. Við eigum ekki íslenska leikmenn. Það er mjög jákvætt að eiga alla þessa erlendu leikmenn í háskóla og atvinnumennsku en það þynnir gæðin í deildinni. Það eru til ungir strákar en þeir eru ekki endilega tilbúnir líkamlega í átök með fullorðnum mönnum. Ég vona að hreyfingin skoði þetta í vor. 4+1 reglan hefur sína kosti en hún hefur líka sína galla,“ segir Ingi en hann stefnir á að koma liðinu aftur upp á næstu tveimur til þremur árum.

henry@frettabladid.is

Aðeins fimm lið hafa verið lengur í deildinni

Snæfell hefur spilað í úrvalsdeildinni undanfarin fjórtán tímabil og aðeins fimm lið í deildinni hafa verið lengur en Njarðvík, KR, Keflavík, Grindavík og ÍR. Snæfell féll síðast úr deildinni vorið 2000 og það tók liðið þá tvö tímabil að vinna sér aftur sæti í úrvalsdeildinni sem tókst vorið 2002. Þegar liðið féll vorið 1995 voru Hólmarar aftur á móti þrjú tímabil að endurheimta sæti sitt meðal þeirra bestu. Áður höfðu liðið fjórtán ár frá veru liðsins í deild þeirra bestu (1976-1990). Tími liðsins í 1. deildinni er því alltaf að stytast og haldi þessi þróun áfram verða Snæfellingar aðeins eitt tímabil í 1. deildinni að þessu sinni.

Lið sem hafa verið lengur í efstu deild en Snæfell

KR frá 1961
Njarðvík frá 1972
Keflavík frá 1985
Grindavík frá 1987
ÍR frá 2000

Lið sem hafa verið skemur í efstu deild en Snæfell

Stjarnan frá 2007
Þór Þorl. frá 2011
Haukar frá 2013
Tindastóll frá 2014
Þór Ak. frá 2016
Skallagrímur frá 2016

Snæfell hefur þrisvar áður fallið úr efstu deild í körfuboltanum

1975-76
Tímabil utan efstu deildar: 14
Aftur í úrvalsdeild: 1990-91

1994-1995

Tímabil utan efstu deildar: 3
Aftur í úrvalsdeild: 1998-99

1999-2000

Tímabil utan efstu deildar: 2
Aftur í úrvalsdeild: 2002-03

2016-2017

Tímabil utan efstu deildar: 2

Nýjast

Olís-deild karla

Haukar - Selfoss 35-25

Markahæstir: Adam Haukur Baumruk 9, Heimir Óli Heimisson 5, Ivan Ivkovic 5 – Elvar Örn Jónsson 6/1, Einar Sverrisson 5, Teitur Örn Einarsson 5/4.

Domino's-deild karla

Njarðvík - Grindavík 79-87

Stigahæstir: Logi Gunnarsson 20, Björn Kristjánsson 12, Jeremy Atkinson 12, Adam Eiður Ásgeirsson 10 – Lewis Clinch 21, Dagur Kár Jónsson 19.

Þór Ak. - KR 83-65

Stigahæstir: George Beamon 19, Tryggvi Snær Hlíason 16, Ingvi Rafn Ingvason 15 – Philip Alawoya 12, Þórir G. Þorbjarnarson 12, Jón Arnór Stefánsson 10.

Efri	Neðri
Stjarnan 26	Keflavík 16
KR 26	ÍR 16
Tindastóll 24	Njarðvík 16
Grindavík 20	Haukar 12
Þór Ak. 18	Skallagrímur 12
Þór Þ. 18	Snæfell 0

ÓLAFÍA KOMST ÁFRAM

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir sýndi stáltaugar þegar hún komst í gegnum niðurskurðinn á ISPS Handa-mótinu í Ástralíu, öðru móti ársins á LPGA-mótaröðinni. Hún þurfti fugla á síðustu tveimur holunum til að komast áfram og fékk þá báða, þann síðari eftir að hafa vippað fyrir fuglinum. „Dagurinn í dag var svolitil áskorun. Það blés svolítið á móti en ég ákvað að hætta aldrei. Alls ekki gefast upp,“ sagði hún. „Nú er erfða hlutanum lokið og bara eftir að njóta.“

Ólafía hóf keppni á þriðja hring í gærkvöldi, eftir að Fréttablaðið fór í prentun. Fréttir af gengi hennar má finna á íþróttavef Vísis.



Um helgina

Olísdeild karla:
L 16.00 Fram - ÍBV Framhús

Olísdeild kvenna:
L 13.30 Stjarnan - Haukar TM Höllin
L 13.30 Valur - Fylkir Valshöllin
L 14.00 Selfoss - ÍBV Selfoss
S 19.30 Fram - Gróttá Framhús

Domino's-deild kvenna:
L 15.30 Njarðvík - Valur Ljónagr.
L 16.30 Grind. - Haukar Mustad-h.
L 16.30 Keflav. - Stjarnan TM Höllin
L 16.30 Skallagr. - Snæfell Borgarn.

Domino's-deild karla:
S 19.15 KR - ÍR DHL Höllin
S 19.15 Haukar - Njarð. Schenkerh.
S 19.15 Grindavík - Kefl. Mustad-h.
S 19.15 Skallagr. - Snæfell Borgarn.
S 19.15 Þór Þ. - Þór Ak. IG Höllin

Laugardagur
02.00 LPGA: ISPS Handa Golfst.
11.50 Breiðablik - Stjarnan Sport 2
12.20 Burnley - Lincoln Sport
14.25 Hertha - Bayern Sport 2
14.50 Huddersf. - Man. City Sport 2
16.20 Skallagr. - Snæfell Sport 3
17.20 Wolves - Chelsea Sport
18.00 Genesis Open Golfstöðin
18.30 Formúla E Sport 2


Sunnudagur
02.00 LPGA: ISPS Handa Golfst.
13.50 Fulham - Tottenham Sport
16.05 Blackburn - Man Utd Sport
18.00 Genesis Open Golfstöðin
19.05 Grindavík - Keflavík Sport
19.40 Barcelona - Leganes Sport 2
01.00 Stjórnuleikur NBA Sport

**VERKFÆRI
LAMPAR
LJÓSAAPERUR
LJÓS**

Komdu og gerðu **betri kaup!**

RAFVÖRU MARKAÐURINN

við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Fylgdu okkur á Facebook



Mazda bílar eru hannaðir af ástríðu, hvert einasta smáatriði vel ígrundað og úthugað. Hönnuðir Mazda leggja hjarta sitt og sál í að hanna bíla sem uppfylla ströngustu kröfur þínar um þægindi, akstursupplifun, gæði og öryggi.

KOMDU OG UPPLIFÐU MAZDA



MAZDA 6



Brimborg

Bíldshöfða 8
110 Reykjavík

S. 515 7000

Tryggvabraut 5
600 Akureyri

S. 515 7050

mazda.is



Sunna Tsunami Davíðsdóttir og Áslaug takast á í hringnum, en þær eru báðar grjótharðir bardagakappar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verða stærri og sterkari í Mjölni

Íþróttafélagið Mjöltnir býður til heljarinnar veislu í dag, laugardag, á milli tvö og fjögur. Hátíðarhöldin eru í tilefni þess að íþróttafélagið opnar nú nýjar höfuðstöðvar í gömlu Keiluhöllinni í Öskjuhlíð. Gunnar Nelson, Sunna Tsunami Rannveig Davíðsdóttir, Jón Viðar Arnþórsson og fleiri þekktir bardagakappar verða á staðnum.

Maður er alveg í skýjunum yfir þessu öllu saman. Við erum svolítið að kveðja það gamla, sem var líka gott, en nú erum við að fagna því nýja. Nýrri og bjartri framtíð. Það er svo gott lið í Mjölni og svo góður andi – og það hefur bara að gera með fólk. Ég held að andinn í nýja húsinu verði bara enn þá betri en á gamla staðnum,“ segir Sunna Tsunami Davíðsdóttir, bardagakappi í Mjölni, sem er full tilhlökkunar fyrir opnun nýs, stærra og betra íþróttahúss til að iðka blandaðar bardagalistir. Æfingar hefjast eftir dagskrá á mánudaginn næsta.



Sunna er hörð í horn að taka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aðstaða í heimsklassa

„Þetta breytir öllu fyrir okkur. Mjöltnir er að verða stærri og sterkari,“ segir Sunna og hlær og bætir við að það sé nú einmitt takmarkið með því að æfa í Mjölni, að verða stærri og sterkari..

„Ég hugsa að það verði líka meira af því núna að við getum tekið á móti atvinnumönnum, sem vilja æfa hjá okkur. Það mun klárlega breyta mjög miklu fyrir sportið hér á landi. Þar munar mestu um fjölbreytni á æfingum, meiri og betri þekkingu og nýja æfingafélaga til að glíma við,“ útskýrir Sunna.

Hún segir nýju aðstöðuna frábæra.

„Þetta verður í algjörum heimsklassa hérna í Öskjuhlíðinni og ég held að þegar við höfum þessa aðstöðu til að taka vel á móti atvinnufólki í sportinu þá mun því virkilega langa að koma og heimsækja okkur og staldra aðeins við. Íþróttamenn eiga eftir að verða sjúkir í að koma til okkar og við erum sjúk í að fá þau! Það er ekki ósvipað því þegar ég fór til Tælands og dvaldi þar, keppti og æfði og lærði heilmargt!“

Fá smjörþefinn af MMA

Í dag verður vegleg opnunaráttíð í Mjölnishöllinni nýju, í Öskjuhlíð, í húsnæðinu sem áður hýsti Keiluhöllina, á milli tvö og fjögur. Og partí um kvöldið, fyrir þá sem náð hafa aldri. „Ég ætla allavega klárlega ekki að láta mig vanta og vonandi koma sem flestir og kíkja á okkur,“ segir Sunna. „Það verður góð kynning á sportinu, í öllum sölum húsnæðisins, þannig að það verður gaman fyrir fólk sem er forvitnið um þetta allt saman að koma og fá smjörþefinn af því sem er að gerast hjá okkur.“

Mikið verður um viðburði og nokkuð þétt dagskrá, meðal annars upphifingakeppni sem hefst klukkan þrjú.

„Þetta verður mjög skemmtilegur dagur. Og partíið verður áreiðanlega ekki síðra!“

olof@frettabladid.is

Gunnar Nelson sennilegast ástæða þess hve Íslendingar eru hrifnir af MMA

Íþróttafélagið Mjöltnir hefur vaxið gríðarlega hratt undanfarin ár og MMA, svokallaðar blandaðar bardagalistir, orðið sífellt vinsælli meðal Íslendinga.

Bardagakappinn Gunnar Nelson á sennilega hvað stærstan þátt í uppgangi íþróttarinnar hér á landi, en í vikunni var staðfest að hann mun berjast við Alan Jouban í London þann 18. mars. Bardagi Gunnars og Joubans verður annar af tveimur aðalbardögum kvöldsins en hinn aðalbaraginn verður viðureign Jimi Manuwa og Corey Anderson.

Þetta verður fyrsti bardagi Gunnars í UFC síðan í maí á síðasta ári. Þá vann Gunnar sannfærandi sigur á Rússanum Albert Tumenov. Það var eini bardagi

Gunnars á árinu 2016 en upphaflega stefndi Gunnar á að berjast þrisvar til fjórum sinnum á síðasta ári.

Þrátt fyrir að hafa ekki stigið í burið í tæpt ár heldur Gunnar áfram

áð klífa styrkleikalista veltivigtarinnar í UFC en hann er kominn upp í niunda sætið í veltivigtinni sem er hans besta staða frá upphafi.

Alan Jouban er 35 ára gamall bardagaiþróttamaður frá Bandaríkjunum sem kennir sig við Muay Thai-bardagalistina. Sem atvinnumaður hefur hann unnið fimmtán bardaga og tapað fjórum en síðan hann kom inn í UFC árið 2014 hefur hann unnið fimm bardaga og tapað tveimur. Hann er ósigraður í síðustu þremur bardögum en síðustu tvo vann hann á dómaraúrskurði.





Humandi dagar

25% afsláttur

Í tilefni af konudeginum eru
allir ilmir með 25% afslætti
til 19. febrúar

 **Lyf & heilsa**
Við hlustum!



CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm

89.990 kr. ~~119.990 kr.~~

IDdesign




IDdesign

ACURA

Borðstofustólar. Dökkgrátt áklæði og svartir stálfætur. Fáanlegur í fleiri útfærslum (einnig í leðri)

38.990 kr.
~~48.990 kr.~~



GATE

Borðstofuborð. Svartur viðarrammi með bláu eða svörtu linoleum efni ofan á borðplötu. Einnig fáanlegt með viðarfótum og hvítum toppi á boðplötu. Stærð: 205 x 100 cm

159.990 kr. ~~199.990 kr.~~

IDdesign



IDdesign

EIFFEL

Eldhússtólarnir vinsælu komnir aftur. Fáanlegir gráir, hvítir, svartir og rauðir. Með annað hvort svörtum fótum eða króm.

Svartir fætur
7.990 kr. ~~9.990 kr.~~

Krómfætur
9.990 kr. ~~11.990 kr.~~

Reykjavík
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

Vertu eins og heima hjá þér



KIRUNA

Þriggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 227 x 90 x 78 cm.

79.990 kr. ~~99.990 kr.~~

KIRUNA

Tveggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 162 x 90 x 78 cm.

71.990 kr. ~~89.990 kr.~~

IDdesign

KIRUNA

Hornsófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 236 x 200 x 78 cm

IDdesign



149.990 kr. ~~189.990 kr.~~



ELLY

Nú er Elly sófinn og stólarnir komnir aftur í nýju glæsilegu sléttflauel áklæði. Litir: Grátt, rautt og blátt



Þriggja sæta sófi. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

69.990 kr. ~~89.990 kr.~~



Hægindastóll. Stærð: 83 x 82 x 85 cm

43.990 kr. ~~54.990 kr.~~

HÚSGAGNA
HÖLLIN



„Þegar við mætum í vinnuna, þá skiljum við allt eftir. Það er mikilvægt. Við eigum líka að koma eins fram við alla hér,“ segir Björg Elisabet Ægisdóttir, kölluð Bogga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Bogga tekur á móti ljósmyndara og blaðamanni í elsta hluta Litla-Hrauns. Dagurinn byrjar snemma. Hún fer yfir þrifin og hitar kaffi. Á skrifstofu Boggu er rekin lítill sjoppa þar sem aðstandendur geta keypt snakk og sælgæti. Við skrifstofuna er langur gangur herbergja. Í hverju herbergi er legubekkur, stóll og lítið borð. „Þetta eru bara herbergin sem fólk getur hitt fjölskyldur sínar í, þau eru auðvitað sum mjög litil,“ segir hún.

„Auðvitað myndi maður vilja hafa þetta flottara, en ég gæti að því að hafa þetta eins gott og mögulegt er. Ég reyni að hafa þetta eins og fólk sé að koma í kaffi til mín. Ég legg mig fram um að taka virkilega vel á móti fólki. Heilsa því og læri nöfn þeirra. Upplýsi og hvet fólk til að spyrja að hverju sem er, sama hversu kjánaleg spurningin er. Ég reyni bara að hjálpa fólki í gegnum þetta,“ segir Bogga.

Örlögin gripu inn í

Bogga er fædd og uppalin í Gaulverjabæ og kann vel við sig í vinnu á Litla-Hrauni í umhverfi og náttúru sem hún kannast við. „Ég prófaði að búa í Reykjavík þegar ég var ung. Fór að vinna í matvælaíðnaði, en mér fannst það alveg skelfilegt og saknaði þess að hafa náttúruna í kringum mig,“ segir hún frá.

Bogga segist hafa leitað sér að vettvangi þar sem hún gæti nýtt sér hæfileika sína. „Ef ég væri ekki fangavörður í dag þá hefði ég líklega endað sem matreiðslumaður eða eitthvað slíkt. En örlögin gripu inn í. Ég var að vinna í fiski með konu sem átti son á Litla-Hrauni. Hún sagði að ég væri týpan í þetta. Sannfærði mig um það. Þá var auglýst eftir fólki hér og ég sló til og var ráðin,“ segir Bogga sem síðar útskrifaðist frá Fangavardaskólanum. „Ég hef aldrei séð eftir þessari

Tekur þátt í lífi fanga

„Við erum með þeim þegar aðstandendur þeirra veikjast eða deyja, fylgjum þeim á sjúkrahús, í jarðarfari, fæðingu og fermingar barna þeirra,“ segir Björg Elisabet Ægisdóttir fangavörður. Hún er jafnan kölluð Bogga, hefur starfað sem fangavörður í tvo áratugi og segir starfið sannarlega vanmetið.

ákvörðun. Starfsandinn hér er mjög góður. Hér starfar fólk sem vill hjálpa á ábyrgan hátt. Vera stuðningur í lífi fólks. Við höfum mörg svipaða skapgerð, erum flest fremur róleg og jarðbundin,“ segir hún.

Gefa af sér en eru ekki fyrir

„Ég deili annars ekki miklu um sjálfa mig og einkalíf mitt. Ég er heldur ekki að fela neitt en ég hef skil á milli. Það skiptir miklu máli að halda egóinu utan við starfið,“ segir Bogga og segir mikilvægt að fólk í starfsgreinum sem hlúa að fólki í erfiðleikum sé ekki að blanda sjálfu sér í málin.

„Við erum þrautþjálfuð í að gefa af okkur án þess að vera fyrir,“ segir hún.

„Þegar við mætum í vinnuna, þá skiljum við allt eftir. Það er mikil-

vægt. Við eigum líka að koma eins fram við alla hér. Hvað sem þeir hafa brotið af sér. Fangarnir segja oft, þú veist fyrir hvað ég er hérna er það ekki? En ég er ekkert að pæla í því og er alls ekkert að leita eftir því. Mér finnst kannski betra að vita það ekki, hef ekki þörf fyrir það,“ segir hún.

Skömm aðstandenda

Starfsaldur á Litla-Hrauni er almennt hár. „Hér eru menn sem eru búnir að vera allt upp í 25 til 30 ár í starfi og tveir búnir að ná 40 árum,“ segir Bogga sem segir starfið helst reyna á andlega þætti. „Yfirleitt eru allir kátir. Það er þá helst sem reynir á andlega.

Starf mitt felst helst í miklum samskiptum við ættingja. Það er oft erfitt og flókið að eiga aðstandanda í fangelsi. Því fylgir mikil skömm og sumir

geta bara talað um það við fangavörð hvernig þeim líður. Það getur til dæmis verið erfitt þegar menn eru í neyslu, eða þegar við erum með fanga sem eru í geðrofi eða með geðsjúkdóm,“ segir Bogga.

Hún segir umræðu um aðbúnað fanga oft einsleita.

„Það er sjaldan sem eitthvað jákvætt kemur fram í fjölmiðlum um starfið hér. Við fylgjumst líka með umræðu á samfélagsmiðlum sem sveiflast ógurlega. Frá því að það eigi að loka einhvern inni og henda lykkinum eða þá hversu illa er farið með fanga,“ bendir hún á.

Fangelsi getur verið ljós í myrkri

„Auðvitað er fangelsi neikvætt í sjálfu sér en fyrir marga fanga og aðstandendur getur það verið ljósið í myrkriinu. Því þar er oft ákveðið að snúa við blaðinu og fara á beinu brautina. Þótt auðvitað séu svo til menn sem eru orðnir svo stjórnlausir í neyslu að fangelsið verður gridastaður. Lífsbjörg.

Það vill oft gleymast að hér eru starfsmenn og fangar að gera mjög góða hluti. Það kemur aldrei fyrir að þessari stétt sé hrósað í fjölmiðlum og afar sjaldan er fönngum hrósað fyrir góða breyttni og frammistöðu,“ segir Bogga og segir einmitt mikla þörf á slíkri jákvæðri umbun.

Viðamikil starf

Hvernig skyldi dæmigerður dagur fangavarda líða? „Það er byrjað á því að opna alla klefa og bjóða góðan dag. Svo fara þeir að tynast fram og fá sér morgunmat.

Klukkan níu fara þeir út í vinnu og skóla. Það eru fangaverðir sem sjá um vinnuna og taka á móti þeim. Stýra vinnunni og liðsinna þeim með ýmislegt.

Þeir sem fara ekki í vinnu eða skóla fara í útivist klukkan tíu.

Svo fara allir inn í hádeginu og fá sér að borða. Sama rútinan byrjar aftur eftir hádegismat klukkan eitt. Það er útivist aftur klukkan þrjú og svo enn og aftur eftir klukkan fimm.

Á virkum dögum þurfa fangar



STARF MITT FELST HELST

Í MIKLUM SAMSKIPTUM

VIÐ ÆTTINGJA. ÞAÐ ER

OFT ERFITT OG FLÓKIÐ

AÐ EIGA AÐSTANDANDA

Í FANGELSI.

ÞVÍ FYLGIR MIKIL SKÖMM.

einnig að sinna alls kyns erindum sem fangaverðir þurfa að liðsinna þeim í. „Flutningar í dóm, læknaferðir, fylgdarleyfi og fleira. Hér á Litla-Hrauni eru líka alls konar viðtöl við lækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, félagsfræðinga, lögfræðinga og námsráðgjafa Svo fara þeir í verslunina og fá heimsókn. Klefunum er svo lokað klukkan tíu um kvöldið.“

Fyrir utan að sjá um heimsóknir aðstandenda til fanga þá sér Bogga um ýmsar skráningar og einkennisföt fyrir allt fangelsiskerfið.

„Ég hitti marga aðstandendur og börn þeirra. Þegar við vorum með fullt fangelsið gátu þetta verið um 200 manns sem voru að koma í heimsókn í hverjum mánuði. Samt er alltaf einhver hópur sem ekki fær heimsóknir. Hér í fangelsinu eru það um tuttugu prósent.“

Hún segir ekki hjá því komist að vera umhugað um bæði fanga og aðstandendur þeirra.

„Ég held að enginn geti komist hjá því að þykja vænt um fólk sem það hefur þekkt í mörg ár svo að svarið er frekar að manni er umhugað um þá. Ég hef verið með fönngum hér í mörg ár og tekið þátt í lífi þeirra. Við erum með þeim um hátiðar, þegar börn þeirra fæðast og hittum þau

Ford TRANSIT



FORD TRANSIT **CONNECT**
FRÁ **2.218.000** KR. ÁN VSK
2.750.000 KR. MEÐ VSK
NÚ FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR

FORD TRANSIT **CUSTOM**
FRÁ **3.177.000** KR. ÁN VSK
3.940.000 KR. MEÐ VSK
NÚ FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR

FORD TRANSIT **VAN**
FRÁ **4.109.000** KR. ÁN VSK
5.095.000 KR. MEÐ VSK
NÚ FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR
NÝTT FJÓRHJÓLADRIF

FORD TRANSIT **BUS**
FRÁ **4.508.000*** KR. ÁN VSK
5.590.000 KR. MEÐ VSK
FÁANLEGUR 12-18 MANNA
*verð miðast við hópferðaleyfishafa

#VINSÆLASTIR

Transit eigendur hafa í áratugi sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford atvinnubíla. Þeir hafa fengið fjölda verðlauna enda vinnubjarkar, sparneytnir og bekkir fyrir lága bílanatíðni. Í fyrra var Ford Transit mest seldi atvinnubíll í heimi.

Transit er ríkulega búinn m.a. með Bluetooth, olíumiðstöð með tímastillingu (alltaf heitir á morgnana), spólvörn, brekkubremsu og aksturstölvu.

Brimborg leggur mikla áherslu á framúrskarandi þjónustu við Transit eigendur enda leggja þeir traust sitt á atvinnubíla frá Ford.

Fjöl margar nýjungar!
✓ Breiðari vörulína
✓ Kraftmeiri
✓ Fáanlegur sjálfskiptur
✓ Væntanlegur með nýju fjórhjóladrifi
✓ Umhverfisvænni
Bílar til afhendingar strax!



Ford er frábær!
Komdu í Brimborg og kynntu þér í Ford Transit nýjungarnar

ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

svo aftur þegar þau koma að heim-sækja þá. Við erum með þeim þegar aðstandendur þeirra veikjast eða deyja, fylgjum þeim á sjúkrahús, í jarðarfari, fæðingu og fermingar barna þeirra svo auðvitað myndast oft væntumþykja. Ég hef einu sinni farið í jarðarför hjá fanga sem var búinn að vera á Litla-Hrauni í mörg ár,“ útskýrir Bogga um þau tengsl sem myndast. „Allt lífið fer hér í gegn, þetta er hringrás lífs og dauða og það er stundum erfitt að tækla það,“ segir Bogga um það sem henni þykir mest krefjandi.

Geðþrýði og hugrekki

Hvaða eiginleikum telur hún að sé gott að búa yfir í starfi fangavardar? „Vera geðgóður, þolinmóður og ekki þýðir að vera hræddur. Svo þarf maður að geta verið með góða hlustun því það er ýmislegt sem býr bak við orðin. Svo þarf að geta skilið sig frá starfi og persónulegum hlutum. Vera ákveðinn en samt sanngjarn og ekki vera meðvirkur. Við erum í flóknu hlutverki. Við eigum að hjálpa og liðsinna en samt láta þá fara eftir reglum. Það kemur fljótt í ljós hvort þetta starf hentar þér,“ segir hún.

Örfáar konur fangaverðir

Fimmtíu og þrjár fangaverðir starfa á Litla-Hrauni. Af þeim eru aðeins sex konur.

„Það eru ekki margar konur í þessu starfi, við höfum verið að jafnaði um sjö hér þau tuttugu ár sem ég hef starfað sem fangavörður. Oft fjölga þeim á sumrin og það er gott. Það er nefnilega mikið gagn í því að hafa konur í þessu starfi. Þeir segja okkur marga hluti sem þeir eru ekki að ræða við karlkynsfangaverði,“ segir hún. „Ég er ekki viss um af hverju konur velja sér síður þetta starf. En kannski eru þær ekkert að hugsa, hey það er örugglega alveg frábært að vinna á Litla-Hrauni,“ segir hún og kímir.

Bogga segir starfsandann á Litla-Hrauni góðan þrátt fyrir niðurskurð. „Eins og aðrar ríkistofnanir höfum við orðið fyrir miklum niðurskurði og allt sparad. Helst þyrfti að hugsa betur um starfsmennina sem vinna í þessu kerfi. Mér fundist góð hugmynd að bjóða upp á liðveislu. Það stendur þó til bóta.

Eins hefur í gegnum tíðina stöðugt verið að fækka stöðum í fangavardarstétt. Fjölbreytnin er minni og erfiðara að vinna sig upp í starfi. Lögreglan hefur til dæmis langtum fleiri möguleika á starfsþróun. Þú getur unnið sem fangavörður í tuttugu ár án þess að hækka einu sinni í stöðu. Hvað þetta varðar þá finnst mér að það þurfi að leggja meiri metnað í nám í Fangavardaskóla. Námið var tvær annir en árið 2008 var námið stytta í eina önn í sparnadarskygni, segir Bogga frá og segir stjórnmálamenn sjaldan brenna fyrir fangelsismálum. „Stjórnmálamenn eru ekki að berjast fyrir þessu kerfi í aðdraganda kosninga enda gefur þetta fá atkvæði,“ segir Bogga.

Mýkri veruleiki í fangelsi

Bogga segir veruleikann á Litla-Hrauni mýkri í dag en þegar hún hóf störf fyrir tuttugu árum.

„Þegar ég hóf störf var andrúmsloftið grjóthart og stíft. Þá voru fangar líka oftast á miklum lyfjum sem gerði þá erfiðari í samskiptum. Veruleikinn er ekki eins harður. Nú er unnið meira með fongum og litid til betrunar. Eins skiptir miklu máli að það hefur verið tekið á lyfjaávisunum lækna til fanga. Mörg lyf sem hægt er að misnota eru á bannlista,“ bendir hún á.

Strokið yfir hverja síðu

Hún segir að þótt eiturlyfjum sé smyglað í fangelsið sé gæslan og aðhaldið mikið. „Það er sama ástandið í öllum fangelsum heimsins. Hér eru fiklar og þeir reyna alltaf að smygla inn eiturlyfjum. Þetta hefur

snarlagast, hér er mikil gæsla og fíkniefnahundur á staðnum. Þeir eru samt oft skrefi á undan. Nú þarf til dæmis að strjúka yfir hverja blaðsíðu af bók sem berst inn á fangelsið ef það skyldu nú leynast þar morfinplástrar,“ bendir hún á sem dæmi.

„Í dag koma fleiri sérfræðingar að málefnum hvers fanga. Hugsunin er að koma fongum út í samfélagið og virkja þá til góðs. Nú fara þeir í opið fangelsi, síðan á Vernd og fá svo öklklaband. Aður fóru þeir beint úr öryggisfangelsi á götuna. Margt hefur breyst til góðs og sú þróun ætti að halda áfram,“ segir Bogga sem bendir á að margt megi enn betur fara.

Verknám yrði til bóta

„Það sem við erum alltaf að basla við er að fá næga vinnu fyrir þá. Einnig held ég að verknám mundi gera þeim mjög gott. Það myndi gagnast þeim mjög mikið ef þeir væru með iðnmenntun þegar þeir losna hédan út.

Flestir hér hafa ekki möguleika á því að ganga vel í bóknámi. Þetta kostar allt saman peninga,“ segir Bogga.

„Svo finnst mér vanta húsnaði og vinnu fyrir þá sem lokið hafa afplánun sem gæti orðið á vegum ríkis og sveitarfélaga og þá með umsjón til að draga úr líkum á að fara aftur í afbrot. Sumir sem eru hér hafa aldrei unnið í venjulegri vinnu og aldrei borgað skatt. Vita varla hvað skattur er,“ leggur hún áherslu á.

Hún segir oft einblint á aðbúnaðinn í stað meðferðarstarfs.

„Við verðum að muna að hvernig sem aðbúnaðurinn er er það manneskjan sjálf sem ákveður að breyta lífi sínu og það hefur ekkert með aðbúnað að gera. Hér er til dæmis rekin meðferðardeild með tveimur meðferðarfulltrúum sem er frábært starf. Svo eru AA-fundir hér á hverju kvöldi. Það er óeigingjarnt starf sem oft er lítið metið. Hér er allt til staðar fyrir þá sem vilja fara beinu brautina.“

Andlitið breytist

Bogga segist ætla að vinna lengur sem fangavörður þótt henni þyki vinnudagurinn full langur. „Starfsfélagarnir eru frábærir. Það verður að segjast eins og er að það er þægilegt að vinna með karlmönnum, þeir eru ekki að flækja hlutina of mikið.

Það eina sem ég get fundið að starfinu er að þetta er frekar langur vinnudagur eða frá 08.00 til 17.00 og engin matar- eða kaffitími.

„Mér finnst gott að hjálpa fólki, það gefur mér heilmikið. Það er líka ómetanlegt að upplifa það þegar fangar snúa lífi sínu til betri vegar. Það er gott að fá að taka þátt í því. Maður sér það, það breytist allt. Fasið og meira að segja svipurinn á andlitinu. Það er eins og það kvikni hreinlega ljós. Þeir átta sig á því hvað lífið er mikils virði og hvað aðstandendur þeirra hafi barist mikið fyrir því að þeir breyti lífi sínu. Þetta er gleðin í starfinu. Þegar það gengur vel.

Svo eru margir sem koma hingað aftur og aftur. Stundum er maður feginn þegar þeir koma hingað inn. Þá hafa þeir verið að skaða fólk og í bulli. Stundum bjargar það lífi þeirra að koma hingað hinn. Það vita það ekki allir en lögreglan grípur oft inn í þegar einhver góðkunningi þeirra er kominn í stórhættu. Þá eru þeir kannski teknir fram fyrir röðina og í afplánun. Stundum hafa foreldrar þessara manna og jafnvel börn þeirra hringt og bedið um afplánunina. Fjölskyldan er stundum fegin þegar tekist hefur að bjarga lífi þessara manna með því að taka þá úr umferð. Þetta er ekki allt eins en það sem er alltaf eins er að þau eru þung sporin hingað inn. Þungst þegar fólk kemur hingað í fyrsta sinn. En alltaf þung. Og þess vegna skiptir nú öllu máli að vera almennilegur og minna fólk á tækifærið á því að sjá nú ljósið og snúa til betri vegar,“ segir Bogga.



„Það breytist allt. Fasið og meira að segja svipurinn á andlitinu,“ segir Bogga um þá sem loks breyta rétt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK



STUNDUM HAFU FORELDRAR ÞESSARA MANNA OG JAFNVEL BÖRN ÞEIRRA HRINGT OG BEDIÐ UM AFPLÁNUNINA. FJÖLSKYLDAN ER STUNDUM FEGIN ÞEGAR TEKIST HEFUR AÐ BJARGA LÍFI ÞESSARA MANNA MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁ ÚR UMFERÐ.

Fangelsin hafa gjörbreyst undanfarin ár - starf fangavarðar um leið

Margrét Frimannsdóttir, fyrrverandi fangelsisstjóri tekur undir með Boggu og segir nauðsynlegt að efla Fangavarðaskólann. „Fangelsin hafa gjörbreyst. Það hefur aukist að inni sitji veikir fangar. Fangaverðir þurfa að hafa þekkingu til að bregðast við aðstæðum þar sem geðræn vandamál spila inn í.“

Efla þurfi námið, lengja og endurskoða námskrána. „Það myndi breyta miklu fyrir fangelsin og væri betra fyrir þá sem sitja inni í fangelsunum, sem skiptir öllu. Starfsmenn sem fara

í gegnum nám eru hæfari til að takast á við þau vandamál sem upp koma. Það þarf líka að efla námskeiðahald og sérþekkingu innan fangelsanna og fjölga fangavörðum – þannig að þeir geti haft sérsvið. Það eiga ekki allir að geta allt, heldur frekar að hægt sé að kalla fólk til þegar aðstæður koma upp.“

Hún segir áhugaleysi stjórnvalda á málaflöknum hrópanði. „Það hefur verið litill áhugi á að bæta þetta. Og það er fáránlegt að mjög fáir starfandi fangaverðir komast í skólann.



Margrét Frimannsdóttir

Framboðið af námi er svo lítið og haldið svo sjaldan að það uppfyllir ekki þær þarfir sem þegar eru í fangelsunum. Þú getur ekki tekið ákvörðun um að mennta þig sem fangavörður og vinna við það, ekki meðan fyrirkomulagið er svona.“

Nýverið var Lögregluskólinn færður á háskólastig. *Er tímabært að slíkt sé gert með Fangavarðaskólann?* „Ekki endilega. En það væri hægt að hafa grunn, fyrir lögreglu, fangaverði og starfsmenn tollsins, sameiginlegan. Síðan kæmi sérhæfingin á eftir.“

Stofnun Menntaskóla í tónlist fagnað í Hörpu!

mít

Tveir öflugir tónlistarskólar taka höndum saman og próa nýjar leiðir í tónlistarnámi með stofnun Menntaskóla í tónlist.

Tímamótunum verður fagnað með sameiginlegum tónleikum Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólans í Reykjavík í Kaldalóni í Hörpu, sunnudaginn 19. febrúar kl. 14:00. Menntaskóli í tónlist

mun taka til starfa á haustönn 2017 og býður upp á fjölbreytt nám í rytmískri og klassískri tónlist. Einnig verður hægt að ljúka stúdentsprófi frá skólanum með tónlist sem aðalnámsgrein.

Efnisskrá tónleikanna er afar fjölbreytt og glæsileg. Þar koma fram stórsveit, kammerkór, strengjakvartett, brasshópur,

söngvarar og fjöldi áhugaverðra samspilshópa sem flytja fjölbreytta tónlist á sviði klassískrar og rytmískrar tónlistar. Aðgangur á tónleikana er ókeypis og öllum opinn á meðan húsrúm leyfir.

Nánar á menton.is





Donald Trump Bandaríkjaforseti og Steve Bannon, ráðgjafi hans, við innsetningarathöfn forsetans. NORDICPHOTOS/AFP

Úr gullsölu í World of Warcraft í Hvíta húsinu

Steve Bannon hefur átt skrautlegan feril. Hann er nú orðinn aðalráðgjafi forseta Bandaríkjanna. Áður hefur hann stýrt fjölmiðli og selt tölvuleikjagull. Andstæðingar ríkisstjórnarinnar halda því sumir fram að Bannon sé valdamesti maður Bandaríkjanna.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Fjöldmargir forsetar hafa ráðið áberandi ráðgjafa. Sumir þessara ráðgjafa hafa verið grunadir um að ákveða stefnuna á bak við tjöldin. En við höfum aldrei orðið vitni að ráðgjafa sem hefur tryggt sér jafn mikið vald og Stephen Bannon. Né heldur höfum við séð mann valda yfirmanni sínum svo miklum álitshnekki.

Svona hefst skoðanagrein sem birtist í New York Times í lok janúar mánaðar. Öll ritstjórn blaðsins kvíttar undir greinina sem fjallar um Stephen K. Bannon, oftast kallaður Steve, aðalráðgjafa forseta Bandaríkjanna.

Skipan Bannons í embættið hefur verið gagnrýnd. Hefur Bannon verið sagður gyðingahatari, kynþáttahatari og kvenhatari. Þá hefur hann verið kallaður brúðumeistari Trumps. Um sama leyti og fyrrnefnd grein birtist í New York Times fór myllumerkið #StopPresidentBan-

non á flug á Twitter.

Leið Bannons í embætti aðalráðgjafa er hins vegar líkt og í skáldsögu. Fáir hafa skrautlegri ferilskrá og rýndi Fréttablaðið í fyrri störf Steves Bannon.

Úr háskóla í herinn

Bannon útskrifaðist úr Virginia Tech háskóla með BA-gráðu í skipulagsfræðum. Þaðan lá leiðin í meistaranám í þjóðaröryggisfræðum við Georgetown University School of Foreign Service og loks í MBA-nám við Harvard.



STEVE BANNON ER LENI RIEFENSTAHL TEBODS-HREYFINGAR-INNAR.

Andrew Breitbart



Á milli þess að nema skipulagsfræði og þjóðaröryggisfræði skráði Bannon sig hins vegar í sjóher Bandaríkjanna þar sem hann þjónaði frá árinu 1976 til 1983. Var hann í áhöfn herskipisins Paul F. Foster á Kyrrahafi.

Fjárfestir og frömuður

Þegar Bannon fór út á vinnumarkaðinn eftir nám og herþjónustu var hann ráðinn til fjárfestingabankans Goldman Sachs. Vann hann sig þar upp í stöðu varaforseta fyrirtækisins. Eftir nokkurra ára starf fyrir Goldman Sachs stofnaði Bannon fjárfestingabankann Bannon & Co. með nokkrum samstarfsmönnum.

Þegar hér er komið sögu verður sagan af ferli Bannons skrautleg.

Eftirminnilegasta verkefni Bannon & Co. var að hafa umsjón með sölu fyrirtækisins Castle Rock Entertainment til stofnanda CNN, Ted Turner. Fyrir þátt sinn í viðskiptunum öðlaðist Bannon hluta af réttindum fyrir fimm sjónvarpsþætti. Á meðal þeirra var nýr þáttur, kominn á sína þriðju þáttaröð, er nefndist Seinfeld. Átti Bannon eftir að græða milljarða á þeim réttindum.

Kvikmyndir og Breitbart

En Seinfeld er ekki einu tengsl Bannons við skemmtanabransann. Frá árinu 1990 hefur Bannon framleitt átján kvikmyndir. Allt frá glæpatryllinum the Indian Runner úr



Bannon hefur verið harðlega mótmælt.

→ mögulegum nýlendum mannkyns í geimnum. Þegar fram liðu stundir fór verkefnið hins vegar að snúast um loftslagsbreytingar og mengun.

Hið allra sérkennilegasta á ferilskrá Bannon er hins vegar starf hans fyrir Internet Gaming Entertainment. Árið 2006 taldi Bannon félagi sína hjá Goldman Sachs á að fjárfesta í fyrirtækinu. Var það gert og settist Bannon í stjórn



IGE. Á þeim tíma var eitt helsta verkefni fyrirtækisins að selja spilurum tölvuleiksins World of Warcraft stafrænan gjaldmiðil leiksins, gull, fyrir raunverulega peninga.

Þar sem slíkt braut gegn notendaskilmálum leiksins fór einn spilari í mál við Internet Gaming Entertainment. Við það tók fyrirtækið krappa **Bannon seldi tölvuleikjagull.** NORDICPHOTOS/AFP

dýfu. Það reis hins vegar úr öskunni, breytti nafninu í Affinity Media og réð Bannon framkvæmdastjóra. Því starfi gegndi hann frá 2007 til 2011. Undir því nafni rak fyrirtækið meðal annars leitarvél og spjallborð fyrir tölvuleiki.

Afhjúpandi kosningabaráttu

Eftir talsverða erfiðleika í herbúðum Donalds Trump í kosningabaráttunni síðastliðið sumar var ákveðið að skipta um manninn í brúnni. Tók því Bannon við stöðu framkvæmdastjóra framboðsins í ágúst. Það reyndist farsæl ákvörðun því Trump sigraði í kosningunum.

Í kosningabaráttunni fékk heims-

byggðin hins vegar að kynnast bæði Bannon og Breitbart News betur.

Hefur því verið haldið fram að Bannon og Breitbart News hafi hatursfullar skoðanir á konum, gyðingum og innflytjendum svo fátt eitt sé nefnt. Þá var kæra Mary Louise Piccard frá árinu 1995 dregin fram í sviðsljósið. Piccard var á þeim tíma eiginkona Bannons og sakaði hann um heimilisofbeldi. Dómstóll felldi málið hins vegar niður þar sem Piccard mætti ekki fyrir rétt.

En nú er Bannon kominn í Hvíta húsið sem aðalráðgjafi. Þar situr hann einnig í öryggisráði Bandaríkjanna og talar um fjölmiðla sem stjórnarandstöðuna í landinu.

SMÁRALIND

BRAGÐAREFUR

SJÁÐU SPENNANDI TILRAUNIR
Á VÍSINDASÝNINGUNNI



SPRENGJU-KATA KL. 13:30 Í DAG

SPRENGJU-KATA MÆTIR MEÐ STÚTFULL TILRAUNAGLÖS SEM FREYÐA AF TÖFRUM OG VÍSINDUM.

→ smíðju Seans Penn og til heimildamyndarinnar In the Face of Evil um Bandaríkjaforsetann Ronald Reagan.

Við framleiðslu myndarinnar um Reagan kynntist Bannon íhaldsmanninum og blaðamanninum Andrew Breitbart. Kynnin urðu til þess að Bannon varð einn stofnenda fréttasíðunnar Breitbart News. Miðillinn var síðar gagnrýndur fyrir ófgakenndar skoðanir á minnihlutahópum. Með því hófust eiginleg afskipti Bannons af stjórnmálum.

Bannon átti eftir að vinna að ýmsu fyrir Breitbart News. Framleiðsla hans á heimildamyndum um íhaldssamar konur, Söru Palin og Occupy-hreyfinguna urðu til þess að Breitbart sjálfur lýsti Bannon sem „Leni Riefenstahl Teboðshreyfingarinnar“. Þá stýrði hann einnig útvarpsþætti Breitbart News á útvarpsstöðinni SiriusXM Patriot.

Eftir andlát Breitbarts árið 2012 tók Bannon við stöðu framkvæmdastjóra Breitbart News og gegndi henni til ársins 2016. Á sama tíma hafði hann stofnað samtök sem fylgdust með kjörnum fulltrúum, Government Accountability Institute. Komu samtökin að útgáfu bókarinnar Clinton Cash þar sem Bill og Hillary Clinton eru sökuð um ýmislegt misjafnt.

Warcraft og geimferðir

En Bannon hefur ekki eingöngu framleitt kvikmyndir og séð um sölu fyrirtækja. Á meðal þess óvenjulegasta sem hann hefur fengið við er stýring rannsóknarverkefnisins Biosphere 2 í eyðimörkinni í Arizona-riki. Á tíma sínum við stjórnvölinn einbeitti Biosphere 2 sér að geimkönnun og

Stóri róttæklingurinn Högna

Hús og byggingar Högnu Sigurðardóttur sem voru byggð seint á sjöunda áratugnum á höfuðborgarsvæðinu eru gersemar í íslenskri byggingarsögu. Arfleifð hennar er mikilvæg enda varð hún fyrsta konan til að teikna hús á Íslandi.

Högnu Sigurðardóttir arkitekt, er látin 88 ára að aldri. Högna fæddist í Vestmannaeyjum árið 1929 og útskrifaðist sem arkitekt árið 1960 frá Ecole des Beaux Arts í París, fyrst Íslendinga. Að loknu námi lauk hún við teikningar af fyrsta verki sínu sem var íbúðarhús í Vestmannaeyjum. Með því varð hún fyrst kvenna til að teikna hús á Íslandi og hafði framúrsteffulegar hugmyndir um arkitektúr.

Högna var lengstum búsett í París og starfaði þar sem arkitekt en vann einnig að verkefnum hér á landi.

Einbýlishús reist í Reykjavík, Kópavogi og Garðabæ á sjöunda áratugnum eru meðal þess sem vitnar um störf hennar en ein frægasta hönnun hennar var einbýlishúsið við Bakkafliót 1 Garðabæ. Í því verki vann hún með hugmyndir úr fornri íslenskrí húsagerð sem efnivið í framsækinni listsköpun. Árið 2000 var húsið við Bakkafliót valið ein af 100 merkustu byggingum 20. aldar í norður- og miðhluta Evrópu, í tengslum við útgáfu alþjóðlegs yfirlitsrits um byggingarlist 20. aldar.

Árið 1992 tók Högna Sigurðardóttir sæti í akademíu franskra arkitekta. Högna var kjörin heiðursfélagi Arkitektafélags Íslands árið 2008 og hlaut hún heiðursorðu Sjónlistar árið 2007 fyrir einstakt framlag sitt til íslenskrar nútíma-byggingarlistar.

Högna hafði óvenjulegan stíl og lagði áherslu á tengsl húss við náttúru, hrá og ómálud steypa lék stórt hlutverk í arkitektúr hennar. Högna var spurð í viðtali við Morgunblaðið 26. september 1993 hvort hún héldi að fólki liði vel í húsum úr steinsteypu þar sem litir eru fáir og formin gróf. Hún svaraði: „Aðaláhugamál mitt er fólk. Öll mín hugsun gengur út á það að gera það sem ég held að sé gott fyrir fólk. Þegar ég teiknaði þessi einbýlishús sem þú ert með í huga, leitaði fólkið til mín því það vissi hvernig ég teiknaði. Ég hef reynt að koma til móts við þær lífsvenjur sem fólkið átti.“

Á mörkum byggingar og náttúru Hildigunnur Sverrisdóttir arkitekt segir hana hafa hugað að því að búa til ævintýri á mörkum byggingar og náttúru.

„Högna virðist hafa séð arkitektúr sem mót náttúru og manneskjunnar á tímum þar sem módernísk alþjóðavæðing var í algleymingi. Þótt hún sé kannski ekki ein um það er það mjög skýr þáttur í höfundarverki hennar. Byggingin situr ekki ofan á umhverfinu heldur sprettur í krafti þess að manneskjan ákvað að setjast að á þessum stað og þessari stund. Hún mótar bygginguna með landinu, verpir efnunum í kring og skýlir fjölskyldulífinu sem síðan skýtur rötum og vex og blómstrar inni í skelinni sinni. Í byggingum



Árið 2000 var húsið við Bakkafliót valið ein af 100 merkustu byggingum 20. aldar í norður- og miðhluta Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Brekkugerði 19 er sögufrægt hús á tveimur hæðum og var byggt árið 1963.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Sunnubraut 37 í Kópavogi er eftir Högnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



HÚN MÓTAR BYGGINGUNA MEÐ LANDINU, VERPIR EFNUNUM Í KRING OG SKÝLIR FJÖLSKYLDULÍFINU SEM SÍÐAN SKÝTUR RÖTUM OG VEX OG BLÓMSTRAR INNI Í SKELINNI SINNI.

Hildigunnur Sverrisdóttir

Högnu er innhverf samvera teiknuð þar sem hún á við, opnað upp fyrir huga sem vill reika með skýjunum og dagsdaglegir hlutir eins og að bada sig verður ævintýri á mörkum byggingar og náttúru,“ segir Hildigunnur.

Umhyggja og skilningur

Hildigunnur segir byggingar Högnu innblástur. Uppáhaldsbygging hennar er þó huglæg. Teikningar hennar sem hún sendi til Vestmannaeyja, fæðingarþæjar síns. „Byggingar Högnu sem maður hefur ýmist heimsótt eða séð á teikning-

um og myndum hafa verið manni innblástur frá fyrstu kynnum. Eiginlega þykir mér fallegasta byggingin samt huglæg bygging, teikning fyrsta hússins hennar heima í Eyjum. Þá var hún auðvitað í París og símtöl sennilega dýr og sjaldgæf. Hún sendi því húsa-smíðnum teikningar með lýsingum og leiðbeiningum eins og gjarnan er gert. En það sem mér finnst fallegast er hvernig hún vefur skilaboðin sín inn í teikninguna, sendir smíðnum hugsanir sínar, af svo miklu næmi inn í teikningarnar, nákvæmlega úthugsaðar og af mikilli umhyggju og skilningi á efnisheimi byggingarinnar. Hún vissi nákvæmlega hvernig þessi bygging vildi rísa í landinu og móta sig með því,“ segir Hildigunnur.

Enn stóri róttæklingurinn

Hvað er það í hugsun hennar og list sem gerir hana svo mikilvæga í byggingarsögu landsins?

„Það hefði verið áhugavert að sjá hvernig arkitekt Högna hefði verið hefði hún komið heim. Ég hugsa að starfsumhverfi hennar í Frakklandi hafi boðið upp á ríkluga samtal og möguleika til að þroska færni og hæfileika, samtalið við kollegana gagnrýna og verkefnið boðið upp á minna skilyrta hönnun. Það eru afar fáir innlendir arkitektar sem leika eftir henni að flétta saman næmi, rýmiskennd og þetta töfrandi en sterka mót manns og náttúru sem byggingar hennar sannarlega eru. Því er hún að vissu leyti enn stóri róttæklingurinn í íslenskri byggingarlistasögu,“ segir Hildigunnur.

Hvetjandi kvenfyrirmynd

Nú þegar margir minnst hennar, hvað er þér efst í huga?

„Þakklæti og í raun gleðin yfir að eiga að fyrirmynd sannan og gríðarlega hæfileikaríkan arkitekt, sem virðist aldrei hafa gefið þumlungu eftir í gæðum og sýn, sem tók ábyrgð á fegurð og samhengi bæði



Högna Sigurðardóttir lærði arkitektúr í París.

fyrir innra samhengi fjölskyldu eða annarra notenda sem og ytra samhengi umhverfisins. Það er afar sjaldgæft að höfundaverk sé svo sterkt út í gegn.

En um arfleifð hennar þá sérstaklega. Fyrir utan að vera svona sterk fagmanneskja, þá var hún auðvitað kona og hversu mikið sem hægt er að þakka því gæðum verka hennar, þá hefur sannarlega verið hvetjandi að hafa hana sem fyrirmynd alveg frá fyrsta skóladegi – sér í lagi í frekar karllægum heimi byggingaridnaðarins.“

Hildigunnur lærði líka í París. Hún kynntist aldrei Högnu persónulega. „Ég hins vegar fletti Íslandi upp í spjaldskrá bókasafnsins í skólanum mínum í París og þar var tvennt að finna, ráðhús Studio Granda og svo umfjöllun um hennar verk, þannig að hún fylgdi mér frá fyrstu viku. Hún var lágstemmd og hógvæ, sér í lagi í ljósi þess að hún var ein af afar fáum konum og útlendingum til að stunda nám á sínum tíma í akademíunni í París. Hún var afar áhugaverð blanda af íslenskri sjávarþorpstúlku, sem unni hráum eiginleika efna og nýtti sér mótanleika þeirra – en mér sýnist hún líka hafa fallið vel inn í síðfagað umhverfi fagsins í París. Hún virtist aldrei þykjast vera neitt annað en hún sjálf. Enda engin ástæða til þess.“

kristjanabjörg@frettabladid.is



BEINT FRÁ HJARTANU

1 HRINGUR
+ 0,5 L KÓK
OG ANNAR
HRINGUR FRÍR

679 KR.*



*Gildir til 26. febrúar 2017

Mánudagstilboð



ALLIR DD DRYKKIR
Á 399 KR.

Beyglur



ALLAR BEYGLUR
Á 599 KR. - ALLA DAGA

Miðvikudagstilboð



30% AFSLÁTTUR AF
6 HRINGJUM Í KASSA

Þú færð glænýja og gómsæta kleinuhringi fyrir ástina þína á Dunkin' Donuts. Gerðu góðan dag enn betri með brakandi ferskum beyglum, beint úr ofninum og ilmandi kaffi úr nýmöluðum hágæðabaunum.

   | Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9 | Fitjar | Keflavíkurlflugvöllur



Þekktu þingmanninn Kolbeinn Óttarsson Proppé



Kolbeinn Óttarsson Proppé ásamt syni sínum, lengst til vinstri, með Karlakór Reykjavíkur, hundinum Kolku, og dóttur sinni, lengst til hægri.

Snærós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Fæddur: 19. desember 1972

Maki: Ég er makalaus maður!

Börn: Óttar, fæddur 1998, og Áróra Elí, fædd 2003

Foreldrar: Óttar Proppé og Guðný Ásólfadóttir

Menntun: BA í sagnfræði með íslensku sem aukagrein. Stúdent frá MK.

Fyrri störf: Bóksali í Pennanum-Eymundsson 1997–1998. Starfsmaður við ættfræðigrunn Íslenskrar erfðagreiningar 1998–2000. Sjálfstætt starfandi sagnfræðingur og þýðandi 2000–2006. Blaðamaður á Skessuhorni 2006–2007. Blaðamaður á Fréttablaðinu 2008–2010. Kynningarfulltrúi BSRB 2010–2011. Blaðamaður á Fréttablaðinu 2011–2013. Upplýsingafulltrúi Strætós bs. 2013–2014. Blaðamaður á Fréttablaðinu 2015. Sérfræðingur hjá Aton ehf. 2015–2016.

Áhugamál: Tónlist, bækur, að dunda mér í sumarþústaðnum, ganga með hundinn.

Hver hefur ferill þinn í stjórnáttum verið? Flosi vinur minn Eiríksson gerði mig að formanni Æskulýðsfylkingar Alþýðubandalagsins í Kópavogi. Þá var ég 15 ára og þurfti undanþágu, þar sem aldurstakmarkið var 16. Starfaði innan Alþýðubandalagsins og var m.a. formaður Alþýðubandalagsins í Reykjavík. Varð varaborgarfulltrúi R-listans og sat í nefndum fyrir hann. Var kosningastjóri VG í Reykjavík 1999 og leiddi lista VG í Suðurkjördæmi 2003, en náði ekki kjöri. Hætti afskiptum af stjórnáttum það ár, en gekk svo aftur í VG 2015 og var kjörinn á þing 2016.

Hvernig list þér á þingmannsstarfið hingað til? Mjög vel. Þetta var nokkuð lengi í gang. Nú er hins vegar allt í fullum gangi og starfað í þingsal og í nefndum. Maður finnur að það er hægt að hafa áhrif, en að sjálfsgöðu eru því takmörk sett, verandi þingmaður í stjórnarandstöðu. Það liggja mörg mál undir og mikið sem þarf að kynna sér og starfið að mörgu leyti kaótískt. Það hentar mér vel.

Hvað úr reynslubankanum nýtist þér í nýja starfinu? Í raun allt, enda starfið fjölbreytt. Úr sjómennskunni tek ég það að einhenda mér í verkin og ljúka í törn, og úr bóksöluinni það að koma fram við fólk af virðingu. En mest nýtist mér blaðamennskan; bæði þar sem ég skrifaði um stjórnmál og ekki síður varðandi vinnubrögð og vinnuumhverfi. Að vita ekki að morgni hvernig dagurinn verður og þurfa að setja sig inn í fjölbreytt mál á skömmum tíma.

Sérðu fyrir þér að gera stjórnmál að ævistarfinu? Ég hef aldrei séð fyrir mér að neitt einstakt starf verði mitt ævistarf.

Hvar ólstu upp og hvernig var æskan? Fyrir fjórtán ára aldur bjó ég, í timaröð, á eftirfarandi stöðum:



Kolbeinn segir AA-bókina hafa gjörbreytt lífi sínu til hins betra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Sjómennskan og blaðamennskan nýtast á Alþingi

Kolbeinn Óttarsson Proppé er nýr þingmaður Vinstri grænna. Hann hefur lent í lífsháska á sjó, upplifað dramatískan viðskilnað við Bakkus og er í rokkhljómsveitinni Synir Raspútíns sem enn er í fullu fjöri. Nú er draumurinn að komast til Ítalíu í sumarfrí.



ÉG HEF ALDREI SÉÐ

FYRIR MÉR AÐ NEITT

EINSTAKT STARF VERÐI

MITT ÆVISTARF.

Reykjavík, Dalvík, Hafnarfirði, Siglufirði og Kópavogi. Eftir átta ár í Kópavogi flutti ég svo til Reykjavíkur 1994 og hef búið þar síðan. Æskan var yndisleg og einkenndist af frelsi sem fylgdi sjávarplássunum Dalvík og Sigló. Maður hljóp um allt, lék sér og kannaði, fór í ævintýraferðir upp í fjall og niður í fjöru, og svo jakahlaup og sjóróðra – þegar enginn sá til. Byrjaði snemma að vinna, eða tólf ára gamall í frystihúsinu á Sigló.

Hvernig nærir þú þig andlega? Ég les og hlusta á tónlist og líka á podkóst og hljóðbækur. Ekkert nærir þó betur en að spila á gítarinn og syngja, oftast Dylan.

En líkamlega? Göngutúrar. Að ganga með hundinn í náttúrunni, með hljóðbók, eða að hlusta á náttúruna, er yndislegt.

Hvert langar þig mest að ferðast? Það er misjafnt, aðallega finnst mér gaman að ferðast og skiptir áfangastaðurinn ekki öllu. Núna er það Ítalía.

Hvernig verðu helgarfríur? Sæki fundi í mannræktandi samtökum, dunda mér með dóttur minni, fer í göngutúra með hundinn, rölti um bæinn, kiki á kaffihús. Bestu helgarnar eru þær sem ég fer í sumarþústaðinn í Þjórsárdal.

Hvaða hljómsveit eða tónlistarmaður er mest spilaður á Spotify-aðgangnum þínum? Bob Dylan.

Hvað er síðasta myndband sem þú horfir á á YouTube? Klippa úr Colbert Report um Donald Trump.

Hvaða bók eða rit hefur haft mest áhrif á líf þitt? Hvers vegna? Þær eru margar. Silungsveiði í Ameríku eftir Brautigan, af því að ég fór með hana einn á lestarferðalag um Evrópu, las svona 20 sinnum og lærði um furður lífsins og tungumálið. Frelsið eða dauðinn, eftir Kazantzakis, af því að hún kenndi mér ungum um mikilvægi þess að berjast fyrir hugsjónum sínum en um leið að það getur farið út í öfgar. En sú sem mest hefur haft áhrif á mig er AA-bókin, hún gjörbreytti lífi mínu til hins betra.

Hefurðu lent í lífsháska eða annarri dramatískri lífsreynslu? Praktiserandi alkóhólisti lendir iðulega í dramatískri lífsreynslu og ekkert dramatískara en viðskilnaðurinn við alkóhólið. En lífsháska, tja... Allt frá því að vera kominn í flotgalla meðan sjórinn streymir inn í togarann úti í ballarhafi yfir í að hafa næstum keyrt út af. Sú lífsreynsla sem mest áhrif hefur haft á mig er þó líklega að missa föður minn, tvítugur.

Þú varst í hljómsveitinni Synir Raspútíns. Blundar í þér draumur um að verða rokkstjarna? Hvað meinarðu með „að verða“? Ertu að gefa í skyn að ég sé ekki rokkstjarna nú þegar? Það vill svo til að hluti af Sonum Raspútíns kemur fram á þorrablóti í kvöld að spila úrval úr „samlede værker“. Þá hlýtur heimsreisan að vera á næsta leiti.

FRÁBÆR VIRKNI AF BIO-KULT

Iccare kynnr Bio-Kult er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Ragna Lóa mælir með Bio-Kult Original sem hefur reynst henni vel. Hún náði sér af magakveisu með hjálp þess og finnst meltingin almennt vera betri.

Þegar Ragna Lóa Stefánsdóttir kom heim frá Marokkó var hún með slæma magakveisu og leið illa. Hún fór til læknis sem gaf henni lyf við kveisunni. „En það var eins og ég næði mér ekki alveg af magakveisunni og ákvað því að prófa Bio-Kult Original þar sem ég hafði heyrt svo gott af því áður,“ segir Ragna Lóa.

MÆLIR MEÐ BIO-KULT

Árangurinn lét ekki á sér standa og fann Ragna Lóa ótrúlega fljótt mun eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga. „Ég hef fundið að með aldrinum þá verð ég viðkvæmari í maganum og það er ekki sama hvað ég borða, ég þarf að passa betur upp á mataræðið til að halda meltingunni í lagi. Bio-Kult Original kemur þar sterkt inn fyrir mig því mér finnst að meltingin sé betri og ég finn að það gerir mér gott,“ lýsir hún og bætir við að það eigi sérstaklega við þegar fólk sé undir álagi því þá eflir Bio-Kult varnir líkamans. „Ég mæli með Bio Kult Original, það hefur reynst mér mjög vel.“

GOTT FYRIR MELTINGUNA

Margrét Alice Birgisdóttir heilsmarkþjálfari mælir með því við viðskiptavinum sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar. Ég mæli heilshugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract og með Bio-Kult Original, báðar tegundir hafa reynst mér vel,“ segir Margrét.

BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum



Ragna Lóa fann ótrúlega fljótt mun á sér eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga. MYND/STEFÁN

”Bio-Kult Original kemur þar sterkt inn fyrir mig því mér finnst að meltingin sé betri og ég finn að það gerir mér gott.

Ragna Lóa Stefánsdóttir



svæðum hjá konum. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk

með mjólkur- og sojaþol má nota vörurnar.

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heiluhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.

IceCare
þín heilsa

AMÍNÓ LIÐIR

Liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr sæbjúgu úr hafinu við Ísland.

Inniheldur

sæbjúgu, vatnsrofin þorskprótín, túrmerik, D vítamín, C vítamín og mangan.



Snorri Snorra
„Virkar vel á mína liði“



AMÍNÓ LÉTT

Seðjandi og mettandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun vegna glúkómannan.

Inniheldur

vatnsrofin þorskprótín, glúkómannan og króm-pikkólinat.



Guðrún Lilja
„Finn góðan mun á mér“



AMÍNÓ 100%

Fyrir fólk sem vill auka neyslu á hreinu fiskpróteini.

Inniheldur

einungis vatnsrofin þorskprótín úr villtum íslenskum þorski.



Guðjón Ágúst
„Mun kraftmeiri í ræktinni“



DRAKK FYRSTA KAFFIBOLLANN 7 ÁRA

Tumi Ferrer mun fara yfir út á hvað kaffi gengur, hvaðan það kemur og hvernig það er verkað á námskeiði á vegum Te og kaffi á þriðjudaginn. Hann ætlar einnig að sýna hvernig kaffi er lagað með V60-aðferðinni.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigridinga@365.is



Tumi var aðeins sjö ára þegar hann smakkaði kaffi í fyrsta sinn og eftir það varð ekki aftur snúið. Hann hefur mikinn áhuga á kaffi og starfar nú sem fræðslustjóri hjá Te og kaffi.

„Ég kem úr mikilli kaffidrykkjufjölskyldu. Upphaldskaffi mitt er upphellt kaffi en ég helli upp á eftir aðferð sem heitir V60. Hún kemur upprunalega frá japanska fyrirtækinu Hario. Ég nota pappírfilter, helli mjórri bunu af heitu vatni yfir kaffið og læt það drjúpa niður. Grófleiki kaffisins, hitastig vatnsins og tíminn hefur allt áhrif á hvernig kaffið verður á bragðið. Helst drekk ég



Upphellt kaffi eftir V60-aðferðinni er upphaldskaffi Tuma.

kaffi frá búgarði í Gvatemala sem heitir Parcela Celajes og fæst eingöngu á kaffihúsum Te og kaffi. Það er ristað í Austurstræti 9,“ segir Tumi, sem sér um ristunina þar einu sinni í viku.

„Þar er starfrækt kaffihúsið Micro Roast sem segja má að sé tilraunastofa Te og kaffi. Þar ristum

við allt kaffið, höldum námskeið og kaffismökkun,“ útskýrir Tumi.

Hann segir kaffi latte, cappuccino og upphellt kaffi langvinsælustu kaffidrykkina á kaffihúsum landsins. „Enginn kaffidrykkur kemst nálægt því að steypa þeim af þessum stalli. Þegar kemur að nýjungum dettur mér fyrst í hug

flat white og cortado. Upphaflega voru kaffi latte og cappuccino sami drykkurinn sem síðan þróaðist hvor í sína áttina. Cappuccino er minni og með meiri froðu en kaffi latte. Flat white er í enn minni bolla, eða um 150 ml bolla, og er með minni froðu en cappuccino. Í raun er það líkt og lítill latte

nema með mjög mjúkri froðu og er bragðmeira.“

Margir fara flatt á því að freyða mjólk í kaffi en Tumi segir að g-mjólkinni eigi ekki að klinka. „Auðveldast er að freyða g-mjólkina. Þar á eftir er best að freyða fjörmjólk eða undanrennu því þær eru próteinmiklar en fitulítlar. Galdurinn er að nota fjörmjólkina eða undanrennuna strax og bíð er að freyða hana því hún skilur sig hratt. Svo er hætt við að hún verði freydd of mikið og verði þá of þykk.“

Nýristað kaffi er leyndardómurinn á bak við gott kaffi og einnig er mikilvægt að gæta vel að hreinlæti. „Ég mæli með að fólk fari eftir ákveðinni uppskrift og noti vog þegar það lagar kaffi, en almennt virðist fólk feimíð við að nota vog. Það er eins með kaffi og bakstur. Það þarf að vita hversu mörg grömm af hveiti og vatni eigi að vera í brauðinu og það er eins með kaffið. Gott er að þekkja grunninn, vita hversu mörg grömm af kaffi og vatni þarf til að fá sömu útkomuna. Það er aukatriði hversu mörg grömm eru, svo lengi sem þú veist hvað þér finnst gott og þá er hægt að nota þessu sömu aðferð áfram.“

Tumi segir mikinn áhuga á kaffinámskeiðinu og bendir á að 7. og 14. mars verði haldin espresso-námskeið.

Nánari upplýsingar fást á heimasíðunni www.teogkaffi.is.

FERMING 2017

CURVY BÝÐUR UPPÁ FLOTTAN
FATNAÐ Í STÆRÐUM 14-28 EÐA 42-56



Kjól * Stærðir 14-22
9.990 KR



Pils* Stærðir 14-20
4.990 KR



Kjól * Stærðir 14-22
8.990 KR



Jakki * Stærðir 16-22
5.990 KR



Kjól* Stærðir 14-20
9.990 KR



Kjól * Stærðir 14-26
9.590 KR

SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ERI

VERTU VELKOMIN Í VERSLUN CURVY AÐ FÁKAFENI 9
EÐA SKOÐAÐU ÚRVALIÐ OG PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



Betri súkkulaðiköku er vart að finna.

BESTA FRANSKA SÚKKULAÐIKAKAN?

Þessi franska súkkulaðikaka er sérlega bragðgóð og ekki er verra hvað hún er auðveld í bakstri. Hún er kjörin sem eftirrétur eða bara með góðum kaffibolla. Best er að hún sé aðeins blaut í miðjunni og hún er góð bæði nýbökðu og í nokkra daga eftir bökun. Hana má skreyta með flórsykri eða ferskum berjum.

200 g smjör
250 g súðusúkkulaði
4 egg
200 g sykurl
70 g hveiti

Bræðið saman smjör og súkkulaði við lágan hita. Þeytið egg og sykurl vel eða þar til blandan verður létt og ljós. Hellið súkkulaðiblöndunni varlega saman við egginn og sykurlinn og hrærið saman. Sigið hveitið saman við og hrærið vel saman.

Setjið deigið í 22-24 cm form, klætt með smjörpappír og bakið við 175°C í um 30 mín. Kakan má gjarnan vera blaut í miðjunni. Skreytið með berjum ef vill og berið fram með þeyttum rjóma eða vanilluís.

froosh
fruit: bottled

∞ **aldrei pykkni**

∞ **enginn viðbættur sykur**

∞ **bara ávextir**



BRAGÐAREFUR Í SMÁRALIND

Smáralind kynnir Hin stórskemmtilega sýning Bragðarefur stendur yfir í Smáralind. Um er að ræða gagnvirka sýningu þar sem fólk fær að prófa sig áfram með fjölbreyttar þrautir og tilraunir sem byggjast á undrum tækni og vísinda.

Sýningin Bragðarefur er sannkölluð heilaleikfimi fyrir alla fjölskylduna. Hún stendur yfir til og með 1. mars, er staðsett á fimm stöðum á göngu-götu Smáralindar og opin öllum á opnunartíma hússins.

„Heiti sýningarinnar kemur til vegna þess að það er refur sem leiðir gesti í gegnum hana og útskýrir hvernig og af hverju „brögðin“ á sýningunni virka. Hann sýnir einnig hvernig og eða hvar er hægt að finna þessi heillandi undur í umhverfi okkar. Sýningin snýst þannig ekki aðeins um uppgötvanir heldur líka hvar þær er að finna í okkar nánasta umhverfi,“ segir Sandra Arnardóttir, verkefnastjóri í markaðsdeild Smáralindar.

Leikni og skynsemi er allt sem þarf til að leysa brögð refsins. „Við viljum að fólk prófi, snerti og finni og uppgötvu þannig hvernig hlutirnir virka. Þetta er sem sagt ekki svona sýning þar sem er bannað að snerta heldur þvert á móti þá hvetjum við fólk til að snerta og prófa,“ segir Sandra, en á meðal þess sem gestir fá að spreya sig á er „Orkustöðin“. „Þar á að búa til orku og ef gestir ná að skila orku sem samsvarar orkuinnihaldi í einum gúmmíbangsa fá þeir lítinn poka af slíkum að launum. Einnig fá gestir að láta reyna á það hversu flinkir þeir eru að leysa flækjur, ásamt mörgu öðru spennandi,“ segir Sandra.

Þetta er í fimmta sinn sem sýning af þessu tagi er sett upp í Smáralind. „Þær hafa ávallt vakið mikla athygli og ánægju sýningargesta. Sýningarnar eru aldrei eins, heldur er



Gestir Smáralindar fá að kanna hversu flinkir þeir eru að leysa flækjur og þrautir.

alltaf mismunandi þema og eitt-hvað nýtt og spennandi að sjá í hvert sinn,“ segir Sandra.

Sýningin kemur frá Þýskalandi og er sérstaklega gerð fyrir verslunarmiðstöðvar. „Smáralind er fyrsta verslunarmiðstöðin sem fær Bragðaref til sín þannig að hér er um frumsýningu að ræða. Ferðast verður með sýninguna á milli landa undir slagorðinu „Science on tour“ og hún sett upp á fjölförnum stöðum til þess að sem flestir fái tækifæri til að prófa og kynnast heillandi fyrirbærum úr heimi vísindanna,“ segir Sandra. Á sýningunni fá gestir að skemmta sér og uppgötva eitt-hvað nýtt og spennandi, enda er það þannig sem þekking verður til.



Allir fá að prófa, snerta og skoða og uppgötva.



Bragðarefur er gagnvirk og skemmtileg sýning.

Í FÓTSPOR ÁHRIFAVALDSINS

Ábreiðusveitin Dillalude stígur á svið á tónlistarhátíðinni Sónar í kvöld og leikur vel valin lög eftir hiphop-goðsögnina J-Dilla. Tónleikar sveitarinnar hafa vakið mikla athygli en upphaflega ætluðu þeir bara að koma fram einu sinni.

Starri Freyr Jónsson

starri@365.is



Tónlistarhátíðin Sónar nær hápunkti sínum í kvöld í Hörpu en meðal þeirra sem koma fram þá eru tvö stærstu nöfn hátíðarinnar, De La Soul og Fatboy Slim. Fyrr um kvöldið mun ábreiðubandið Dillalude leika í Silfurbergi en sveitin er nefnd í höfuðið á hiphop-tónlistarmanninum og upptökustjóranum J-Dilla og leikur nokkur af þekktustu lögum hans. J-Dilla var einn helsti áhrifavaldur hiphop-senunnar í Bandaríkjunum á tíunda áratug síðustu aldar en hann lést langt fyrir aldur fram árið 2006, aðeins 32 ára gamall.

J-Dilla, sem hét réttu nafni James Dewitt Yancey, hafði gífurlega mikil áhrif á tónlistarsenuna á sínum tíma að sögn Benedikts Freys Jónssonar, sem er betur þekktur sem Benni B-Ruff, eins meðlima Dillalude. „Margir vita t.d. ekki að hann var einn af helstu aðstoðarmönnum hiphop-sveitarinnar A Tribe Called Quest og vann t.d. mikið með einum meðlimi hennar, Q-Tip, á plötunni Beats, Rhythms and Life. Hann vann síðan með böndum eins og Pharcyde, Slum Village, D'angelo, Erykhu Badu og De La Soul svo einhver nöfn séu nefnd. Hann er einn af mínum helstu áhrifavöldum og einnig hjá strákunum í Dillalude.“

Aðrir meðlimir Dillalude eru Ari Bragi Kárasón sem leikur á tromp-

et og flügelhorn, Magnús Trygvason Eliassen sem spilar á trommur og Steingrímur Teague sem spilar á hljóðgervla. Auk þeirra mun Andri Ólafsson leika með þeim í kvöld á bassa.

ÓTRÚLEGAR VIÐTÖKUR

Sveitin var upphaflega stofnuð árið 2014 vegna sameiginlegs áhuga þeirra félagar á J-Dilla og ótrúlegum verkum hans segir Benedikt. „Upphaflega ætluðum við að koma saman einu sinni á Prikinu og djamma saman með sömpl og hljóðfæraleik. Þessir tónleikar fengu góðar viðtökur og kveiktu á einhverju. Síðan þá höfum við komið reglulega fram.“

Og viðbrögðin hafa verið mjög góð, eiginlega alveg vonum frammar segir hann. „Við komum fram á tónleikum á vegum bandarísku útvarpsstöðvarinnar KEXP á Airwaves árið 2014 og voru tónleikarnir teknir upp. Þeir voru settir á YouTube rás útvarpsstöðvarinnar og þá fór allt á flug úti í heimi. Einn morguninn vaknaði ég við það að síminn hringdi og félagi minn var í hálfgerðu sjokki þar sem mamma J-Dilla hafði póstað tónleikum okkar inn á síðuna sína, J-Dilla Foundation. Í dag er fólk frá ýmsum



Meðlimir Dillalude eru (f.v.) Steingrímur Teague, Magnús Trygvason Eliassen, Benedikt Freyr Jónsson og Ari Bragi Kárasón. Sveitin kemur fram á lokakvöldi tónlistarhátíðarinnar Sónar í Silfurbergi í kvöld.

löndum að poppa upp á Facebook-síðu okkar og segjast vilja fá okkur til að spila víða um heim.“

MARGT GOTT Í BODI

Dillalude stígur á svið kl. 21.40 og ætlar að bjóða upp á þétt prógramm að sögn Benedikts.

„Þetta verður þétt og gott prógramm þar sem við munum taka 5-6 lög eftir hann. Annars er dagskráin hjá okkur yfirleitt mjög mismunandi og lögin breytast mjög mikið. Oft erum við bara komnir yfir í okkar grúv út frá Dilla-grunni.“

Auk þess að koma fram á hátíðinni fylgist Benedikt með öðrum listamönnum sem koma þar fram.

„Það er slatti af spennandi hlutum í gangi á hátíðinni í ár og við erum bara mjög spenntir fyrir mörgum sem koma fram í ár. Þar má m.a. nefna Nadia Rose, Giggs, De La Soul, öll íslensku böndin og margt fleira.“

Fylgjast má með þeim félögum á Facebook undir Dillalude auk þess sem hlusta má á tónleikana umtölðu á YouTube.





Einfalt Eggs Benedict

Eggs Benedict er vinsæll réttur sem á rætur sínar að rekja til New York. Hann er bæði matarmikill og ljúffengur en getur verið dálítið flókinn í matreiðslu. Dæmigerð útgáfa af Eggs Benedict samanstendur af góðu, grófu rúnnstykki, steiktu beikoni, hleyptu eggi og hollandaisesósu. Margir láta eftir sér að njóta þessa góða réttar á veitingahúsum en treysta sér ekki til að útbúa hann sjálfir því þeir veigra sér við að búa til hleypt egg og sósu. Hins vegar er hægt að búa til ofureinfalda útgáfu af þessum rétti sem tekur aðeins nokkrar mínútur.

2 l vatn
1 tsk. edik
1 gróf brauðsneið
1 egg
Ólífuolía
Salt og pipar

Setjið vatn og edik í pott og látið suðuna koma upp. Lækkið hitann og haldið vægri suðu. Brjótið egg í bolla. Hærið vel í vatninu svo myndist hvirfill í miðjunni. Hellið egginu varlega í miðjuna og látið rétt sjóða í 2½-3 mínútur. Takið eggjð upp úr með fiskispaða og leggið á eldhúspappír. Ristið brauðið og setjið á disk. Dreypið ólífuolíu yfir, setjið eggjð ofan á brauðið og saltið og piprið að smekk. Berið fram með góðu salati.

Konudagskaka

Á uppskriftavefnum gottimatinn.is er að finna fjölda girnilegra uppskrifta. Konudagurinn er á morgun og um að gera að baka fyrir elskuna. Hér er uppskrift að girnilegri appelsínuostatertu sem er frískandi með konudagskaffinu.

Botn
200 g súkkulaðihafrakex
100 g daim eða daimkúlur
70 g smjör

1. Bræðið smjórið.
2. Maukið saman kex og daim og bætið bræddu smjörinu saman við.
3. Þrýstið í botninn á springformi. Kælið.

Fylling
200 g appelsínusúkkulaði
400 g rjómaostur
2 dl rjómi
1 dós sýrður rjómi 36%
300 g appelsínumarmelaði

1. Bræðið súkkulaðið í vatnsbaði.
 2. Þeytið sýrða rjómann og rjómann saman.
 3. Hrærið rjómaostinn vel í hræri vél, bætið þeytta sýrða rjómanum og rjómanum saman við og blandið vel saman. Blandið loks saman við brædda appelsínusúkkulaðið.
 4. Setjið í formið og kælið í minnst 4 tíma.
 5. Bræðið appelsínumarmelaði og setjið ofan á tertuna en gætið þess að hafa marmelaðið ekki of heitt.
- Höfundur: Árni Þór Arnórsson

TÍMI TIL AÐ VERA TIL

Veðurspáin býður ekki upp á fjölbreytta útivist um helgina. En ekki örvænta, það er svo margt skemmtilegt að gera inni. **Dragðu fram spil:** Á mörgum heimilum eru til alls konar skemmtileg spil sem aldræi er tími til að spila. Nú er tækifærið! **Búðu til húsa:** Takið fram alla púða, teppi, sængur, dýnur og stóla á heimilinu og búið til teppahús. Hreiðrið um ykkur þar með nesti og segið sögur, spilið eða spjallið. **Skapaðu:** Nú er tíminn til að teikna, mála, skrifa eða gutla á hljóðfæri heimilisins í takt við regnið á rúðunni. **Taktu til í skápum og skúffum:** Það þarf

alls ekki að vera leiðinlegt. Málið er að takmarka sig við einhverja eina hirslu eða eitt verk og klára það. **Leggstu í Pinterest:** Hefurðu merkt við margt sem þig langar að prófa en hefur aldrei tíma? Nú er hann kominn. **Lesu bók:** Hreiðraðu um þig í sófanum með bókina sem þú fékkst í jólagjöf í hitt-eðfyrra en hefur ekki haft tíma til að lesa og ... **Leggðu þig:** Svoo gott að sofna með bók á bringunni. Eða kött. Eða bara vindinn í eyrunum. Góða helgi!



Jarðarberjapísa



Pekaniþa



Sósur



Hrákonfekt með dögum, gráflíkjum og pekanhnetum



Kaka ársins
Lagskipt með kókosbotnum, límonu-skyr-mousse og hindberjalaupi



Dívur



Þraskallar



Bailey's terta



Steinbökud súrdeigsbraud
heilokorna, án viðbattum sykri

góðgæti frá Jóa Fel

Konudagur að hætti Jóa Fel

Fullt af kökum og kruðurii til að gleðja elskuna sína.

Verið hjartanlega velkomin.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Gardabær & Hringbraut

JAPANSKUR HEIMSDAGUR BARNNA

Heimsdagur barna er haldinn hátíðlegur í fjórtánda sinn í dag og gefst börnum og fylgdarmönnum þeirra tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum smiðjum og njóta skemmtunar í menningarhúsum Borgarbókasafnsins víða um borgina.

Brynhildur Björnsdóttir

brynhildur@365.is



Í ár verður dagurinn með japönsku ívafi og verður meðal annars hægt að kynna sér heim japanskra myndasagna, búa til japönsk óskabönd, máta japanskan þjóðbúning, fá japanska andlitsmálningu, gera nöð-grímu, búa til flugdreka, skrifa nafnið sitt með japönsku lettri, smakka grænt japanskt te, leita að pókemonum, læra undirstöðuatriði í jiu-jitsu og margt fleira.

Inga María Leifsdóttir er verkefnastjóri viðburða Borgarbókasafns í Gerðubergi þar sem fyrsti heimsdagurinn var haldinn. „Við höfum ekki alltaf verið með ákveðið landþema,“ segir hún. „Í fyrra var til dæmis víkingaþema sem tókst afskaplega vel og var skemmtilegt.“ Heimsdagurinn er haldinn í fjórum menningarhúsum Borgarbókasafnsins í ár, í Gerðubergi, Spönginni, Kringlunni og Sólheimum, og að sögn Ingu Maríu verður boðið upp á ólíkar smiðjur á hverjum stað þótt allar verði þær með japanskri áherslu.

„Hérna í Gerðubergi verður til dæmis grímugerð og flugdreka-gerð, hægt að máta japanska þjóðbúninga, læra að skrifa nafnið sitt með japönskum táknum og að læra undirstöðuatriðin í jiu-jitsu. Við hvetjum krakka til að koma í japönskum fötum, kimono eða ninjabúningum til dæmis, eða bara klædd sem uppáhalds pókemoninn sinn og fá andlitsmálningu og mynd af sér,“ segir Inga María og bætir við að einnig verði mikið um að vera á hinum söfnunum. „Í Kringlunni verður hægt að gera ljósker og kynna sér japönsku teiknimyndahefðina Manga. Í Sólheimum verður farið í pókemonratleik og hægt að læra að gera origami eða skrifa óskir sínar og langanir niður á blað og búa til óskaband. Með föndrinu og óskunum er svo hægt að dreypa á ljúffengu, grænu japönsku te,“ segir Inga María. „Í Spönginni verður svo sniðug smiðja sem heitir faldir furðuhlutir, safn hluta sem kona sem heitir Ninna Þórarinsdóttir hefur fundið um allan heim, meðal annars í Japan. Þessir hlutir verða faldir á safninu og fólk á öllum aldri getur tekið þátt í að finna þá á safninu og ímynda sér söguna á bak við hlutina, hvaðan í Japan þeir gætu hafa komið og skrifa loks sögu eða teikna mynd út frá þeim og ímynd aðri sögu þeirra.“



Inga María Leifsdóttir, verkefnastjóri hjá Menningarhúsum Borgarbókasafnsins, lofar japanskri gleði á heimsdegi barna sem er í dag.

Stefnan er að færa þessa viðburði út í öll söfnin. Þau eru í nærumhverfi krakkanna sem þurfa þá ekki að reiða sig á að fá far upp í Breiðholt til að geta tekið þátt í þessum degi.

Inga María Leifsdóttir verkefnisstjóri

Heimsdagur barna var lengi vel aðeins haldinn hátíðlegur í Gerðubergi en frá 2015 hefur hann verið á fleiri söfnum. „Stefnan er að færa þessa viðburði út í öll söfnin. Þau eru í nærumhverfi krakkanna sem þurfa þá ekki að reiða sig á að fá far upp í Breiðholt til að geta tekið þátt í þessum degi,“ segir Inga María og bætir við að smiðjurnar á heimsdeginum hafi alltaf verið gríðarlega vel sóttar. „Og við eigum von á fjölda fólks núna þar sem heimsdaginn ber upp á fyrsta dag í vetrarfríinu og þó margir noti tækifærið og fari út úr bænum eru margir að leita sér að einhverju skemmtilegu að gera.“

Dagskráin stendur frá 13 til 16 og er aðgangur ókeypis og öll velkomin.



Hin forna japanska list origami verður í hávegum höfð.



Allir eru hvattir til að koma í japönskum búningi en einnig verður boðið upp á andlitsmálun og búningamátun.

FERMINGABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Kemur út 28. febrúar. Í þessu blaði verður hægt að kaupa bæði auglýsingar sem og kynningar.

Blaðið verður fullt af hjálplegu efni tengdu fermingunni.

Áhugasamir auglýsendur hafið samband við sérblaðadeild Fréttablaðsins


Sími 512 5402
serblod@365.is



FRÉTTABLAÐIÐ

sonar[®]
2017

Reykjavík



**Music, Creativity
& Technology**

www.sonarreykjavik.com

Harpa, Reykjavík
16.17.18 February

LOKAKVÖLDIÐ ER Í KVÖLD

**aron can, de la soul, fatboy slim,
giggs, nadia rose and many more**

www.sonarreykjavik.com

Prír dagar. Fjögur svið. Miðasala á Midi.is og í Hörpu

REYKJAVÍK
LOVES
#reykjavikloves



LG G5

Verður hollusta á boðstólum í kvöld?



Yfir 300 vörutegundir
fyrir mótuneyti,
veitingastaði og þig



gæði - þekking - þjónusta

Goður kostur
á lvers manns disk!

nordanfiskur

TURBOCHEF SOTA - TURBOCHEF TORNADO 2 - TURBOCHEF HIGHHBATCH 2
TURBOCHEF ENCORE - TURBOCHEF FÆRIBANDAOFNAR
TURBOCHEF FIRE PIZZAOFN - TURBOCHEF i3 & i5 TOUCH

TURBOCHEF OFNAR

Kynntu þér úrval
TurboChef ofna hjá okkur



FÁÐU TILBOÐ

pmt
PLAST, MIÐAR & TÆKI

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

Wrapmaster

...ómissandi í eldhúsið!



Hlaða

Draga út og vefja

Þrýsta og skera

Geyma

- Klippir álfilmur og plast
- 35% sparnaður
- Ódýrari áfyllingar
- Má setja í uppbyggðar
- Afar auðvelt í notkun

Engar flækjur
Ekkert vesen

Fæst í FK, Hagkaupum, Byko, Nettó, Krónunni, Kjarval og Húsasmiðjunni.

SmartKids

Það hefur aldrei
verið auðveldara
að fá börnin
með sér í lið...



Glúten
fritt

Engin
egg

Engin
mjólk

Engar
hnetur

Soja
fritt

Loksins! Vítamín
sem eru ljúffeng
og skemmtileg!

Fæst í flestum apótekum, Fjarðarkaupum, verslunum
Hagkaupa, 10-11, Iceland Engihjalla og Heimkaup.is



www.balsam.is



Grace lærði sjálf á úkúlele með hjálp kennslumyndbanda á YouTube.

HRATT RÍSANDI UNGLINGASTJARNNA

Grace Vanderwaal er aðeins 13 ára en því er spáð að hún verði næsta stórstjarna í bandarísku tónlistarlífi. Hún fór með sigur af hólmi í keppninni America's Got Talent og hefur vakið athygli frá fyrstu stundu.

Grace Vanderwaal gerði sér lítið fyrir og heillaði dómara og áhorfendur upp úr skónum um leið og hún steig á svið í keppninni America's Got Talent fyrr í vetur. Hún söng frumsamið lag, I Don't Know My Name, og spilaði undir á úkúlele. Hún er með hása og sérstaka rödd og lögin sem hún semur frumleg og grípandi.

Grace Vanderwaal er fædd 15. janúar 2004. Foreldrar hennar heita Tina og David og hún á tvö eldri systkini, Jakob og Oliviu. Hún var aðeins þriggja ára þegar hún var farin að taka lagið fyrir fjölskylduna. Grace lærði á píano og saxófón en eftir að hún heyrði fjölskylduvín spila á úkúlele og síðan Tyler Joseph, aðalsöngvara Twenty One Pilots, spila Elvis Presley lag og spila á úkúlele varð hún staðráðin í að læra á þetta skemmtilega hljóðfæri. Hún keypti sér úkúlele fyrir peninga sem hún fékk í ellefu ára afmælisgjöf og lærði að spila á það með því að horfa á kennslumyndband á YouTube.

Áður en Grace sló í gegn í America's got talent hafði hún komið fram á nokkrum skemmtunum í heimabæ sínum, Suffern í New York, en í raun vissu vinir hennar ekki að hún væri hæfileikarík söngkona. Upphaflega ætlaði hún að taka þátt í American Idol en varð að hætta við því hún var of ung en aldurstakmarkið er 15 ára. Móðir hennar skráði hana þá til leiks í America's Got Talent og aðeins viku síðar stóð Grace á stóra sviðinu og söng eins og hún hefði aldrei gert neitt annað.

Simon Cowell sagði strax að hún væri næsta Taylor Swift en sjálf segist Grace vera hrfnari af Katy Perry. Verðlaunaféð var ein milljón Bandaríkjadala og ákvað hún að láta gamlan draum rætast og kaupa trjáköfa fyrir sig og systur sína en annars ætlar hún



Simon Cowell heillaðist strax af Grace og líkti henni við Taylor Swift.

að gefa stóran hluta upphæðarinnar til góðgerðarmála.


Í kjölfar sigursins fékk Grace útgáfusamning við Columbia Records og í desember kom út fyrsta platan hennar, Perfectly Imperfect. Margir gagnrýndu hana fyrir að semja við fyrirtækið en hún lét það sem vind um eyru þjóta og sagði að án samnings kæmu engar plötur út. Hún býr til myndbönd sjálf með sínum eigin lögum og einnig er hægt að skoða ábreiður frá henni á YouTube. Þá er Grace dugleg að nota samfélagsmiðla á borð við Facebook, Instagram og Twitter þar sem hún spilar og syngur og skrifar það sem henni dettur í hug hverju sinni. Hún hefur þegar komið fram í mörgum af vinsælustu sjónvarpsþáttum Bandaríkjanna, svo sem Ellen og kvöldþætti Jimmy Fallon. Billboard-tímaritid valdi hana sem eina af heitustu stjórnunum yngri en 21 árs.



Grace er þegar farin að hafa áhrif á unglingatiskuna vestanhafs.



eTactica þróar og markaðssetur vél- og hugbúnað sem hjálpar fyrirtækjum að fylgjast með eigin rafmagnsnotkun. Lausnir eTactica auðvelda viðskiptavinum að lækka rafmagnskostnað, auka rekstraröryggi og sporna við útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Félagið markaðssetur vörur sínar einkum í nokkrum Evrópulöndum í samstarfi við erlenda samstarfsaðila.



eTactica leitar að öflugum fjármálastjóra í 50% starf

eTactica leitar nú að öflugum liðsmanni til að styðja við vöxt félagsins og uppbyggingu. Fjármálastjóri heyrir beint undir forstjóra og situr í framkvæmdastjórn félagsins.

Starfssvið:

- Yfirumsjón með bókhaldi, launum og skattamálum
- Ábyrgð á greiðslum og innheimtum
- Gerð uppgjöra, ársreiknings og skattaframtals
- Gerð fjárhagsáætlana og greiðsluáætlana
- Fjármögnun og samskipti við viðskiptabanka og fjárfesta
- Upplýsingagjöf til framkvæmdastjóra og stjórnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg
- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í samskiptum og metnaður



Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem

sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Við óskum eftir fjölhæfum og skipulögðum verkefnastjóra á Þjórsársvæði

Í starfinu felst umsjón og eftirlit með vegakerfi og mannvirkjum, stíflum og veitum Landsvirkjunar á Þjórsársvæði. Verkefnastjóri hefur jafnframt eftirlit með gagnakerfi og gagnauðvinnslu og sinnir skýrslugerð. Auk þess aðstoðar viðkomandi við umhverfisskýrslur og vinnur við vatna- mælingar. Starfsstöð verkefnastjóra er í Búrfellsstöð þar sem margvíslegu viðhaldi er sinnt sem tengist rekstri Þjórsársvæðis. Verkefnastjóri vinnur auk þess að verkefnum tengdum viðhaldi og framþróun vottana í gæða-, öryggis- og umhverfismálum.

- Verkfræðingur eða tækniþræðingur á byggingarsviði
- Reynsla af byggingareftirliti og landmælingum
- Reynsla af viðhaldi og rekstri mannvirkja
- Reynsla af gerð og rekstri útboðs- og verksamninga
- Reynsla á sviði verkefna- og gæðastjórnunar

Sótt er um starfið á vef Capacent, www.capacent.is. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra María Guðjónsdóttir (thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is). Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2017.




Jafnlaunaúttekt
PwC
2015

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlauna-
úttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið
greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir
sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur
jafnt sem karla til að sækja
um starfið.

www.landsvirkjun.is





SÉRFRÆÐINGUR Í TEKJUSTÝRINGU HJÁ THRIFTY BÍLALEIGU BRIMBORGAR

Brimborg leitar að sérfræðingi í tekjustýringu fyrir bílaleigu félagsins sem er undir vörumerkjum Thrifty, Dollar og Saga, en Brimborg er ein stærsta og mest vaxandi bílaleiga landsins. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt starf í Reykjavík hjá öflugu og framsæknu fyrirtæki með um 1200 bíla útleigufloata og tugþúsundir erlendra og innlendra viðskiptavina.

STUTT STARFSLÝSING

- Verðlagning og tekjustýring útleigu og fylgipjónustu
- Eftirlit með verðlagningu á netinu
- Samskipti við erlenda og innlenda samstarfsaðila
- Eftirlit með bókunum, flotanýtingu og tekjum

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð Excel þekking og greiningarhæfni
- Reynsla af notkun viðskiptahugbúnaðar eins og Dynamics AX eða Navision
- Framúrskarandi enskukunnátta
- Skipulagshæfileikar, nákvæmni og áreiðanleg vinnubrögð
- Ósérhlífni, heiðarleiki, áreiðanleiki, stundvísi, jákvæðni og rík þjónustulund

Sveigjanlegur vinnutími.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Sæktu um á brimborg.is fyrir 1. mars næstkomandi.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppitaka býst á öllum tegundum bíla og að sjálfsgöðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.



LANDSSAMBAND
FISKELDISSTÖÐVA

Framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva

Landssamband fiskeldisstöðva auglýsir eftir framkvæmdastjóra.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Ábyrgð og rekstur samtakanna.
- Ráðgjöf og samskipti við félagsmenn.
- Samskipti við stjórnarsýslu.
- Úrvinnsla, framsetning gagna og öflun upplýsinga.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á atvinnulífi.
- Sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður í starfi.
- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti og önnur tungumálakunnátta.
- Reynsla og þekking af áætlanagerð og eftirfylgni.

Umsóknarfestur er til og með

28. febrúar 2017. Umsóknum sé skilað, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi á skrifstofu Landssambands fiskeldisstöðva, eða í tölvupósti á netföngunum: ekg@ekg.is eða hoskuldur@lf.is

Landssamband fiskeldisstöðva



LANDSPÍTALI ... FYRIR ÞIG!

NÁMSSTÖÐUR DEILDARLÆKNA Í GEÐLÆKNINGUM VIÐ LANDSPÍTALA

Við bjóðum lækna velkomna í starfsnám í geðlækningum á geðsviði Landspítala. Störfín eru veitt til allt að 2ja ára. Einnig er möguleiki er á styttri ráðningum í 4-12 mánuði fyrir almenna lækna og lækna í öðrum sérgreinum frá sama tíma eða eftir samkomulagi.

Hægt er að taka sérnám í geðlækningum að hluta eða ljúka því hér á landi. Námið nýtist einnig sem hluti af sérnámi í öðrum sérgreinum en geðlækniþræði, s.s. heimilis-, endurhæfingar- og öldrunarlækningum.

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Viltu vinna í fjölbreyttu og áhugaverðu vinnuumhverfi þar sem hæfileikar þínir fá að njóta sín?

Landspítali vill ráða til starfa metnaðarfulla hjúkrunarfræðinga sem vilja sérhæfa sig í þjónustu við skjólstæðinga og vinna í þverfaglegum teymum.

FLEIRI STÖRF ERU Í BOÐI

Kíktu á starfasíðu Landspítala www.landspitali.is/mannaudur og á Facebook www.facebook.com/storfalandspitala



Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannaúts og stöðugar umbætur.



Verkefnastjóri á sviði verklegra framkvæmda

Eik fasteignafélag er meðal leiðandi fasteignafélaga á Íslandi og er skráð á hlutabréfamarkað. Félagið hyggst halda sókn sinni áfram og leitar því að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf verkefnastjóra á sviði verklegra framkvæmda.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði
- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Iðnmenntun kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í störfum

Starfssvið:

- Verkefnastjórn og eftirlit með viðhalds- og fjárfestingaverkefnum
- Virk þátttaka í áframhaldandi þróun viðhaldsáætlana fasteigna
- Gerð verk-, kostnaðar- og framkvæmdaáætlana
- Skýrslugerð, gagnasöfnun og úrvinnsla
- Umsjón með verkbókhalda framkvæmda
- Samskipti við verktaka, hönnuði og yfirvöld
- Útboðslýsingar/útboðsgerð og innkaup

Eik fasteignafélag sérhæfir sig í eignarhaldi og útleigu á atvinnuhúsnæði. Félagið er meðal stærstu fasteignafélaga landsins með yfir 287 þúsund fermetra í yfir 100 fasteignum. Um 84% af eignasafni þess er á helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarsvæðisins og eru leigutakar félagsins yfir 410 talsins. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðallista Nasdaq Iceland. Auk þess er félagið með tvo skráða skuldabréfaflokka.

Umsóknarfrestur er til og með þriðjudeginum 28. febrúar nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir hjá Capacent (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Arnar Hallsson, framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs (arnar@eik.is).



MENNTAFYRIRTÆKI
ÁRSINS

Alcoa hefur verið leiðandi í áhrifnaði frá því að fyrirtækið var stofnað árið 1888 og álver Fjarðaáls við Reyðarfjörð er meðal þeirra fullkornustu í heiminum. Öryggi er í fyrirrúmi og mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði starfsmanna, öflugum félagsstarfi og stuðningi við samfélagið.

Tæknistjóri skautsmiðju

Alcoa Fjarðaál leitar að jákvæðum og drifandi einstaklingi í starf stjórnanda tækniteymis skautsmiðju og umhverfsvöktunar. Starfið er fjölbreytt og snýst um að tryggja örugga, áreiðanlega, hagkvæma og umhverfsvæna stýringu á framleiðslu, flutningskerfum og hreinsivirkjum.

Ábyrgð og verkefni

- Skipuleggja og leiða starf tækniteymis skautsmiðju og umhverfsvöktunar
- Hafa umsjón með gerð áætlana og greiningu gagna
- Leita stöðugra umbóta á framleiðsluferlum
- Vera tengiliður við önnur framleiðslusvæði varðandi tæknimál
- Tryggja hæfni og þjálfun í teyminu
- Veita hvetjandi endurgjöf og stuðla að jákvæðum teymisanda

Menntun og hæfni

- Hagnýt menntun í verkfræði eða tæknifræði
- Reynsla af stjórnun og framleiðslu
- Góð enskukunnátta
- Hæfni til að miðla þekkingu og virkja aðra
- Starfið krefst í senn frumkvæðis og liðsvinnu

Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 6. mars. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Umsóknir eru trúnaðarmál og er þeim öllum svarað.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið. Frekari upplýsingar veitir Júlíus Brynjarsson, framkvæmdastjóri skautsmiðju, julius.brynjarsson@alcoa.com eða í síma 470 7700. Skriflegri umsókn skal skilað á www.alcoa.is.

Fjarðaál
alcoa.is





VILTU GANGA LENGRA?

Útivera í hjarta miðborgarinnar

Óskum eftir jákvæðum og liprum einstaklingum, konum og körlum

Nánari upplýsingar um laus störf stöðuvarða á www.reykjavik.is/laus-storf

www.bilastaedasjodur.is

Sölufulltrúi óskast til stafa

Starfslýsing:

- Afhending og mót-taka bílaleigubíla.
- Gerð leigusamninga.
- Samskipti við erlenda og innlenda viðskiptavini.
- Almenn sala og eftirfylgni.

Hæfniskröfur:

- Framúrskarandi enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli.
- Góð Tölvukunnátta, þá einkum Word, Excel og Outlook
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund.
- Skipulögð vinnubrögð, geta unnið sjálfstætt, búa yfir frumkvæði og hugmyndaauði
- Snyrtimennska.
- Hreint sakavottorð.

LavaAuto er ný og framsækin bílaleiga staðsett í Reykjanesbæ.

Hafir þú áhuga þá máttu senda okkur ferilskrá með mynd á netfangið: starf@lavaauto.is



LavaAuto - lðavöllum 11 - 230 - Reykjanesbær Sími: 519 4141



Framkvæmdastjóri

Íþróttafélagið Breiðablik óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Leitað er að öflugum leiðtoga sem býr yfir góðri samskiptafærni.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Umsjón með mannvirkjum félagsins og starfsmannahald því tengdu
- Samskipti við deildir félagsins, ýmis íþróttasamtök og Kópavogsbæ
- Eftirlit með fjármálum deilda félagsins
- Vinna við stærri viðburði sem haldnir eru í mannvirkjum félagsins
- Umsjón með vörumerkinu Breiðablik
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Leiðtogahæfni
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Stjórnunarreynsla
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á helstu samfélagsmiðlum
- Reynsla af fjármálum og markaðsmálum

Nánari upplýsingar veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.



Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Verkefnastjórnun stærri framkvæmda

RARIK óskar eftir að ráða verkefnastjóra á tæknisvið fyrirtækisins. Meginverkefni eru við hönnun og byggingu aðveitustöðva, aðrar stærri framkvæmdir og breytingar.

Leitað er að drifandi og metnaðarfullum einstaklingi til að stýra slíkum verkefnum. Starfsstöð verkefnastjóra er í Reykjavík.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Verkefnastjórn við stærri framkvæmdir
- Hönnun aðveitustöðva
- Gerð útboðslýsinga og úrvinnsla tilboða
- Samskipti við ytri aðila og starfsmenn RARIK

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

Um fullt starf er að ræða. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.


Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2017. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík.



Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Rafholt ehf. er framsækið fyrirtæki sem starfar jafnt á útboðsmarkaði og í þjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Fyrirtækið er eitt stærsta sinnar tegundar á sviði rafverktöku á Íslandi. Hjá Rafholti starfar samhentur hópur fólks sem tileinkar sér stundvísi, samvirkusemi og fagleg vinnubrögð. Allir starfsmenn fá máltíð í hádeginu og vel er gert við starfsfólk í alla staði.

Skrifstofur Rafholts eru að Smiðjuvegi 8 í Kópavogi þar sem aðstaða er öll hin glæsilegasta.



Aðalbókari

Rafholt ehf. leitar að reynslumiklum og öflugum aðalbókara. Um er að ræða 100% stöðugildi og hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Helstu verkefni:

- Bókhald og afstemmingar
- Mánaðarleg uppgjör
- Ársreikningagerð
- Innheimta
- Bókun inn- og útgreiðslna
- Þróun á bókhaldstengdum ferlum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða viðurkenndur bókari
- Reynsla af uppgjörsvinnu og ársreikningagerð
- Þekking á lögum og reglum um bókhald, virðisaukaskatt og reikningsskil
- Reynsla af verkboðhaldi er æskileg
- Þekking og reynsla af DK bókhaldskerfinu er kostur
- Lipurð í samskiptum, stundvísi, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð



Upplýsingar veitir:

Elísabet Sværissdóttir
elisabet@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

BÓKARI

Helstu verkefni felast í skráningu, merkingu og bókun reikninga. Afstemming lánadrottna og önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Viðurkenndur bókari eða menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af bókhaldi skilyrði
- Þekking og reynsla af vinnu við Navision bókhaldskerfið er kostur
- Góð þekking á öllum helstu tölvuforritum
- Skipulögð og öguð vinnubrögð

Starfsstöðin er í Reykjanesbæ.

VERKEFNASTJÓRI Í STAÐLA- OG GÆÐAÐEILD

Helstu verkefni eru umsjón með verkefnum á sviði öryggis- og gæðamála flugleiðsöguþjónustu, svo sem skjalaútgáfu, framkvæmd áhættumata og úttekta. Eftirlit með starfsleyfistengdum gögnum ásamt því að taka þátt í þróun og uppbyggingu öryggis- og gæðastjórnarkerfis.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í verkefnastjórnun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð reynsla af gæða- og/eða öryggisstjórnun, úttektum og vottunum
- Skipulagshæfni og geta til að miðla upplýsingum
- Þekking á starfsemi flugleiðsöguþjónustu og reglugerðum er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Starfsstöðin er í Reykjavík.



Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlunnaúttékt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.



Maren hefur starfað við uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli í tvö ár. Hún er hluti af góðu ferðalagi.



ISAVIA

UMSÓKNARFRESTUR:
26. FEBRÚAR, 2017

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA

Er um við að leita að þér?

Ef þú ert 18 ára eða eldri þá erum við að leita af jákvæðu, brosmildu fólki með góða þjónustulund.

Í boði er bæði fullt starf í sal eða eldhúsi og einnig hlutastörf. Tilvalið fyrir skólafólk.

Áhugasamir hafi samband í síma 533-2000 eða á ellen@pizzahut.is / linda@pizzahut.is



RAFVIKJAR/KÆLIMENN

Óskum eftir að ráða rafvirkja/kælímenn til viðhalds- og eftirlitsstarfa

Ekki er krafist sérhæfni, en nýr starfsmaður verður sérþjálfður.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna í síma 587-8890 eða sendið rafpóst á gunnar@rafstjorn.is

RST RAFSTJÓRN ehf.
Virgni loftræstikerfa er okkar fag

www.rafstjorn.is

SUMARSTÖRF Í FRÍHÖFNINNI

FRÍHÖFNIN

EIN VINSÆLASTA VERSLUN Í FLUGSTÖÐINNI

Fríhöfnin ehf. óskar eftir að ráða starfsfólk í sumarflýsingar

Um er að ræða sumarstörf á lager og í verslunum Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Leitað er að þjónustulunduðum, glaðlyndum, snyrtilegum og reyklusum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika, eiga auðvelt með að nálgast fólk, hafa lipra og þægilega framkomu, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi.

Umsækjendur skulu vera 20 ára eða eldri.

Verslun

Starfið felst í sölu og þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins og áfyllingum í verslun. Unnið er í vaktavinnu.

Vöruhús

Starfið felst í almennum lagerstörfum.

Hæfniskröfur:

- Góður sölumaður með ríka þjónustulund
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

Hæfniskröfur:

- Meirapróf og/eða lyftarapróf er æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

Við bjóðum upp á fríar rútuferðir til og frá höfuðborgarsvæðinu.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf um miðjan maí og starfað til ágústloka.

Umsóknum skal skilað inn rafrænt á www.dutyfree.is/atvinna.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2017.

Fríhöfnin hefur hlotið gullmerki jafnlaunaúttektar PwC og er í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi. Hún hefur einnig hlotið fjölda viðurkenninga síðastliðin ár, m.a. í starfsmenntamálum, fyrir að vera besta fríhöfn í Evrópu og fjölskylduvænt fyrirtæki. Stærstu vöruflokkarnir í verslunum félagsins eru áfengi, tóbak, snyrtivörur og sælgæti. Fríhöfnin hefur sett sér það markmið að vera ávallt til fyrirmyndar í jafnréttismálum og leggur áherslu á góðan starfsanda.

www.dutyfree.is

DUTY FREE
express

DUTY
FREE
ICELAND



Tækjamaður á skotbómulyftara,



verkfræðingar, tæknifræðingar



og verkstjórar:

Eykt vill ráða **verkfræðinga** og **bygginga-tæknifræðinga**, reynda jafnt sem óreynda, í spennandi verkefni. Við óskum eftir öflugum **verkstjórum** til starfa sem fyrst, og viljum einnig ráða öfluga **tækjamenn**.

Hafið samband við palld@eykt.is (Páll Daníel) eða í síma 595 4400. Allar fyrirspurnir eru trúnaðarmál og öllum verður svarað.

eykt.is

Á síðustu **30** árum hefur Eykt byggt yfir **600** íbúðir, **27** brýr og önnur samgöngumannvirki og **tvö** orkuver. Við höfum byggt og innréttað meira en **200** þúsund fermetra af skrifstofu- og þjónustuhúsnæði, skóla um allt land, sundlaug, rannsóknarstofur, lögreglustöð, frystihús, sumarhús og meira að segja salerni á fjöllum.

Við höfum lært að hagkvæmni næst með vönduðum vinnubrögðum, aga, reynslu og þekkingu.



Afgreiðslustarf Dýrabær óskar eftir starfsfólki til afgreiðslustarfa.

Starfssvið

- kynna og selja vörur í verslun
- vörufuramsetning
- vörumóttaka
- halda verslun snyrtilegri
- önnur tilfallandi störf

Lögd er áhersla á þjónustulund, áreiðanleika og stundvísi. Reynsla af sölu- og verslunarstörfum er nauðsynleg. Aðeins 22 ára og eldri koma til greina í starfið.

Vinnutími er 10–14 virka daga og svo önnur hver helgi. (laugardagur 10-18 og sunnudagur 13-18)

Vinnutími er 14–18:30 virka daga og svo önnur hver helgi. (laugardagur 10-18 og sunnudagur 13-18)

Nauðsynlegt er að taka fram í umsókn um hvorn vinnutímamann er sótt um.

Áhugasamir sendi ferilskrá með mynd til dyrabaer@dyrabaer.is

Umsóknarfrestur er til 23. febrúar 2017



Tvö líf óska eftir starfskrafti í verslun sína staðsetta í Glæsibæ

Um er að ræða hlutastarf til að byrja með með möguleika á fullu starfi frá byrjun sumars. Í hlutastarfinu felst að viðkomandi geti unnið nokkra seinniparta í viku og einnig heila laugardaga.

Viðkomandi þarf að búa yfir einstaklega ríkri þjónustulund, áreiðanleika og áhuga á tísku. Mikilvægt er að starfskrafturinn sé ábyrgðarfullur og geti sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu af afgreiðslu- störfum, hafi góða almenna tölvuþekkingu og áhuga á þessu skemmtilega tímabili sem meðganga og brjóstagjöf er. Miðað er við að umsækjandi sé fædd/ur árið 1997 eða fyrr. Umsækjandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. apríl 2017.

Áhugasömum er bent á að senda umsókn og ferilskrá á asdis@tvolf.is



Schindler

Rafvirki eða vélvirki

Héðinn Schindler lyftur ehf.
óskar eftir rafvirkja eða vélvirkja

Starfssvið:

Eftirlit, viðgerðir og uppsetningu á lyftum og rennistigum. Einnig önnur tilfallandi verkefni.

Menntun og hæfniskröfur:

Sveinspróf í rafvirkjun eða vélvirkjun er skilyrði. Tölvukunnátta, nákvæm og skipulögð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á schindler@schindler.is.

Leitum að nýjum starfsfélaga!

VIÐ LEITUM AÐ TÆKNIMENNTUÐUM SÖLUFULLTRÚA.

Æskilegt er að umsækjandi sé vélfræðingur, rafvirki eða vélvirki. Reynsla af sölustörfum einnig æskileg.

STARFSSVIÐ:

Samskipti við viðskiptavini Vörukaupa út um land allt. Öflun nýrra viðskiptavina. Reikna má með talsverðum ferðalögum.

HÆFNIRÖFUR:

Góð almenn tölvukunnátta. Rík hæfni í mannlegum samskiptum. Vönduð og skipulögð vinnubrögð. Góð íslensku- og enskukunnátta.

VÖRUKAUP er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði.

Umsókn sendist á netfang: umsoknir@vorukaup.is

VK vörukaup

HÁGÆÐA VÖRUR FYRIR SJÁVARÚTVEGINN OG IÐNAÐINN Í YFIR 30 ÁR
Vörukaup ehf · Miðbrauni 15 · 210 Garðabæ · Sími 561 2666 · www.vorukaup.is



Kvikk Þjónustan óskar eftir að ráða starfsmann í pústviðgerðir.

Við leitum að einstaklingi sem:

- Getur unnið sjálfstætt.
- Getur unnið vel undir álagi og stressi.
- Er útsjónarsamur.
- Er framtakssamur.
- Er með góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Er íslenskumælandi.
- Er stundvís og reglusamur.

Við óskum eftir starfsmanni í 100% starf.

Vinnutími: Mánudaga til fimmtudaga 8:00 - 18:00
Föstudaga 8:00 - 17:00

Umsókn með ferilskrá sendist á kvikk@kvikk.is
Nánari upplýsingar gefur Arnar í síma: 5 200 600
Fyllsta trúnaðar er heitið.

Kvikk Þjónustan er 24 ára gamalt fyrirtæki með mikinn metnað og gott orðspor, sem sérhæfir sig í pústviðgerðum og almennum undirvagnsviðgerðum, bremsum, stýrisgang og fjöðrunarkerfum, ásamt því að vera stór innflutnings og söluaðili á pústkerfum frá Portúgal.

Kvikk Þjónustan - Vagnhöfða 5 - www.kvikk.is - kvikk@kvikk.is - S: 5 200 600



Pústsala og þjónusta



Stýrisgangur



Bremsuviðgerðir



Bókun á netinu



Áformuð stækkun
Grand Hótel Reykjavík

RÁÐSTEFNUSTJÓRI Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK

- MIKIL UPPBYGGING FRAMUNDAN
- EINSTÖK STAÐSETNING
- FRÁBÆRT SAMSTARFSFÓLK
- SPENNANDI VERKEFNI

Grand Hótel Reykjavík er fjögurra stjörnu ráðstefnuhótel fyrir ferðamenn og ráðstefnugesti sem vilja njóta glæsilegrar aðstöðu og framúrskarandi þjónustu.

Á Grand Hótel Reykjavík eru 311 herbergi og 15 ráðstefnu- og veislusalir. Hótelid er staðsett í rólegu umhverfi rétt við Laugardalinn.

Grand Hótel Reykjavík hefur hlotið Svansvottun Norræna umhverfismarkisins og einnig vottun frá Tún, eftirlits- og vottunarstofu fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu. Svansvottunin tryggir að hæstu gæðakröfur hvað varðar umhverfis- og heilbrigðismál séu uppfylltar.



Grand Hótel Reykjavík óskar eftir öflugum ráðstefnustjóra í spennandi og krefjandi starf. Framundan er mikil uppbygging sem viðkomandi mun taka virkan þátt í. Ráðstefnustjóri tekur sæti í deildarstjórnateymi hótelsins og heyrir undir hóteltjóra.

Helstu verkefni :

- Sala og bókun á ráðstefnu- og fundaraðstöðu
- Tilboðs- og samningagerð
- Reikningagerð
- Móttaka ráðstefnugesta og þjónusta við viðskiptavini
- Samskipti við fagaðila og vörubrúun
- Verkefnastjórnun, eftirfylgni og skýrslugerð

Hæfniskröfur:

- Framúrskarandi þjónustulund
- Háskólanám og/ eða reynsla af sambærilegum störfum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Leiðtogaþæfni og lausnamiðuð hugsun
- Fagmannleg framkoma og snyrtimennska
- Metnaður, sjálfstæði, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið starf@grand.is eða salvor@grand.is. Vinsamlega hafið starfstítil með í fyrirsögn. Umsóknarfrestur er til 4. mars. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Verk- og tæknifræðingar

VSF Verkfræðistofa leitar að verk- eða tæknifræðingum til framtíðarstarfa á sviði hönnunar rafkerfa og byggðatækni.

Byggðatækni

Starf á sviði byggðatækni felst í hönnun gatna og veitukerfa. Starfsreynsla er nauðsynleg og þekking á Civil 3D er kostur. Frekari upplýsingar gefur Úlfar Kristinnsson (ulfar@vsb.is).

Rafkerfi

Starf við hönnun rafkerfa snýr mest að almennum raflögnum og lýsingarkerfum við mannvirkjagerð. Starfsreynsla er nauðsynleg og reynsla af notkun MaciCAD er kostur. Stefnt er á að fagstjórn sviðsins heyri einnig undir nýjan starfsmann. Fagstjóri leiðir þróun sviðsins og þjónustuframboðs. Frekari upplýsingar gefur Örn Guðmundsson (orn@vsb.is).

Umsókn um starf með upplýsingum um menntun, hæfni og starfsreynslu óskast skilað til skrifstofu VSB eða á ofangreind netföng eigi síðar en 28. febrúar. Fyllsta trúnaðar er gætt.

VSB 30 ÁR
VERKFRÆÐISTOFA

Bæjarhrauni 20
220 Hafnarfjörður
www.vsb.is



Kynntu þér störfin
bluelagoon.is/atvinna
og sæktu um

TAKTU VEL Á MÓTI NÝJU STARFI

Við óskum eftir metnaðarfullu fólki með ríka þjónustulund í spennandi störf til framtíðar. Ef þú hefur góða samskipta- og samstarfshæfileika þá bjóðum við upp á skemmtileg störf í frábærum félagsskap og einstöku umhverfi.

STÖRF Í BOÐI

- Móttaka
- Gæslustörf

Æskilegur aldur umsækjenda er 20 ár.
Umsóknarfrestur er til 5. mars. Nánari upplýsingar veita Sigrún Halldórsdóttir og Embla Grétarsdóttir sérfræðingar á mannauðssviði í síma 420 8800.
Umsóknum skal skilað í gegnum bluelagoon.is/atvinna



Einstakt umhverfi



Frábær starfsandi



Skemmtilegt félagslíf



Góður matur



Góð friðindi



Þjálfun og fræðsla



Rútuferðir til og frá vinnu



2-2-3 vaktavinna eða dagvinna

BLUE LAGOON
ICELAND



Starf við launavinnslu í Kjaradeild

Kjaradeild sinnir launavinnslu Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga. Deildin ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og vinnuréttar og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsejendum og aðilum vinnumarkaðar. Deildin sinnir auk þess ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjarasamninga innan Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með og ber ábyrgð á mannaútskýringakerfi borgarinnar og þróun þess. Hjá Kjaradeild starfa 25 starfsmenn og hefur deildin aðsetur að Borgartúni 12.

Óskað er eftir öflugum starfsmanni til starfa við launavinnslu. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð. Unnið er með mannaúts- og launakerfi SAP og krefst vinnan skipulagshæfni og nákvæmni.

Helstu verkefni:

- Skráning og yfirferð ráðningar- og launagagna
- Eftirlit með rafrænni skráningu
- Eftirlit með rétttri framkvæmd kjarasamninga
- Samskipti og leiðbeiningar til stjórnenda vegna launa- og viðverkerfa

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af launavinnslu og þekking á kjarasamningum
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Greiningarhæfni
- Góðir samskiptahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar 2017.

Nánari upplýsingar veita Atli Atlason, deildarstjóri Kjaradeildar í netfangi atli.atlason@reykjavik.is og Þorbjörg Atladóttir í Kjaradeild í netfangi thorbjorg.atladottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Starfsmaður á lager og í útkeyrslu

Hæfniskröfur:

- Góð þjónustulund, jákvæðni, hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og almennt hreysti
- Almenn tölvukunnátta
- Íslensku- og enskukunnátta
- Gild ökuréttindi - Lyftararéttindi kostur
- Hafa náð 18 ára aldri og með hreint sakavottorð

Um framtíðarstarf er að ræða

Nánari upplýsingar um starfið veitir Vignir í síma 695 9776

Umsóknarfrestur er til 28. febrúar

Umsóknir sendist til vignir@rmk.is



Rafvirki - Rafiðnfræðingur

Vegna aukinna verkefna óskar RAF ehf. eftir að ráða rafvirkja eða rafíðnfræðing til starfa.

Í starfinu felst framleiðsla á vélbúnaði, uppsetningu og viðhaldi vélbúnaðar, aðallega fyrir sjávarútveginn, auk hugmynda- og þróunarvinnu, eftir atvikum.

Um framtíðarstarf er að ræða og þarf viðkomandi að hefja störf sem fyrst.

Starfstöð RAF ehf. er í Hafnarfirði.

Umsóknir sendist til raf@rafehf.is.

Umsóknarfrestur er til 28. febrúar 2017.



VINNUEFTIRLITID

Bildshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is www.vinnueftirlit.is

Eftirlitsmaður við véla- og tækjaeftirlit hjá Vinnueftirlitinu

Eftirlitsmaður

Vinnueftirlitið óskar eftir að ráða eftirlitsmann til starfa við tækja- og vélaeftirlit í Reykjavík.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Tækja- og vinnuvélaeftirlit, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- Fræðsla á námskeiðum

Hæfniskröfur

- Iðnmenntun, t.d. bifvélaþráðing, vélvirkjun eða vélfræðimenntun
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi sem þessu, s.s. vinna við rekstur og/eða viðhald á eimkötum, þrýstibúnaði og vinnuvélum
- Skipulagshæfni, sjálfstæði, nákvæmni og frumkvæði í starfi
- Sveigjanleiki og mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og þjálfun í framsetningu ritaðs máls
- Kunnátta í ensku og/eða Norðurlandamálum er æskileg
- Tölvufærni
- Reynsla af fræðslu- og kynningarstarfi kostur

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármálaráðherra og SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu hafa gert. Um er að ræða 100 % starf með aðsetur í Reykjavík. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfsþjálfun fer fram við upphaf starfs. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Vinsamlegast sækjið um á vef Starfatorgs eða á heimasíðu Vinnueftirlitsins

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 06.03.2017

Nánari upplýsingar veitir

Magnús Guðmundsson - mg@ver.is - 5504600

VER Vinnuvélaeftirlit

Bildshöfða 16

110 Reykjavík

VER Efna og hollustuháttadeild • Bildshöfða 16 • 110 Reykjavík



Fyrirmyndarfyrtæki VR 6 ár í röð

Innkaupasvið

Leitum að kraftmiklum starfsmanni

Johan Rönnung óskar eftir að ráða hörkuduglegan liðsmann á innkaupasvið fyrirtækisins að Klettagöðum 25, Reykjavík. Um er að ræða framtíðarstarf þar sem viðkomandi hefur möguleika á að vinna sig upp innan fyrirtækisins.

Starfssvið

- Ákvörðun um innkaupaþörf og eftirfylgni pantana
- Birgðastýring, árangursmælingar og vinna við aðfangakeðju
- Þjónusta og ráðgjöf við sölueiningar félagsins
- Samskipti við erlenda birgja
- Önnur tilfallandi verkefni á innkaupasviði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla og menntun í innkaupum og birgðastýringu
- Góð greiningarhæfni
- Mjög góð tölvukunnátta og reynsla af AGR kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund

Upplýsingar um starfið veitir Gísli Jónsson innkaupastjóri í síma 5200 800 eða gisli@ronning.is. Umsókn skal skilað fyrir 3. mars.

Johan Rönnung hf. var stofnað árið 1933. Fyrirtækið er leiðandi á sviði rafbúnaðar og rekur jafnframt verslunar- og þjónustufyrirtækin Sindra og Sindra Vinnuföt. Hjá félaginu starfa 85 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Grundartanga, Selfossi og Akureyri. Höfuðstöðvar félagsins eru að Klettagöðum 25 í Reykjavík. Johan Rönnung hf. er góður og eftirsóttur vinnustaður.



REYKJAVÍK

Klettagöðum 25
Sími 5 200 800

SELFOSSI

Eyravegi 67
Sími 4 800 600

AKUREYRI

Draupnisgötu 2
Sími 4 600 800

REYÐARFIRÐI

Nesbraut 9
Sími 4 702 020

REYKJANESBÆ

Hafnargötu 52
Sími 4 207 200

HAFNARFIRÐI

Bæjarhrauni 12
Sími 5 200 800

GRUNDARTANGA

Mýrarholtsveg 2
Sími 5 200 830

Vilt þú búa til banka framtíðarinnar?



Viltu starfa í hröðu og metnaðarfullu umhverfi?



Tekur þú breytingum og áskorunum fagnandi?



Ert þú frábær liðsfélagi sem vill hafa gaman í vinnunni?



Hefur þú sterka löngun til að læra og vaxa í starfi?

Við höfum einsett okkur að vera fremsti stafræni bankinn á Íslandi. Við vinnum markvisst að því að auka aðgengi að stafrænni bankaþjónustu hvar og hvenær sem er með snjöllum og skapandi lausnum.

Upplýsingatæknisvið er breytingarafli í vegferð bankans inn í framtíðina. Við erum snörp og lausnamiðuð, höfum framúrskarandi tækniþekkingu og vinnum þétt með samstarfsfólki okkar um allan bankann. Við leitum að metnaðarfullum og drífandi einstaklingum sem vilja þróa banka framtíðarinnar með okkur.

Gæðastjóri

Við leitum að gæðastjóra upplýsingatæknisviðs til að stýra uppbyggingu og þróun gæðamála í þéttru samstarfi við stjórnendur og starfsfólk með það að markmiði að gera sífellt betur í dag en í gær. Gæðastjórinn þarf að brenna fyrir auknum gæðum starfseminnar, vera lipur í samskiptum og árangursdrifinn með eindæmum.

Forritarar

Við leitum að fremstu forriturum landsins til að þróa með okkur nýjar lausnir í spennandi og fjölbreyttu tækniumhverfi. Forritararnir þurfa að hafa brennandi áhuga á því að skapa framúrskarandi lausnir, sterka tæknilega þekkingu, frumkvæði og þörf fyrir að læra sífellt nýja hluti.

Verkefnastjóri

Við leitum að verkefnastjóra til að stýra margbreytilegum og spennandi verkefnum og vinna með fjölbreyttum og þverfaglegum hópi fólks víðs vegar að úr bankanum. Verkefnastjórinn þarf að hafa drifkraft og eldmód, einlægán áhuga á fólki og vera með skipulagsgenið í lagi.

Vörustjóri

Við leitum að vörustjóra til að sjá um þjónustu við notendur upplýsingakerfa bankans, greina og forgangsráða hugmyndum og sjá um samskipti við þróunarteymi, birgja og kerfisstjóra. Vörustjórinn þarf að hafa framúrskarandi þjónustulund, vera lipur í samskiptum og hafa áhuga á að tengja saman fólk og tækni.

Þú finnur nánari upplýsingar og getur sótt um á arionbanki.is/storf.

Upplýsingar veitir Brynja B. Gröndal mannauðsstjóri, sími 444 6386, netfang brynja.grondal@arionbanki.is.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar.

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í huginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og árið 2015 hlutum við Jafnlaunavottun VR.

Saman látum við góða hluti gerast.

 **Arion banki**
– fyrir framtíðina



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

SÉRFRÆÐINGUR Í AÐFERÐAFRÆÐI OG RANNSÓKNUM

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu sérfræðings í aðferðafræði og rannsóknum. Í starfinu felst þróun og framkvæmd smærri og stærri rannsóknarverkefna og þjónustukannana og ráðgjöf við framkvæmd, úrvinnslu og túlkun rannsókna á sviðinu og til starfsstaða. Næsti yfirmaður er skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra. Undir skóla- og frístundasviði heyrir rekstur 62 leikskóla, 36 grunnskóla og 5 frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveita. Skóla- og frístundasvið veitir um 20 þúsund börnum og fjölskyldum þeirra þjónustu.

Helstu verkefni:

- Framkvæmd rannsóknarverkefna og þjónustukannana
- Ráðgjöf vegna rannsókna
- Þróun mælikvarða á árangri og gæðum skóla- og frístundastarfs
- Öflun og úrvinnsla tölfraediupplýsinga
- Framsetning og miðlun gagna um skóla- og frístundastarf
- Þátttaka í þróun og framkvæmd ytra mats á skóla- og frístundastarfi

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi
- Fjölbreytt reynsla af framkvæmd rannsókna
- Þekking og áhugi á leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á tölvuforritum sem nýtast í starfi nauðsynleg
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í starfi
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Lipurð og hæfni í samskiptum

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2017. Æskilegt er að viðkomandi geti hafði störf sem fyrst.

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðeigandi stéttarfélags. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir skrifstofustjóri í síma 411-1111, og í tölvupósti disa@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Rafsveinn ehf óskar að ráða rafvirkja / nema í vinnu.

Næg verkefni framundan.

Allar upplýsingar í síma 660-4545 Sveinn,
Einnig hægt að senda umsókn og ferilskrá á netfangið rafsveinn@rafsveinn.is

Guðmundur Tyrfingsson - GTs ehf

Grænir og góðir síðan 1969

Bifreiðastjórar óskast

Óskum eftir bílstjórum í hlutastörf, sumarstörf og framtíðarstörf í almennar hópferðir.

Hæfniskröfur:

- Rútupróf
- Stundvísi
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð
- Enskukunnátta æskileg en ekki skilyrði

Hægt er að sækja um á www.gtyrfingsson.is eða senda umsókn á ainar@gtyrfingsson.is

Guðmundur Tyrfingsson - GTs ehf er rótgróið ferðaþjónusta-fyrirtæki sem var stofnað 1969. Við erum að leita að metnaðarfullu og hressu starfsfólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur.

Lögfræðisvið Borgunar

Borgun óskar eftir að ráða lögfræðing og ritara á Lögfræðisvið félagsins.

Borgun er leiðandi fjármála-fyrirtæki í þróun og hagnýtingu lausna á sviði rafrænnar greiðslu-miðlunar. Við leggjum áherslu á lipra og persónulega þjónustu og vinnum eftir gildunum **vilji, virði og vissa.**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um störfina á borgun.is.

Umsóknarfrestur er til og með **5. mars nk.** Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg Kristjánsdóttir, sérfræðingur á mannauðssviði, í síma **560 1604.**

Lögfræðingur

Starfssvið:

Ráðgjöf og eftirlit tengt lögum og reglum sem eiga við starfsemi félagsins, s.s. lög um fjármála-fyrirtæki, lög um aðgerðir gegn peningabætti og hryðjuverkum, persónuverndarlög og lög um hlutafélög.

Jafnframt veitir sviðið aðstoð við ritun samninga og skilmála auk annarrar lögfræðilegrar ráðgjafar.

Menntun og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði skilyrði
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti og færni í textagerð
- Þekking á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um fjármálafyrirtæki
- Reynsla og þekking á samskiptum við eftirlitsaðila æskileg

Ritari

Helstu verkefni:

- Almenn ritarastörf
- Upplýsingagjöf og samskipti við innri og ytri aðila
- Skipulag og utanumhald funda
- Skjalavistun

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólapróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Góð almenn tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti og færni í textagerð

BORGUN

HVITA HÚSÍÐ/SÍA 17-0580

Viltu ganga til liðs við Valitor?

Við óskum eftir að ráða starfsmann í mötuneytið okkar að Dalshrauni í Hafnarfirði

Við leitum að þjónustulunduðum einstaklingi með góða samskiptahæfileika sem getur unnið undir álagi og í hóp. Um framtíðarstarf er að ræða.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- // Matreiðsla fyrir hádegismat
- // Umsjón með kaffitorgum og salatbar
- // Frágangur og uppvask
- // Veitingar fyrir fundi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- // Brennandi áhugi á og reynsla af matreiðslu
- // Mikil þjónustulipurð og samskiptafærni
- // Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- // Gott vald á íslensku

Umsóknarfrestur er til og með **26. febrúar nk.** Umsóknir óskast fylltar út á www.valitor.is

Umsóknum þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Nánari upplýsingar veitir **Karl Emil Pálmason**, yfirmatreiðslumaður í síma **525 2000**.

Valitor er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavinum sína. Gildin okkar; frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

VALITOR

VILTU VAXA MEÐ ALVOGEN?

Alvogen leitar að öflugum vefstjóra sem hefur brennandi áhuga á að starfa í alþjóðlegu umhverfi hjá fyrirtæki í örum vexti.

Meðal verkefna vefstjóra er stýring og dagleg umsjón á innri vef samstæðunnar, sem meðal annars felur í sér skrif á fréttum og mótun á efni vefsins í samstarfi við skrifstofur fyrirtækisins um allan heim.

Vefstjóri mun starfa hjá alþjóðlegu Markaðs- og samskiptasviði Alvogen og taka þátt í mótun og þróun á um 60 vefjum fyrirtækisins. Við leitum að skapandi og skemmtilegum liðsmanni með gott frumkvæði sem vill vinna hjá fyrirtæki í fremstu röð.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Mikil og góð reynsla í rekstri og umsjón vefja
- Mjög góð enskukunnátta og færni í rituðu máli
- Þekking og reynsla af Sharepoint er mikill kostur
- Geta leitt og haldið utan um verkefni í samstarfi við markaði
- Þekking á html forritun og myndvinnslu
- Góð færni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til **3. mars 2017** og sótt er um starfið á alvogen.is Nánari upplýsingar veitir Halldór Kristmannson (halldor@alvogen.com).



UM ALVOGEN

Alvogen er alþjóðlegt lyfjafyrirtæki með starfsemi í 35 löndum. Hjá fyrirtækinu starfa um rúmlega 2300 metnaðarfullir starfsmenn sem vinna að því að byggja upp leiðandi og framsækið alþjóðlegt lyfjafyrirtæki. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun og framleiðslu samheitalyfja, lausasöluþyfa og líftækniþyfa. Starfsemi Alvogen byggir á traustum grunni og dótturfélög Alvogen eiga sér langa sögu.

 **2300** STARFSMENN

 **35** ERLENDAR SKRIFSTOFUR

 **60** ALÞJÓÐLEGAR VEFSÍÐUR



SAMSKIP



> Sérfræðingur – umbætur í rekstri (Business Process Improvement)

Sérfræðingur mun sinna umbótavinnu á meginverkferlum félagsins og vinnur náið með rekstrar- og afkomueiningum.

Í því felst meðal annars:

- Greining verkferla og umbætur
- Sinnir stærri umbótaverkefnum
- Greining tækifæra til úrbóta
- Samræming og utanumhald umbótaverkefna

Hæfniskröfur

- Tækni- eða viðskiptamenntun á háskólastigi
- Þekking og reynsla á sviði ferlagreiningar og umbóta
- Hæfni til að leiða hóp vinnu og leiðbeina öðrum
- Reynsla af verkefnisstjórnun eða sambærilegum störfum æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Þekking á Sharepoint

Æskilegir eiginleikar

- Afburðagóð samstarfshæfni og jákvætt viðhorf
- Frumkvæði, áreiðanleiki, drifkraftur og sjálfstæði í verki
- Metnaður, seigla og framsýni til að ná árangri í starf
- Góð greiningar- og ályktunarhæfni

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ítarlegri ferilskrá ásamt greinargóðu kynningarbréfi sem tilgreinir á skilmerkilegan hátt hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur um menntun, reynslu og eiginleika.

Sótt er um starfið á vef Samskipa, samskip.is. Umsóknarfrestur er til og með **26. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórarinn Þórarinnsson, thorarin.thorarinsson@samskip.com

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdri þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuástandi.

ENNEAM / SÍA / NMB0260



Teymisstjóri í heimahjúkrun – Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir eftir teymisstjóra í heimahjúkrun í samþættri heimaþjónustu. Við samþætta heimaþjónustu starfa hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og almennt starfsfólk með það að markmiði að veita örugga og góða þjónustu við fólk í heimahúsum. Markmið samþættrar heimahjúkrunar og heimaþjónustu er að veita þjónustu til íbúa, einfalda aðgengi að þjónustu til einstaklinga í heimahúsum, til að einstaklingur geti verið eins lengi heima og mögulegt er. Um er að ræða 80-100% starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis hefur að markmiði að veita íbúum hverfanna fyrirmyndarþjónustu og stuðla að góðu samfélagi fyrir alla í samvinnu við íbúa, félagasamtök og hagsmunaaðila. Unnið er á grundvelli þverfaglegs samstarfs sérfræðinga og áhersla lögð á heildarsýn og samþætta þjónustu

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirumsjón með starfsemi teymis og þeirri hjúkrunarþjónustu sem teymið veitir
- Fagleg ábyrgð á veittri þjónustu teymis
- Framkvæmd og eftirfylgd hjúkrunaráætlana
- Tengiliður í þverfaglegu samstarfi
- Samskipti við heilbrigðisstofnanir

Hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi æskileg.
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla sem hjúkrunarfræðingur
- Reynsla af hjúkrun og gerð hjúkrunaráætlana
- Reynsla af teymisvinnu og af útdælingu verkefna
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Þekking á sjúkraskrákerfinu SÖGU
- Þekking og reynsla af RAI mælitæki æskileg
- Sjálfstæði og sveigjanleiki í vinnubrögðum
- Góð samskipta- og skipulagshæfni
- Faglegur metnaður og frumkvæði
- Íslenska, gott málfar og góður frágangur á texta
- Góð almenn tölvukunnátta

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragna Lilja Garðarsdóttir deildarstjóri í síma 411-1500 og tölvupósti ragna.l.gardarsdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf
Umsóknarfrestur er til 4. mars n.k.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.



SÖLUSTJÓRI FYRIR MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG

Brimborg óskar eftir að ráða öflugan sölustjóra fyrir Mazda, Citroën og Peugeot bifreiðar

STUTT STARFSLÝSING

- Dagleg stjórnun, söluráðgjöf og rekstur söludeildar
- Samskipti og heimsóknir til fyrirtækja
- Dagleg samskipti við viðskiptavini, samstarfsmenn og birgja
- Pantanir og birgðastýring
- Markaðsgreining og uppbygging vöruframboðs

HÆFNISKRÖFUR

- Viðskiptamenntun eða rík reynsla af rekstri og stjórnun ásamt reynslu af sölu- og markaðsmálum
- Framúrskarandi stjórnunar- og leiðtogaþæfileikar
- Skipulagshæfileikar, nákvæmni og áreiðanleg vinnubrögð
- Ósérhlífni, heiðarleiki, áreiðanleiki, stundvísi, jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð innsýn og skilningur á viðskiptatengslastjórnun (CRM) í sölu- og markaðsstarfi
- Viðtæka þekkingu af notkun vef- og samfélagsmiðla. Reynsla af notkun viðskiptahugbúnaðar eins og MS Dynamics Ax eða Navision er kostur
- Framúrskarandi enskukunnátta
- Lokið prófi bifreiðasala er æskilegt en ekki skilyrði

Vinnutími kl. 9.00-17.00 virka daga og annan hvern laugardag kl. 11.30-16.15.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Sæktu um á brimborg.is fyrir 28. febrúar næstkomandi.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hóperðabíla og bátavéla. Uppitaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaþjónusta er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.



Firma PK Verk poszukuje pracownika do prac ziemnych przy swiatlowodach informacje w jezyku Polskim pod nr.

Tel: oraz Polski 8476550 oraz e-mail robert@pkverk.is



Snæfellsbær

Hjúkrunarfræðingur óskast við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík

Dvalar - og hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi í 80-100% starf. Um er að ræða framtíðarstarf.

Á Jaðri eru nú 22 heimilismenn. Heimilið var nýlega stækkað og allt tekið í gegn. Þar er vinnuástaða með því besta sem gerist.

Aðstoðum við útvegum húsnæðis.

Nánari upplýsingar veitir Inga Kristinsdóttir, forstöðumaður, í síma 857-6605 eða á jadar@snb.is

Umsóknir berist forstöðumanni Jaðars fyrir 10. mars n.k.

Ólafsvík er einn af þremur þéttbýliskjörnum sem mynda sveitarfélagið Snæfellsbæ.

Snæfellsbær er ungt sveitarfélag sem vefur sig utan um Snæfellsjökul: Staðarsveit, Búðir, Breiðuvík, Arnarstapi, Hellnar, Hellissandur, Rif, Ólafsvík og Fróðárhreppur. Í góðu veðri er Ólafsvík í tveggja tíma akstursfjarlægð frá Reykjavík – og veðrið er að sjálfsögðu alltaf gott undir Jökli!

Hér býr gott fólk sem er alltaf tilbúið til að bjóða nýja Snæfellsbæinga velkomna.

Í Snæfellsbæ er sérstaklega fallegt umhverfi þar sem Snæfellsjökul ber hæst, enda býður bæjarfélagið upp á alla flóru landsins þegar kemur að landslagi, fugla- og dýralífi.

Útivist og íþróttir er hægt að stunda hvenær sem er ársins, skíði og snjóbretti, gönguferðir, gólf, hestamennsku, sund og margt fleira. Nýtt glæsilegt íþróttahús er í Ólafsvík.

Öflugt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu og félagsstarfsemi með miklum blóma.



ERT ÞÚ MARKAÐSMANNESKJA MEÐ ÁSTRÍÐU FYRIR LEIKHÚSIÐ?

Þjóðleikhúsið leitar að öflugum liðsmanni í markaðsdeild leikhússins.

Helstu verkefni

- Kynningarmál, samskipti við fjölmiðla og gerð fréttatilkynninga.
- Fyrirtækja- og hópasala.
- Textagerð og umsjón með heimasíðu og samfélagsmiðlum.
- Verkefnastjórnun viðburða sem tengjast kynningarmálum.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði og samvinnu við markaðsstjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi og/eða reynsla af sambærilegu starfi.
- Reynsla og þekking á kynningar- og sölumálum.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun.
- Góð tölvukunnátta ásamt þekkingu og reynslu af markaðssetningu á samfélagsmiðlum.
- Jákvætt viðmót, frumkvæði, drifkraftur, sjálfstæði og metnaður í starfi.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- ráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsókn um starfið skal berast fyrir 20.febrúar.

Umsókn og fylgigögnum, ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi, má skila á netfangið leikhusid@leikhusid.is

Umsóknareyðublið má nálgast á www.leikhusid.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

RAFVIKJAR/KÆLIMENN

Óskum eftir að ráða rafvirkja/kælimann til viðhalds- og eftirlitsstarfa

Ekki er krafist sérhæfni, en nýr starfsmaður verður sérþjálfaður.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna í síma 587-8890 eða sendið rafpóst á gunnar@rafstjorn.is



www.rafstjorn.is



Rangárþing eystra



Leikskólastjóri við Leikskólann Örk

Staða leikskólastjóra við Leikskólann Örk á Hvolsvelli er laus til umsóknar. Leitað er að öflugum og framsýnum leiðtoga sem er tilbúinn til að leiða þróttmikið skólastarf og taka þátt í eflingu skólasamfélagsins í sveitarfélaginu.

Leikskólinn Örk er 5 deilda leikskóli þar sem starfa rúmlega 100 nemendur og 35 kennarar og starfsmenn. Uppeldisstefna Arkarinnar byggir á hugmyndafræði hugsmíðahyggju. Afar gott og metnaðarfullt samstarf er við Hvolsskóla og Tónlistarskóla Rangæinga. Stefnt er að því að verða heilsueflandi leikskóli og er það einnig unnið í samstarfi við Hvolsskóla

Starfssvið

- Vera faglegur leiðtogi, móta framtíðarsýn í takt við skólastefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá leikskóla og lög um leikskóla.
- Stjórn og ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi.
- Bera ábyrgt á starfsmannamálum, ráðningum og stjórnun starfsfólks.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun og kennslureynsla í leikskóla.
- Reynsla af stjórnun leikskóla æskileg
- Forystuhæfni og færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Sveigjanleiki, vísýni og áhugi á þróunarstarfi.

Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra sýn í leikskólamállum, er metnaðarfullur, skapandi og áhugasamur um nærsamfélagið. Æskilegt er að leikskólastjóri hafi búsetu í Rangárþingi eystra.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. júní 2017 eða eftir samkomulagi. Umsóknum skal skilað á skrifstofu sveitarfélagsins, Hlíðarvegi 16, 860 Hvolsvöllur, eða á netfangið isolfur@hvolsvollur.is. Umsóknir skulu merktar Leikskólastjóri.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um. **Umsóknarfrestur er til 5. mars 2017.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og launanevndar sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ísolfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra, í síma 488 4200 eða með tölvupósti á isolfur@hvolsvollur.is og Anna Kristín Helgadóttir leikskólastjóri í síma 488 4270 eða með tölvupósti á leikskoli@hvolsvollur.is.

Í Rangárþingi eystra búa um 1770 íbúar í einstaklega fallegu umhverfi. Stjórnsýsla sveitarfélagsins er staðsett á Hvolsvelli. Veitt er góð þjónusta við íbúa sveitafélagsins. Þar er einnig framsækinn grunnskóli og íþrótt- og tómstundastarf er öflugt. Mikil uppbygging og gott að búa á svæðinu aðeins 100 km frá Reykjavík.

VA ARKITEKTAR ehf.



Lipur starfsmaður óskast í hlutastarf til að sinna almennum skrifstofustörfum ásamt gerð reikninga, innheimtu og launaútreikninga.

Umsóknir sendist á netfangið: vaarkitektar@vaarkitektar.is fyrir 28.02.2017. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum svarað. www.vaarkitektar.is

Ert þú öflugasti launaráðgjafi landsins?

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi í krefjandi starf við ráðgjöf og þjónustu mannauðs- og launalausnanna Kjarna og SAP.

Kjarni er mannauðs- og launalausn framtíðarinnar sem samanstendur af öllu því sem íslensk fyrirtæki þurfa til að rækta mannauðinn. Kjarni hefur fengið frábærar viðtökur á íslenska markaðnum og höldum við ótrauð áfram við að gera lausnina enn betri.

SAP er eitt þekktasta vörumerki heims þegar kemur að viðskiptahugbúnaði. Applicon hefur þróað mjög öflugt launakerfi fyrir SAP viðskiptahugbúnaðinn og þjónustar í dag mörg stærstu fyrirtæki landsins.

Vegna aukinna umsvifa þurfum við að stækka hópinn – ert þú klár í slaginn?

Helstu verkefni

- / Ráðgjöf, uppsetning og þjónusta við launalausnirnar Kjarna og SAP
- / Þátttaka í innra starfi til eflingar ráðgjafahóps mannauðs- og launa
- / Áhugi á að gera frábæra hluti fyrir viðskiptavinum Applicon

Menntunar- og hæfniskröfur

- / Góð þekking og reynsla af launabókhaldi er nauðsynleg
- / Öguð vinnubrögð og skipulagshæfileikar
- / Hæfni í mannlegum samskiptum
- / Rík þjónustulund
- / Þekking á öðrum launakerfum en Kjarna og SAP er einnig kostur

Ert þú öflugasti mannauðsráðgjafi landsins?

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi í krefjandi starf við ráðgjöf og þjónustu mannauðs- og launalausnanna Kjarna og SAP.

Kjarni er mannauðs- og launalausn framtíðarinnar sem samanstendur af öllu því sem íslensk fyrirtæki þurfa til að rækta mannauðinn. Kjarni hefur fengið frábærar viðtökur á íslenska markaðnum og höldum við ótrauð áfram við að gera lausnina enn betri.

SAP er eitt þekktasta vörumerki heims þegar kemur að viðskiptahugbúnaði. Applicon þjónustar í dag SAP mannauðslausnir hjá mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins.

Vegna aukinna umsvifa þurfum við að stækka hópinn – ert þú klár í slaginn?

Helstu verkefni

- / Ráðgjöf, uppsetning og þjónusta við mannauðslausnirnar Kjarna og SAP
- / Þátttaka í innra starfi til eflingar ráðgjafahóps mannauðs- og launa
- / Áhugi á að gera frábæra hluti fyrir viðskiptavinum Applicon

Menntunar- og hæfniskröfur

- / Góð þekking og reynsla af mannauðsmálum er nauðsynleg
- / Öguð vinnubrögð og skipulagshæfileikar
- / Hæfni í mannlegum samskiptum
- / Rík þjónustulund

Umsóknarfrestur er til **5. mars 2017**

Applicon starfrækir skrifstofur í Reykjavík og á Akureyri

Nánari upplýsingar veitir Sveinn K Ögmundsson, sko@applicon.is eða í síma 845 8585.

Allar umsóknir og fyrirspurnir eru trúnaðarmál. Sækið um á vefnum okkar, www.applicon.is





RÁÐGJAFI VARAHLUTA OG ÞJÓNUSTU FYRIR MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku fyrir Mazda, Citroën og Peugeot að Bíldshöfða 8 í Reykjavík

STUTT LÝSING Á STARFI

- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef
- Lifandi og skemmtilegt starf

HÆFNISKRÖFUR

- Framhaldsskólapróf/iðmenntun sem nýtist fyrir starfið
- Almennur áhugi á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími kl. 7.45-17.00 virka daga.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Sæktu um á brimborg.is fyrir 28. febrúar næstkomandi.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppitaka býst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.



STÁL~ORKA

SKIPAVIÐGERÐIR
HVALEYRARBRAUT 37 220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 565-0399 GSM 892-7687

Stálorka óskar eftir

Stálorka óskar eftir að ráða menn til framtíðarstarfa vana smíði úr ryðfríu stáli og áli. Aðalstarfsvið er smíði á búnaði í skip og báta. Hægt er að senda inn umsóknir á stalorka@simnet.is eða hafa samband við Benedikt í síma 8927687 á virkum dögum milli 8 og 18.

Sölufulltrúi óskast til stafa

Starfslýsing:

- Afhending og móttaka bílaleigubíla.
- Gerð leigusamninga.
- Samskipti við erlenda og innlenda viðskiptavini.
- Almenn sala og eftirfylgni.

Hæfniskröfur:

- Framúrskarandi enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli.
- Góð Tölvukunnátta, þá einkum Word, Excel og Outlook
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund.
- Skipulögð vinnubrögð, geta unnið sjálfstætt, búa yfir frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Snyrtimennska.
- Hreint sakavottorð.

LavaAuto er ný og framsækin bílaleiga staðsett í Reykjanesbæ.

Hafir þú áhuga þá máttu senda okkur ferilskrá með mynd á netfangið: starf@lavaauto.is



LavaAuto - lðavöllum 11 - 230 - Reykjanesbær Sími: 519 4141

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Störf hjá Tollstjóra

Hjá Tollstjóra starfar hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu og standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsuefningu og góðan aðbúnað.



TOLLSTJÓRI



Hlutverk Tollstjóra er að vernda samfélagið og tryggja ríkinu tekjur. Gildi Tollstjóra eru traust, samvinna og framsækni. Ráðningar hjá embættinu taka mið af þeim.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og BHM.

Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Lögfræðingar

Starf lögfræðings getur m.a. falið í sér:

- Gerð úrskurða, svörun erinda og úrlausn álitaefna.
- Lögfræðilega ráðgjöf, m.a. varðandi tollamál, stjórnslururétt og persónuverndarrétt.
- Vinnu við umsagnir vegna kæru- og dómsmála.
- Hagsmunagæslu við vanskilainnheimtu.
- Verkefnastjórnun, þátttöku í vinnuhópum og þróun verkferla.

2 LITRAR
199 KR

SS LAMBALÆRI
FROSID
1199 KR

MARS 10PK
SNICKERS 10PK
399 KR
338G/355G

LASAGNE
FOR THE FAMILY
899 KR
1,6 KG



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



© Brad Holland

Traustasti gjaldmiðillinn

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um sérkennilegt hagkerfi á Yap - sem haldið hefur nafni smáeyjunnar á lofti.

Haustið 1956 auglýsti Austurbæjarbíó nýja kvikmynd í litum með Burt Lancaster. Myndin nefndist Konungur í Suðurhöfum eða His Majesty O'Keefe og var raunar tveggja ára gömul. Það þótti nokkuð nýtt þegar kom að Hollywood-myndum í íslenskum kvikmyndahúsum.

Myndin um Suðurfakonunginn fékk góða aðsókn og byggði á raunverulegum atburðum úr lífi ævintýramannsins Davids O'Keefe, Íra sem flakkaði milli eyja Kyrrahafsins en komst í álnir á smáeyjunni Yap.

Í myndinni brýtur O'Keefe skip sitt á Yap. Eyjarskeggjar gera hann að konungi og umgangast sem goðumlíka veru. Orð hans eru lög og O'Keefe kemur sér upp hersveit

tólf tryggja, kviknakinna lífvarða. Írinn reynist afbragðs stjórnandi og kennir þegnum sínum af vísdómi Vesturlandabúa.

Staðalmyndir um snjöllu hvítu mennina sem reynast sjálfkjörnir leiðtogar frumstæðra villimanna, eru gamalkunnar. Þekktar úr fjölda sagna, allt frá sögunum um Tarzan apabróður yfir í ævintýri Línu Langsokks, en faðir hennar sjóræninginn gerðist svertingjakóngur á Suðurfahafseyjum.

Í raun voru samskipti O'Keefe og íbúa Yap forvitnilegri en sú mynd sem Hollywood dró upp. Hann setti mark sitt á samfélagið, til góðs og illis. Sú saga er sérstaklega rifjuð upp af hagfræðingum, en það er hið sérkennilega hagkerfi Yap-eyju sem haldið hefur nafni hennar á lofti.

Yap er um 100 ferkílómetrar og vestust eyjaklasanna fjögurra sem mynda Sambandsríkið Mikrónesíu, eitt strjálbýlasta ríki veraldar með um 100 þúsund íbúa, 16 þúsund á Yap. Mikrónesía liggur norðan við Papúa-Nýju Gíneu, austan við Filippseyjar en vestan við Nárú og Marshallseyjar. Ríkið fékk sjálfstæði 1986, en treystir verulega á fjárhagslegan stuðning bandarískra stjórnvalda.

Fornleifafraeðingar eru ekki vissir um hvenær Yap byggðist. Líklegt er að fólk frá Indónesíu eða Filippseyjum hafi flust þangað um 1.500 árum fyrir Krist, en ekki er útilokað að það hafi gerst jafnvel þúsund árum fyrr. Lífsbaráttan hefur verið þægileg. Eyjan er gróðursæl með gnott matar. Ekki lögðust eyjarskeggjar þó í hóglífi, heldur reyndust snjallir verkfræðingar. Hús voru fullkomin og siglingatækni á háu stigi.

Niðþungt skotsilfur

Meðal þeirra staða sem siglingakapparnir frá Yap lögðu leið sína til, var eyjan Palá. Sú sigling tók fimm daga á árabátum við bestu veðurskilyrði. Á Palá voru námur af kalksteini, sem ekki var fáanlegur á Yap. Steintegundin fangaði hug sáfaranna sem hjuggu úr henni steinhringi með gati í miðjunni. Léttúðugri pistlahöfundar en sá sem hér stýrir lykllaborði hefðu vafalítið freistast til að kalla þá risastóra kleinuhringi.

Ýmsar tilgátur eru uppi um lögun steinhringjanna. Flestir hallast að því að hringformið vísi til tunglsins og að hringurinn í miðjunni hafi auðveldað flutninga. Ekki veitti af því steinhringirnir gátu verið mörg tonn að þyngd.

Þessum ferlíkjum komu Yapverjar fyrir í bátkenum og sigldu



STEINHRINGIRNIR URÐU

STÖÐUTÁKN OG TIL

MARKS UM AUÐ OG VÖLD.

með heim. Steinhringirnir urðu stöðutákn og til marks um auð og völd. Þeir urðu gjaldmiðill í stærri viðskiptum. Batar, hús eða heimanmundur dætra: allt mátti greiða með vænum steinhring. Í grófum dráttum fór verðgildi steinanna eftir stærð, en ekki alfarið. Þannig var horft til fagurfræðinnar og steinar með glitrandi kristöllum voru í mestum metum. Þá skipti máli hversu erfitt hafði reynst að afla steinhingsins. Hvort menn hefðu farið við ferðalagið frá Palá.

Þar sem steinbjörgin voru erfið í flutningum, hirtu eyjarskeggjar ekki um að færa þau til þótt steinarnir gengju kaupum og solum. Allir í þorpinnu vissu þó hver ætti hvaða stein. Mannfræðingar sem heim sóttu Yap löngu síðar furðuðu sig á hvernig hvert mannsbarn virtist kunna nákvæm deili á eigendasögu steinanna. Raunar þurftu steinarnir ekki að vera sjáanlegir. Þess voru dæmi að steinhringir hefðu sokkið í hafi, en teldust fullgildir hluti hagkerfisins. Eigandi hins sokkna steinhings var jafnríkur.

Af þessu má sjá að peningakerfi Yapverja var þróað og hefur vakið aðdáun hagfræðinga samtímans. Eyjarskeggjar gerðu sér grein fyrir því að peningar eru fyrst og fremst hugmynd sem stendur og fellur með því að samfélagið viðurkenni verðmætið. Að fólkíð á Yap hafi notað grjótklump á botni sjávar sem gjaldmiðil er ekki flónska heldur fyllilega sambærilegt við nútímakaupsýslu þar sem risaupphæðir á tölvuskjám skipta um eigendur án þess að bak við þær liggi handföst verðmæti.

Gestir í paradís

Portúgalskir sáfarar uppgötvuðu Yap fyrstir Vesturlandabúa á fyrri hluta sextándu aldar. Upp frá því hafa stórveldi skipst á að skilgreina eyjuna sem hluta af sínu valdssvæði, oft án þess að heimamenn hafi veitt því mikla athygli.

Um miðja átjándu öld ákváðu Spánverjar að kristna íbúa Yap og reistu kristnibóðsmiðstöð. Ári síðar, þegar færa átti mannskapnum vistir, kom í ljós að heimamenn höfðu drepið þá alla og tilrauninni því

sjálfhætt. Betur tókst að koma á viðskiptum. Sjórinn umhverfis Yap er fullur af sæbjúgum, sem Spánverjar gátu selt fyrir stórfé. Til að losna við samkeppni kappkostuðu Spánverjar að halda viðskiptunum leyndum.

Vikur þá sögu að David O'Keefe. 1871 kom hann til Yap. Að eigin sögn og samkvæmt Hollywood-útgáfunni, skipbrotsmaður, sá eini úr áhöfninni sem náði landi, en sagnfræðingar efast og hallast að því að hann hafi einfaldlega komið siglandi og sest að.

O'Keefe var sáfarari og kaupmaður í leit að söluvarningi og þá sérstaklega sæbjúgum eða hráefnum til að vinna kókoshnetuoliu. Hvort tveggja mátti finna á Yap.

Fljótlega rak hann sig á að heima-menn höfðu lítinn áhuga á að útvega kókoshnetur og sæbjúgu. Yapverjar kærðu sig lítið um vestrænt glingur. Raunar tókst O'Keefe að koma þeim upp á lagið með að drekka áfengi og nota skotvopn, en meira þurfti til.

O'Keefe settist að í stærsta þorpi eyjarinnar og tók sér eiginkonur (þrátt fyrir að vera kvæntur). Hann var fljótur að læra inn á steinhringja-hagkerfið og sá viðskiptahugmynd. Með hjálp vestrænna skipa væri hæðarleikur að flytja fleiri og stærri steinhringi frá Palá. Hann sá um flutninginn og var greitt í sæbjúgum og kókoshnetum.

Viðskiptin gerðu O'Keefe ríkan. Velgengni hans varð til þess að beina athygli stórvelda að eyjunni. Að lokum komst Yap undir þýsk yfirráð, O'Keefe hugðist þá snúa aftur til Bandaríkjanna en fór í hafi.

O'Keefe er enn í metum hjá Yapverjum, þrátt fyrir að hafa kennt þeim dýrkeypta lexíu: lögmálið um verðbólgu. Þegar stærri og fleiri steinhringir tóku að streyma frá Palá, hlaut verðmæti þeirra sem fyrir voru að falla. Eigendur eldri hringjanna sáu verðmæti þeirra brenna upp. Verð á húsum og bátum rauh upp og dýrara varð að gefa stúlkur í hjónaband. Sem betur fer var peningakerfi Yapverja fullkominna en okkar. Innan fárra ára kváðu þeir niður verðbólguhrauginn með því að meta nýju steinhringina minna en gömlu.

Hin góðu eftirmæli O'Keefes kunna að skýrast af samanburði við tíma þýsku valdstjórnarinnar. Þjóðverjar pindu eyjarskeggja að vinna í sína þágu en sópuðu fótunum undan gamla peningakerfinu með því að banna siglingar til annarra eyja. Nýir steinpeningar hættu að bæstast við kerfið, sem markaði upphafið að endalokunum. Í dag er gildi steinhringjanna fyrst og fremst táknrænt, auk þess að vekja áhuga ferðamanna.



Sjóðurinn veitir tvennskona styrki

- Til rannsóknarverkefna sem tengjast vinnuumhverfi eða aðbúnaði félagsmanna VM og þróun námsefnis og kennsluáferða til menntunar þeirra.
- Til ýmiss konar brautryðjenda- og þróunarstarfs sem hefur samfélagslegt gildi, menningarstarfsemi eða listsköpunar.
- Einstaklingar, fyrirtæki, rannsóknar- og menntastofnanir geta sótt um styrk úr sjóðnum.

Umsóknir berist Akki, Styrktar- og menningarsjóði VM, eigi síðar en 17. mars 2017.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu VM, www.vm.is, þar sem nálgast má umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar.



Landsfélag í vél- og málmæktæni

Allt fyrir konunginn í Nettó

Komdu konunni á óvart með glæsilegri máltíð!



-50%

JARÐARBER
250 GR.

249 KR
KG

ÁÐUR: 489 KR/KG



-20%

LAMBALÆRI
ÚRBEINAD MEÐ FETA OG
SÓLPURRKYÐUM TÓMÖMTUM

2.878 KR
KG

ÁÐUR: 3.598 KR/KG

FERSKLEIKI
EIGI MEINNA
KJÖTBANKINN



**ÓDÝRT Í
nettó**



*Dúndur
verð!*

LAMBALÆRI - FROSID

1.199 KR
KG



ÁÐUR: 1.394 KR/KG

Folaldakjöt með 20% afslætti



-20%

FERSKLEIKI
EIGI MEINNA
KJÖTBANKINN

FOLALDAPIPARSTEIK - FROSID

2.398 KR
KG



ÁÐUR: 2.998 KR/KG



FERSKLEIKI
EIGI MEINNA
KJÖTBANKINN

FOLALDAFILE - FROSID

3.198 KR
KG



ÁÐUR: 3.998 KR/KG



-30%

NAUTA MÍNÚTUSTEIK

2.659 KR
KG

ÁÐUR: 3.798 KR/KG



-20%

LAMBA PRIME - FERSKT

3.479 KR
KG

ÁÐUR: 4.349 KR/KG



PFANNER SAFI
5 TEGUNDIR - 1 L.

199 KR
KG

ÁÐUR: 249 KR/KG

-20%



COOP FLÖGUR
4 TEGUNDIR - 175 GR.

279 KR
KG

ÁÐUR: 399 KR/KG

-30%



KINDER EGG - 3 STK.

395 KR
KG

ÁÐUR: 449 KR/KG



**ÓDÝRT Í
nettó**

KJÚKLINGUR - HEILL

694 KR
KG

ÁÐUR: 798 KR/KG

Tilboðin gilda 16. - 19. febrúar 2017

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



Ný kynslóð frá Whirlpool

App stýrð Supreme Care þvottavél og þurrkari

TÍMI NÝSKÖPUNAR Í ÞVOTTATÆKNI ER HAFINN

Við boðum einfaldari og þægilegri þvottadaga framundan með framúrskarandi tækjum sem tengjast saman í gegnum **6th SENSE Live** tækni og þú stjórnar í gegnum app. Á meðan þvottavélin vinnur hljóðlátlega þökk sé **Zen** tækni, stillir þurrkarinn sjálfkrafa á það þvottakerfi sem hentar þvottinum best. Þess vegna er nýja Whirlpool Supreme Care línan fullkomin til þess að hugsa um flíkurnar sem þér þykir vænt um.




SENSING THE DIFFERENCE

 **Heimilistæki** ht.is
7 VERSLANIR UM LAND ALLT

TÍMAMÓT



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín G. Gunnbjörnsdóttir
hárgreiðslumeistari, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á Landspítalanum síðastliðinn laugardag. Útför fer fram í Hafnafjarðarkirkju á mánudaginn næstkomandi kl. 13.00.

Vilhjalmur G. Vilhjálmsson
Anna María Vilhjálmssdóttir
Ingimar Ingimarsson

Maria Jakobsdóttir
Silvía Kristjánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,

Guðrúnar Helgadóttir
Sandlæk, Gnúpverjahreppi.

Erlingur Loftsson

Elin Erlingsdóttir
Valgerður Erlingsdóttir
Loftur Erlingsson
Sigurjón Helgason og fjölskylda
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

Bjarni Jón Matthíasson
Brian R. Haroldsson
Helga Kolbeinsdóttir



Það er aldrei að vita nema að öflugum tónlistarfólki fjölgi töluvert hér á landi við stofnun MÍT.

Stofnun nýs Menntaskóla í tónlist fagnað í Hörpu

Á sunnudaginn verða haldnir sameiginlegir tónleikar Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólans í Reykjavík þar sem sameiningu þessara tveggja skóla verður fagnað. Sameinaður Menntaskóli í tónlist mun bjóða upp á stúdentsnám í tónlist í fyrsta sinn hér á landi.

Það eru tveir eldri tónlistarskólar sem koma saman að stofnun þessa nýja Menntaskóla í tónlist, MÍT – annarsvegar Tónlistarskólinn í Reykjavík og hinsvegar Tónlistarskóli FÍH. Við stöndum saman að þessum tónleikum á sunnudaginn sem okkar fyrstu aðgerð til að kynna þennan nýja skóla sem hefur formlega starfssemi næsta haust. Við munum bjóða upp á fjölbreytt úrval af ólíkri tónlist enda koma skólarnir svoltið sitt úr hvorri áttinni. Tónlistarskólinn í Reykjavík hefur verið um áratugaskeið eitt helsta vígi klassískrar tónlistarmenntunar á Íslandi og hefur menntað mjög stóran part af klassískum tónlistarmönnum þjóðarinnar mjög lengi og tónmenntakennurum og svo framvegis – á meðan FÍH hefur lagt áherslu á það sem við köllum rytmiska tónlist; sem er jazz og popp og ýmislegt annað.

Þá er um þessar mundir bæði stofnun nýs Menntaskóla í tónlist sem og veglega kynningartónleika fyrir þessi stóru tímamót í tónlistarlífi okkar Íslendinga. „Þetta er nýr hlutur sem verður boðið upp á og það er stúdentspróf í tónlist. Nú hafa áður verið til tónlistarbrautir í menntaskólum í lengri og skemmri tíma – þær hafa komið og farið. Þetta snýr í raun og veru öfugt núna; það sem verður í boði núna er stúdentspróf þar sem tónlistin er algjörlega í forgrunni. Það er miklu stærri hluti af tónlist og minni hlutur af akademískum bóklegum fögum. Nemendurnir eru í rauninni nemendur okkar sem sækja samt vissa tíma í menntaskóla frekar heldur en öfugt eins og var og er sjálf-sagt ennþá á tónlistarbrautunum þar sem nemandinn er í menntaskóla en fær metna einhverja áfanga úr tónlistarskóla. Þetta snýr hinsegin hjá okkur núna og þetta eru okkar nemendur og þeir fá metna áfanga úr menntaskóla. Við höfum samið við Menntaskólann við Hamrahlíð um að sjá um þá kennslu fyrir okkur. Þannig að þetta er gríðarlega

Þetta er gríðarlega spennandi tækifæri fyrir unga metnaðarfulla Íslendinga sem sjá fram á líf í tónlist.

spennandi tækifæri fyrir unga metnaðarfulla íslendinga sem sjá fram á líf í tónlist. Þeir sem eru að koma upp úr grunnskóla og í framhaldsskóla eiga kosta á að sækja um svona nám, það verður inntökupróf og síðan valið úr innsækjendum endanlega.

Það verða tvær brautir í boði, annarsvegar stúdentsprófsbraut og hinsvegar almenn braut sem er kannski líkari því sem er í þessum skólum í dag, fyrir þá nemendur sem stefna á framhaldsnám í tónlist. Þannig að það verða fleiri en einn möguleiki í boði. Það sem er nýjast í rauninni er þessi stúdentsnámsbraut.

Skólarnir munu fyrst um sinn starfa í því húsnæði þar sem þeir eru, þeir eru á sittthvorum staðnum. FÍH er í Rauðagerði og Tónlistarskólinn í Reykjavík er í Skipholti. En framtíðarplön eru að komast í sameiginlegt og sérhannað húsnæði fyrir þetta – hvort sem það væri nýbygging eða eldra húsnæði lagað að þessum þörfum. Það eru auðvitað einhverjir galdrar sem geta byrjað strax en maður sér þetta auðvitað springa út ennþá meira ef þetta kæmi á sama stað og þá eru gríðarlegir möguleikar fyrir hendi.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 14 á sunnudaginn í Kaldalóni, Hörpu og eru þeir ókeypis og öllum opnir á meðan húsrúm leyfir.

stefanthor@frettbladid.is

Meirgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 Þjónusta allan sólarhringinn

www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi



SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNISLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson

www.utfarin.is

Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNAFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



*Við erum til staðar
þegar þú þarft á
okkur að halda*

Snævar Jón Andrésson

Útfarar- og lögfræðisþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánar-bússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.



Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



hartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát sonar, bróður, barnabarns og frænda,

Ragnars Egilssonar
Holtsflöt 9, Akranesi.

Anna Arnardóttir
Örn Egilsson
Margrét Egilsdóttir
Svana Jónsdóttir

Egill Guðnason
Sif Agnarsdóttir
Guðjón Birgir Tómasson
Örn Óskar Helgason
og frændsystkini.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar,

Hönnu Pálsdóttur

myndlistarkonu og fyrrverandi bankastarfsmanns.

Páll Jónsson, Anna Pála Vignisdóttir
og fjölskylda.

POTTA

OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN



YFIR
100
TEGUNDIR

20-50% afsláttur

af ÖLLUM pottum og pönnum

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ

Tilboðin gilda í takmarkaðan tíma!

POTTASETT
GRILLPÖNNUR
GUFUSUÐUPOTTAR
DJÚPAR PÖNNUR
HRAÐSUÐUPOTTAR
WOK-PÖNNUR
POTTJÁRN
LEIRPOTTAR
KOPARPOTTAR-
OG PÖNNUR

Eitt mesta úrval landsins af hágæða pottum og pönnum frá:



KitchenAid



Jamie Oliver

evatrio

Tefal

Sjáðu allt úrvalið á
www.byggtogbuid.is

byggto**g**búid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid





Ástkær unnusta mín, móðir,
tengdamóðir, amma, systir
og mágkona,

Sigríður Pálsdóttir
frá Patreksfirði,

lést að heimili sínu, Blásölum 19,
Kópavogi, þann 9. febrúar síðastliðinn
og verður hún jarðsungen frá Patreksfjarðarkirkju
laugardaginn 25. febrúar kl. 14.00. Breiðarfjarðarferjan
Baldur fer úr Stykkishólmi kl. 10.00 og til baka að lokinni
erfirdrykkju kl. 19.00 frá Brjánslæk.

Bjarki Pétursson

Rúnar Freyr Hauksson

Arnar Eyberg

Aðalsteinn Pétur Bjarkason

Svanbjört Brynja Bjarkadóttir

Hjalti Bergsteinn Bjarkason

Berglind Björk Bjarkadóttir

og barnabörn.

Jeanette Kemi

Guðrún Elin Sindradóttir

Gísli Arnarsson

Katrín Haraldsdóttir

Ari Már Arason

og barnabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem
sýndu okkur samúð og hlýhug við
andlát og útför elskulegrar systur
minnar og frænku okkar,

Guðrúnar Tryggvadóttur
tannlæknis.

Sérstakar þakkir til starfsfólks K1
á Landakoti.

Sigrún Kristín Tryggvadóttir

Tryggvi Hafstein

Kristín Ásta Hafstein

Auður Bjarnadóttir

Ingólfur T. Jörgensson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Kristný I. Rósinkarsdóttir
(Didi)

Vesturgötu 36, Keflavík,
áður Hólavöllum, Garði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
mánudaginn 30. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hinnar látnu.

Esther Aðalbjörnsdóttir

Guðmundur Árni Sigurðsson

Jón Aðalbjörnsson

Haraldur Aðalbjörnsson

Jakobína Aðalbjörnsdóttir

Rósinkar Aðalbjörnsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Aldís Árnadóttir

Sigrún Harðardóttir

Ólöf Guðrún Albertsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

Ásta Jónsdóttir

Sólvangi, Hafnarfirði,
áður Miðvangi 41,

lést 12. febrúar síðastliðinn. Hún verður
jarðsungen frá Hafnarfjarðarkirkju
fimmtudaginn 2. mars kl. 11.00.

Erla G. Sigurðardóttir

Hjálmar Jón Sigurðsson

Kristín M. Sigurðardóttir

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Loftur Magnússon

Ríta Kværne

Ómar R. Agnarsson



Okkar ástkæra

Asta Marie Faaberg

lést 7. febrúar á heimili sínu,
Kaplaskjólsvégi 52, Reykjavík.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Hjartanlegar þakkir fyrir samhyggð
og hlýjar kveðjur. Sérstakar þakkir sendum
við starfsfólki heimahlýningar krabbameinsdeildar
Landspítalans fyrir frábæra alúð og umhyggju.

Árni Kristinsson

Gísli Þór Jónsson, Ingela Bjurenborg, Andór og Freyja

Gunnar J. Árnason, Soffía Karlsdóttir, Árni Freyr,

Nína Hjördis, Sunnefa og Júlía

Kristinn H. Árnason og Árni Dagur

Snorri Örn Árnason og Ármann Örn

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða
hringja í síma 512 5000.

Nokkuð góðir fyrstu tónleikar hjá Sigurðisi

Sigurðis Sóley Lýðsdóttir ákvað eftir fréttaplutning af góðu starfi Slysavarnafélagsins Landsbjargar að gera eitthvað til að styrkja félagið. Úr varð að hún setti saman styrktar-tónleika með öllu helsta tónlistarfólki landsins auk þess sem forseti Íslands mun mæta.

Slysavarnafélagið Landsbjörg er búið að vera svo öflugt í vetur, það eru öll þessi stóru mál sem maður hefur tekið svo persónulega – það er náttúrulega hvarf Birnu og síðan strax á eftir var snjóflóðið í Esjunni. Það kom mér í raun á skrið,“ segir Sigurðis Sóley Lýðsdóttir, 27 ára stuðningsfulltrúi, sem ákvað upp á sitt eindæmi að halda tónleika til styrktar Slysavarnarféluginu Landsbjörgu.

Og því lík byrjun hjá Sigurðisi í tónleikahaldi – tónleikarnir fara fram í Eldborgarsal Hörpunnar og fram koma Jón Jónsson, Páll Óskar Hjálmtýsson, Stefán Hilmarsson, Eyþór Ingi, María Ólafsdóttir, Friðrik Dór, Jóhanna Guðrún, Haukur Heiðar og Ragnar Bjarnason. Auk þess mun forseti Íslands flytja stutta tölu í upphafi tónleikanna. Kynnir verða Sigurðis og Eva Ruza Miljevic, en Eva mun hita upp fyrir tónleikana á Snapchat-reikningi sínum, evaruza.

Hvernig förstu að því að fá listamennina og forsetann sjálfan til að mæta?

„Það var algjört leyndarmál hjá mér einni, ég byrjaði bara að senda skilaboð á Facebook á tónlistarfólk til að skoða viðbrögðin og sendi líka skilaboð á Guðna forseta. Ég fékk bara svo jákvæð viðbrögð frá öllum. Guðni vildi endilega fá að fylgjast með framvindu mála og hvernig þetta gengi, honum fannst þetta frábært framtak, sem peppaði mig alveg enn þá meira. Síðan fékk ég ráðleggingar frá Ingu á NASA og ég fór eftir ráðum hennar hvernig ég gæti staðfest listamenn og nálgast þá betur. Svo hafði ég samband við Hörpu og þau voru jákvæð strax frá byrjun og vildu endilega gera eitthvað til þess að hjálpa þannig að þau gáfu eftir leigu af Eldborgarsalnum og tækjabúnaði. Allir sem koma að þessu, bæði tónlistarfólk og ég erum að gefa vinnu okkar.“

Á síðu viðburðarins á Facebook mun ljósmyndarinn Sigurður Ólafur Sigurðsson birta ljósmyndir frá starfi Lands-



Sigurðis heldur sína fyrstu tónleika í Eldborgarsal Hörpunnar og forsetinn mætir, ekki slæmt það. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ég byrjaði bara að senda skilaboð á Facebook á tónlistarfólk til að skoða viðbrögðin og sendi líka skilaboð á Guðna forseta. Ég fékk bara svo jákvæð viðbrögð frá öllum

bjargar ásamt skýringum við þær, en hann er sjálfbodaliði hjá Landsbjörg og tekur hreint magnaðar myndir af vinnu björgunarsveitarinnar.

„Mér finnst persónulega myndirnar

hjálpa fólki við að fá innsýn í störf Landsbjargar sem ég sé betur og skýrar núna eftir þetta starf mitt,“ segir Sigurðis. Aðspurð hvort hún leggi mögulega tónleikahald fyrir sig eftir þetta ævintýri svarar hún því að það sé aldrei að vita, „en ég er alveg búin að sjá að þetta er ótrúleg vinna,“ segir Sigurðis og hlær.

Tónleikarnir fara fram í Eldborgarsal Hörpunnar 1. mars. Miðaverð er 6.500 krónur og má nálgast miða á harpa.is. Fyrirtækjum er bent á að hafa samband við miðasölu Hörpunnar til að fá nánari upplýsingar um sérstaka styrktarpakka sem þeim standa til boða.

stefanthor@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Róbert Sigmundsson

Skúlagötu 40, Reykjavík,

lést sunnudaginn 5. febrúar á
Landspítalanum. Útförin hefur farið
fram í kyrrþey að ósk hins látna.

þeim sem vilja minnst hans er vinsamlegast bent á
Krabbameinsfélagið. Hjartans þakki fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug.

Birgir Róbertsson

Birna Róbertsdóttir

Ellert Róbertsson

Guðbjörg R. Róbertsdóttir

Bryndís Theódórsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug við andát og útför
ástkærs föður okkar, tengdaföður,
afa og langafa,

Örnólfs Thorlacius

fyrirverandi rektors MH.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á
hjúkrunarheimilinu Grund fyrir þá einstöku umönnun
sem honum var veitt af hlýju og virðingu.

Sigurður Thorlacius

Arngrímur Thorlacius

Birgir Thorlacius

Lárus Thorlacius

Sif Eiríksdóttir

Elisabet Axelsdóttir

Rósa Jónsdóttir

Þóra Árnadóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Kæri maðurinn minn og faðir,

Gunnar Zoega

lökk, endurskoðandi,

Þorragötu 7, Reykjavík,

er látinn.

Hebba Herbertsdóttir

Gylfi Zoega Gunnar Már Zoega



Ástkær eigenmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

Markús Sigurðsson

Rjúpnasölum 10,

lést mánudaginn 13. febrúar.

Sjófn Ottósdóttir

Markús Þór Markússon

Ottó Svanur Markússon

Sigurður Gunnar Markúss.

Erla María Markúsdóttir

Guðrún Markúsdóttir

Ingibjörg Jónasdóttir

Sigríður Eysteinsdóttir

Þórir H. Guðmundsson

Bjarni Ólafsson

og barnabörn.



Okkar ástkæri

Ásbjörn Arnar

lést þann 29. janúar sl. Útförin hefur
farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

F.h. aðstandenda,

Hulda Svansdóttir

Hvert er þitt uppáhald?





KROSSGÁTA

LÁRÉTT

- 1 Gott diskódjamm slær öllu við utan þessa kúluspils (10)
- 11 Rúmsjór brenndi no.1 vegna fiskeris þar (11)
- 12 Af hraustum keltum og þeirra styrkjandi sjúsum (10)
- 13 Leyfa langlífi innan viðeigandi stofnana (11)
- 14 Þessi stafur er bara fyrir fina fólkið, Alli minn (10)
- 15 Margsannað kan afhjúpar ljóslesinn og léttuglaðan (9)
- 16 Friður stáls og áls minnir á kopar og brons (8)
- 18 Númer eitt þá er mastersnám til leiðinda (3)
- 20 Snemma koma snakill, sé rigning ónóg á ársgrundvelli (9)
- 22 Þagga róg um afar óþýða fola (8)
- 26 Finnur skýringu á eignaupptöku í lestri (10)
- 27 Skynsemiskynsemin er einsog skynsemin? (11)
- 28 Tel svikið loðskinnið passa við alræmdan lygarann (10)
- 31 Bryna verðlaun og sérhæft leirtau (11)
- 33 Reipiskatlar og margþættir taugaendar (12)
- 35 Sá hreyfingarlaus í 36 lóðrétt ruglaði látaust (6)
- 37 Hvað um Ole, Egon og blálökin? (6)
- 39 Þessi skrill hefur hóað saman í heilan her (9)
- 41 Viðræður breyta engu, þetta er engu að síður bjór (6)
- 42 Legg treyju við tappa til að fordast hokur (6)
- 43 Þetta er nú meira vodaveðrið, endalaust rok og rigning! (9)
- 44 Hér má veiða hamingju, ekki erfitt að læra það (8)
- 45 Sá sem á fimar þurrkar stirðar út í tómu rugli (6)
- 46 Tel að þessi gróp beri öll merki um lygar (9)

LÓDRÉTT

- 1 eru þessir krimmar ráðnir upp á litinn hlut? (9)
- 2 Ginna stillt og síðhærð (9)
- 3 Í húsi jafninga er gnægð viðeigandi íláta (9)
- 4 Kjötkrús úr blíkki fyrir Snúð og Snældu (7)
- 5 Hér hvíla englar frá Búkarest (9)
- 6 Í verkfæraskúr bæjarins er gott að vera (10)
- 7 Hans heita ofn er óhægt að skoða án þessa hlífðarfatnaðar (12)
- 8 Tókum krók framhjá þeim sem voru bogin (8)
- 9 Spyrja sig um órlög þeirra sem lækkuðu (7)
- 10 Hvað, á ég að ráða í stöður vegna þessara skinna? (7)
- 17 Dæmði jafnt unga kokka sem aldna (9)
- 19 Munur á fæðu og guðafæðu er enginn, það er skoðun fólks með vit á slíku (8)
- 21 Stöðtæki frá Össuri má breyta í stílvoðn forfedra (9)
- 23 Setjum þetta inn í korn, segir einn ansi ábúðarfullur (8)
- 24 Hugsa um Jón hinna háleitu markmiða (8)
- 25 Ýta við staur (6)
- 26 Þá leið að því að sá ringlaði fjölgaði sér (6)
- 29 Fegra holskeflu falskra fyrirheita (9)
- 30 Geispa vegna anda filldirfsku (9)
- 32 Í 3. og 5. fyrirllestri af mörgum (8)
- 34 Rænd rán í glerinu (7)
- 35 Brýtur kjaftakerru í smátt (6)
- 36 Stöðvaði þann sem ruglaði óheft í 35 lárétt (6)
- 37 Dame Melba er í ruglinu, enda guðdómleg (5)
- 38 Lækkum í þessum bollum (5)
- 40 Miskunn hins skammstafaða dýrlings hefur verið tryggð (5)
- 43 Snæfellsbær er með bein í nefinu (3)




Lausnarorð síðustu viku var SKATTASKJÓL



VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi að þessu sinni eintak af **Dalalíf Tæpar leiðir eftir Guðrónu frá Lundi** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Gunnar Frimannsson, Akureyri**.



LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt upp birtast algeng hægingi. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 23. febrúar næstkmandi á krossgata@frettabladid.is merkt „18. febrúar“.

Facebook síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

KOMDU Í KOLAPORTIÐ

- dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11-17

Þrautir


Bridge Ísak Örn Sigurðsson

Sumir spilamenn halda því fram að gera eigi ráð fyrir bestu legu í vondum samningi og verstu legu í góðum samningi. Sagnhafar í þremur gróndum á austurhöndina í næstsiðustu umferð sveitakeppni Bridgehátíðar voru í vondum samningi en þó voru möguleikar í bestu legu. Gera þurfti ráð fyrir 6-2 legu í spaðalitnum hjá andstæðingunum og að lauffliturinn myndi gagnast sagnhafa. Ef norður hefur sagnir á einu hjarta og austur segir eitt grand sem vestur hækkar í þrjú grónd, eru upplýsingarnar miklar fyrir sagnhafa. Vestur gjafari og enginn á hættu:

- Norður**
♠ 96
♥ G1098653
♦ ÁD5
♣ K
- Vestur**
♠ Á2
♥ A2
♦ 1043
♣ 1098765
- Suður**
♠ KDG874
♥ -
♦ 9762
♣ G32
- Austur**
♠ 1053
♥ KD74
♦ KG8
♣ ÁD4

Eftir útspil suðurs, spaðakóng, er ljóst að suður á megnið af spaðapunktunum. Ef hann á öll mannsþilin eru einungis 11 punktar eftir hjá opnarunum. Þá er líklegt að hann eigi afganginn af punktum. Sagnhafi gefur fyrsta slaginn til að slíta samganginn í spaðalitnum hjá vörninni, tekur annan slaginn á spaðaás og spilar laufi. Þegar norður birtist með kónginn, þá er mikilvægt að suður komist ekki inn á laufflitinn. Norður fær því að eiga slaginn á laufkónginn! Norður á ekki spaða og sagnhafi „veit“ að hann á bæði háspilin í tigli. Þegar sagnhafi kemst inn, tekur hann ÁD í laufi til að frita litinn, spilar sig inn á hjartaás og tekur sína 10 slagi. Ef norður spilar hjarta, verður sagnhafi að drepa heima, frita laufið og fara inn í blindan á hjartaás. Legan var hagstæð fyrir sagnhafa og mikilvægt að nýta hana. Þrjú grónd voru spiluð á 24 borðum af 83. Einungis 3 sagnhafar stóðu þann samning (10 slagir) en flestir fóru 3 niður.

Skák Gunnar Björnsson Hvítur á leik



Nataliya Bukxa (2.300) átti leik gegn Sopiko Guramshvili (2.370) á HM kvenna í Teheran.

Hvítur á leik
Sú úkranská leik **126. Kxe3??** og gafst upp eftir **126. ... Hxa2**. Hins vegar tryggir **126. Ke1!** jafntefli þar sem hvítur er patt eftir **126... Hxa2**. NM í skólaskák hófst í gær í Drammen í Noregi. Mótinu lýkur á morgun. **www.skak.is:** Fylgst með NM í skólaskák.

Sudoku

LÉTT

		5		3		1	8	
3					1			4
4		2	7					
		4	6		2	8		3
			1		7			6 9
	6		3		9		5	
	4			2	7		1	
8			1	5	6			7

MIDLUNGS

								6
	5			9				8
6		8		2		4	5	
				8		4	3	
		7	4	9				2
	9	1		5		6		
				6		3		
	2			5				
5	9			1				

ÞUNG

		4		3	6			5
	2			5		6	4	8
								2
	4	7	6					
				8	9	4		
6				2				
		9	7					
				9	2		8	
8	6				3	5		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

6	2	3	7	8	4	9	1	5	8	7	3	1	9	5	6	2	4
1	7	4	3	9	5	6	8	2	9	7	1	4	6	2	5	3	8
8	9	5	6	1	2	7	3	4	5	2	3	9	1	8	4	7	6
4	3	2	8	5	6	1	9	7	1	6	9	5	7	4	3	8	2
7	1	8	9	4	3	2	5	6	2	4	7	3	8	6	1	5	9
9	5	6	1	2	7	8	4	3	8	3	5	1	2	9	6	4	7
2	6	9	4	3	1	5	7	8	7	5	2	6	9	3	8	1	4
5	4	1	2	7	8	3	6	9	3	9	8	2	4	1	7	6	5
3	8	7	5	6	9	4	2	1	4	1	6	8	5	7	9	2	3
8	7	3	1	9	5	6	2	4	5	6	1	4	8	2	7	9	3
6	2	4	9	6	3	7	5	8	1	2	4	9	6	3	7	5	8
9	2	8	5	7	4	1	3	6	7	8	6	2	4	9	3	1	5
1	3	7	8	2	6	4	5	9	1	3	7	8	2	6	4	5	9
6	5	4	9	1	3	8	7	2	6	5	4	9	1	3	8	7	2
7	8	6	2	4	9	3	1	5	7	8	6	2	4	9	3	1	5
3	9	5	7	6	1	2	4	8	3	9	5	7	6	1	2	4	8
4	1	2	3	5	8	9	6	7	4	1	2	3	5	8	9	6	7

OKKAR SÉRSVIÐ ER HÁRÆÐASLITSMEÐFERÐIR

HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA

PANTAÐU FRÍAN TÍMA Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA 893-0098

Snyrtistofan Hafblik

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



**LJÚFFENG
SÚKKULAÐIKAKA**

998

kr. 700 g

Konudagskakan
700 g



GOTT VERÐ Í BÓNUS

**MUNUM EFTIR
KONUDEGINUM**



1.398

kr. vöndur

Túlípanar
10 stk.



298

kr. 250 g

Jarðarber
250 g



898

kr. pk.

Anthon Berg Konfekt
16 flöskur í pakka

BONUS EKKERT BRUÐL



Opunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gildir til og með 19. febrúar eða meðan birgðir endast

Konráð og félagar á ferð og flugi ²³⁷

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta,” sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana,” bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi,” sagði hann. „Til er ég.” Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,” sagði hún. „Allt í lagi,” sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,” sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

				6			3
	5	8		3	4		2
	7		2	5		8	
9	1			3			4
			1	2			9
		3		6		2	7
1				4			8
	3		5	9			4
7	4	9					



Best í fótbolta og að segja brandara

Matthildi Emblu

finnst skemmtilegast að spila fótbolta og syngja og dansa. Hún er enginn aðdáandi þess að ganga frá. Þá er fiskurinn í skól- anum yfirleitt eitthvað skrýttinn.

Matthildur Embla Benediktsdóttir er 11 ára og gengur í Norðlingaskóla. Hún ætlar að vera í Mývatnssveit í vetrarfríinu og leika sér við Mola, uppáhaldshundinn sinn, fara í fjós og fjárhús, horfa á norðurljós og leika sér með vinkonum sínum og systur, Kolfinnu Kötlu.

Hvað horfir þú helst á í sjónvarpinu? Jessie eða Eldað með Ebbu. Hjá pabba nýti ég mér að hann er með Stöð 2 og horfi þá á þær tvær, Satt eða logið og Ísskápastríð.

Áttu sérstök áhugamál? Fótbolta og að dansa og syngja.

Ef þú værir sögupersóna í ævintýri, hver myndir þú helst vilja vera? Hmm, ég veit ekki. Trúlega Þöll í leikritinu um Hróa hött sem Leikhópurinn Lotta setti upp. Hún var töffari. Ég kann eiginlega öll lög með Leikhópnum Lottu.

Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur lent í? Veit ekki. Held að það hafi ekkert furðulegt gerst fyrir mig.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Pastað hennar mómmu.



Matthildur Embla í baunastólum sínum sem hún notar til að lesa bækur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hvaða matur finnst þér verstur? Fiskurinn í skólanum. Hann er alltaf eitthvað skrýttinn.

Í hverju ertu best? Ætli það sé ekki að spila fótbolta og segja brandara.

Hvað finnst þér leiðinlegast að gera? Að ganga frá.

Áttu einhver gæludýr? Já, ég á

kisu sem heitir Kola.

Hvað langar þig mest að verða þegar þú verður stór? Skóla- eða leikskólakennari.


Hvað langar þig alls ekki að verða þegar þú verður stór? Skurðlækni. Því þá þarf maður að sjá hjarta í öðrum. Ég er enginn aðdáandi blóðs nefnilega.

Brandarar

1. Hvernig stendur á því að þú veist allt um nágrannana? Ég passaði páfagaukana þeirra um síðustu helgi.

2. Hvernig veistu að fill hefur verið í ísskápnum? Það eru fótspor í smjörinu.

3. Ég var að fréttu að maðurinn þinn missti málið í sex vikur. Hann sagði mér ekkert frá því.



Uppáhaldsbókin Alexandra Dóra

Í hvaða skóla ertu, Alexandra? Ég er í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesinu.


Hver er uppáhaldsbókin þín? Bókin Tvíburar takast á – stríðið er hafið, eftir Geoff Rodkey. Þetta er rosalega myndin bók og sýnir hvernig það er í alvörunni að vera tvíburi. Ég þekki það vegna þess að ég er tvíburi sjálf og er oft að rifast við bróður minn.

Ef þú ætlaðir að skrifa bók, um hvað yrði hún? Ég myndi skrifa bók um súperhetju sem myndi berjast við hrekkjusvin.

Hverslags bækur þykir þér skemmtilegastar? Bækur með miklum hómor sem maður gleymir sér í og les fram á miðjar nætur.

Ferðu oft á bókasafnið? Ekki nógu oft. Mér finnst rosalega gaman að gramsa á bókasafninu og finna skritnar bækur.

Hver eru helstu áhugamálín? Dans. Ég er alltaf að dansa og hef æft síðan ég var í leikskóla.



Alexandra Dóra Sæmundsdóttir með bókina sína.

Apótek
Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðarbæjar í alfaraleið



Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

ALLT FYRIR ÁSTINA

VANTAR ÞIG EITTHVAÐ TIL AÐ GLEÐJA ELSKUNA ÞÍNA
Í DAG? ÞÚ FINNUR ÞAÐ Í VÖLDUM VERSLUNUM 10-11.



COKE 1 L
OG 3 HRINGIR
999 KR.



BLÖÐRUR
Í ÚRVALI

LITRÍK OG
FALLEG BLÓM



GÓMSÆTT
KONFEKT



REYKJAVÍK

Laugalækur 9
Glæsibær
Austurstræti 17
Laugavegur 116
Lágmúli 7

Barónsstígur 4
Grímsbær
Héðinshús
Hjarðarhagi 47
Eggertsgata 24

Miklabraut 100
Kleppsvegur
Birkimelur 1
Bústaðavegur 20
Grjótháls 8

Suðurfell 4
Laugavegur 180
Við Vesturlandsveg
Borgartún 26
Bankastræti 11
Seljavegur 2

KÓPAVOGUR

Hjallabrekka 2
Dalvegur 20
Hagasmári 9

HAFNARFJÖRÐUR

Fjörður 13-15
Staðarberg 2-4
Melabraut 29
Reykjavíkurvegur 58

GARÐABÆR

Litlatún

REYKJANESBÆR

Hafnargata 55
Flugstöð Leifs Eiríkss.
Fitjar

AKUREYRI


Kaupangur

AKRANES

Skagabraut 43

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Norðaustankaldi með slyddu við norðausturströndina í morgun, en annars yfirleitt hægviðri víðast hvar í dag og úrkomulítið. Hiti yfirleitt 0 til 7 stig, mildast með suðurströndinni.

Heimurinn

Kaupmannah. Oslo 4°	Stokkhólmur 5°	Gautaborg 2°	Helsinki 5°	Dórhöfn 7°	Nuuk -5°
London 11°	Amsterdam 8°	Paris 10°	Berlin 4°	Madrid 12°	Brussel 7°
Róm 14°	Boston -6°	New York -1°	Orlando 13°	Moskva 2°	Singapúr 26°
Tókyó 4°	Sydney 22°				

Flóð & fjara

Flóð	Fjara
Reykjavík	
11.10	05.00
3,20m	1,37m
24.47	17.17
3,13m	1,40m

Akureyri	
15.34	09.21
1,17m	0,55m
04.13	21.31
1,22m	0,52m

Ísafjörður	
00.53	07.08
1,69m	0,70m
13.06	19.18
1,69m	0,68m

Tunglstaða



Minnkandi
59%

Sólarupprás:

09.12

Sólarlag:

18.11

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
☁	☁	☁	☁	☁
5° ↗ 9	4° → 12	4° ↗ 6	-0° ← 15	-0° ← 11

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
☁	☁	☁	☁	☁
-0° ← 8	-0° ↑ 5	-1° ← 9	-5° ← 18	-5° ← 12

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
☁	☁	☁	☁	☁
2° ↖ 2	-0° ↖ 1	-1° ← 10	-6° ← 8	-7° ← 6

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
☁	☁	☁	☁	☁
3° ↑ 6	-0° ↘ 6	0° ← 12	-5° ↓ 10	-6° ↙ 9

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
☁	☁	☁	☁	☁
3° ↓ 2	3° → 11	1° ← 7	-2° ← 3	-3° ↙ 7

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Börn eiga rétt á vernd gegn einokla.

Myndasögur


PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LAUGARDAGA KL.12:20

VÍGLÍNAN

Þjóðmálapáttur undir stjórn Heimis Más Pétursson og Höskuldar Kára Schram í opinni dagskrá og beinni útsendingu á Stöð 2 og Vísi alla laugardaga kl. 12:20.

GLÆ-
NY!

E.O. Chirovici

Morð sem aldrei var upplýst
Bók sem aldrei var lokið
Gáta sem aldrei var leyst

Speglabókin

SANNLEIKUR EINS – LYGI ANNARS

„Einn helsti krimmi ársins.“
THE TIMES

HVAÐ
ERT ÞÚ
AÐ LESA?

„Tilprifarík frumraun, snjöll og vel skrifuð...
Einn helsti krimmi ársins.“

The Times

„Snjöll og faguð glæpasaga, sögð á sama hátt
og Picasso málaði myndir sínar.
Ég mæli eindregið með henni.“

Lee Child

„Óvæntar vendingar, frábærlega vel skrifuð.“

The Sun

Speglabókin

VILDARVERÐ: 3.299.-

Verð: 3.899.-



Svartalogn

VILDARVERÐ: 3.119.-

Verð: 3.899.-

KOMIN
Í KILJU!



Ópello

VILDARVERÐ: 3.299.-

Verð: 3.899.-




Passíusálmarnir

VILDARVERÐ: 3.299.-

Verð: 3.899.-

KOMIN
Í KILJU!



8 vikna blóðsykur kúrin

VILDARVERÐ: 3.599.-

Verð: 4.299.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda til og með 19. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Unga kynslóðin tengir við þetta flóð upplýsinga og mynda

Því meira, því fegurra, nefnist sýning á verkum Errós sem verður opnuð í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur í dag. Danielle Kvaran sýningarstjóri segir að þar sé verið að skoða ákveðin leiðarstef í verkum listamannsins.



Danielle Kvaran sýningarstjóri fyrir framan verk Errós á sýningunni Því meira, því fegurra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Laugavegur/Skipholt Hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag svæðis meðfram samgöngu- og þróunarás við Laugaveg

Reykjavíkurborg auglýsir eftir þátttakendum fyrir forval lokaðrar hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag svæðis við Laugaveg/Skipholt. Samkeppnin er haldin í samstarfi við Arkitektafélag Íslands.

Hugmyndasamkeppnin gengur út á að fá fram spennandi og framsæknar hugmyndir um skipulag á svæðinu. Markmið er að stuðla að uppbyggingu blandaðrar byggðar íbúða, verslunar og annarrar atvinnustarfsemi ásamt þróun á sýndar Laugavegs yfir í borgargötu sem eru í samræmi við meginstefnu gildandi Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030.

hugmyndasamkeppni.is



Leiðarljós, markmið og tilhögun samkeppninnar ásamt öllum nánari upplýsingum um lágmarkskröfur og hæfni þátttakenda koma fram í drögum að keppnislýsingu sem er aðgengileg á www.hugmyndasamkeppni.is

Áhugasamir aðilar skulu fylla út skjal sem er aðgengilegt á ofangreindu vefsvæði og senda nöfn þátttakenda og greinargerð, ásamt samantekt á þátttöku og árangri í samkeppnum og öðrum sambærilegum verkefnum til Umhverfis og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, skipulagsfulltrúi, Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík merkt „Laugavegur/Skipholt, forval“ fyrir lok dags 6. mars 2017.

Magnús
Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Erró fæddist í Ólafsvík árið 1932, lærði myndlist í Handiða- og myndlistarskólanum en innritaðist í listaakademíuna í Ósló aðeins tvítugur að aldri. Tveimur árum síðar hélt hann til Ítalíu, stundaði nám við listaakademíuna í Flórens og einnig í Ravenna. Erró fluttist til Parísar í Frakklandi árið 1958. Erró er fyrir margt löngu orðinn Íslendingum öllum kunnur enda ferill hans með eindæmum glæsilegur. Árið 1989 gaf Erró Reykjavíkurborg stórt safn verka sinna, um tvö þúsund talsins en safnið hefur vaxið jafnt og þétt og eru listaverkin nú um fjögur þúsund. Safnið er í varðveislu Listasafns Reykjavíkur sem hefur með nokkuð reglubundnum sýningum leitast við að gefa sem besta mynd af fjölbreyttum áherslum í verkum listamannsins.

Söfnuð ofgnótt

Í dag verður opnuð í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur sýning á verkum Errós undir yfirskriftinni: Því meira, því fegurra. Sýningarstjóri er Danielle Kvaran og hún segir að meginþema sýningarinnar að þessu sinni sé ofgnótt mynda og smáatriða innan hvernar myndar í verkum Errós. „Ég valdi þrjátíu verk úr þessu mikla safni sem sýna vel þennan tiltekna þátt í list Errós. Elsta verkið er frá 1950 og það sýnir vel þessa löngun og þörf fyrir að fylla myndflötinn. En svo eru það skreytimyndirnar sem sýna okkur hvað best þessa tilhneigingu hjá honum sem listamanni.“ Danielle segir að þessi ofgnótt í myndfletinum sé eitt sterkasta einkennið á Erró og það séu fáir ef nokkrir samtímamenn hans sem nálgist þetta með svipuðum hætti. „Erró býr yfir svo einstaklega sterkri tilhneigingu til þess að safna myndum hédan og þaðan og nýta þær svo til þess að búa til sínar klippimyndir. Þetta eru myndir sem hann hefur safnað á ferðum sínum, úr ýmsum áttum og margar eru úr dagblöðum og tíma-

EN MEÐ ÞVI AÐ BEITA SAMSÖFNUN OG METTUN HEFUR HANN FUNDIÐ UPP FRUMLEGT SJÓNÆR TUNGUMÁL SEM AFHJÚPAR OG GAGNRÝNIR GANGVERKIÐ Í NÚTÍMASAMFÉLAGI. STRAX Í FYRSTU VERKUNUM SÁST HRINFNING HANS Á OFHLÖÐNUM OG YFIRMETTUDUM ÍMYNDUM, SEM LEIDDI HANN AÐ LISTAMÖNNUM Á BORD VIÐ TINTORETTO, RUBENS OG BOSCH. BANDARÍSKI HEIM-SPEKINGURINN ARTHUR DANTO BJÓ MEIR AÐ SEGJA TIL HUG-TAKIÐ POPP-BARROKK TIL ÞESS AÐ LÝSA VERKUM ERRÓS.

ritum. Þær endurspeglar allt mannlega litrófið, hvort sem það lýtur að stjórnáttum eða samfélagi, er sögulegt, vísindalegt, menningar-tengt eða erótískt. Þetta myndasafn er svo hið sjónræna burðarvirki í margbrotnum verkum Errós.“

Danielle segir að þessi ofgnótt snúist einnig um ofgnóttina af verkum Errós. „Hann hefur skapað þúsundir verka og ver löngum stundum í vinnustofu sinni við að klippa, setja saman, teikna, mála og vinna við bækur. Hann hefur einnig fjöldaframleitt hluta verka sinna, einkum myndir og leirmuni, sem gera verk hans aðgengileg bæði frá sjónrænu og fjárhagslegu sjónarmiði.“

Gagnrýnin ofhleðsla

Annað af einkennum Errós er hversu pólitískur hann er í sínum verkum og Danielle segir að þetta tvennt sé vissulega tengt. „Verk Errós eru oft hans svar við okkar mikla fjölmíðla- og neytlusamfélagi með allri sinni ofhleðslu og áreiti sem fylgir. Eins og flestir popplísta menn er Erró upptekinn af neytlu- og fjölmíðladrifnu samfélagi. En með því að beita samsöfnun og mettun hefur hann fundið upp frumlegt sjónrænt tungumál sem afhjúpar og gagnrýnir gangverkið í nútímasamfélagi. Strax í fyrstu verkunum sást hrifning hans á ofhlöðnum og yfirmettudum ímyndum, sem leiddi hann að ➔



Verk eftir Erró. Odelscape, 1982-1983, oliuallkýð á striga.

➔ listamönnum á borð við Tintoretto, Rubens og Bosch. Bandaríski heimspekingurinn Arthur Danto bjó meira að segja til hugtakið popparokk til þess að lýsa verkum Errós.

Í verkum hans er þannig oft að finna ákveðna kaldhæðni og jafnframt samfélagslega gagnrýni sem ætti að vekja okkur til umhugsunar. Svo hefur hann einnig gert þessar pólitísku myndir sem eru byggðar á myndum sem hann hefur safnað að sér og eru tengdar pólitík, tónlist og mörgu fleiru en samsetningin skapar þessu nýja og áhrifaríka merkingu. Í elstu myndinni sem við erum með á sýningunni má strax sjá þessa þörf eða löngun til þess að takast á við og jafnvel gagnrýna samtímann, þannig að þetta leiðarstef í verkum listamannsins er svo sannarlega til staðar á þessari sýningu. "

Höfðar til samtímans

